

**SKOÐUN** Það er ekki eins og við séum að drepast út af því hvað við erum mörg, skrifar Pawel Bartoszek. 17



**MENNING** Kjartan Sveinsson er hættur í Sigur Rós eftir fimmtán ára veru í sveitinni. 38



**SPORT** Landsliðsþjálfari Íslands spáir Dönum heimsmeistaratitlinum í handbolta. 34





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
25. janúar 2013
21. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Fá bætur**
Eigendur ökutækja sem urðu fyrir skemmdum vegna malbiksblæðinga á þjóðvegum fá tjón sitt bætt. 2

**Laus úr fangelsi** Frönsk kona sem setið hefur í mexíkósku fangelsi í sjö ár vegna aðildar að mannráni hefur verið látin laus. 6

**Viðskiptaþvinganir?** Evrópumálaráðherra Írlands er vongóð um að lausn finnist á makríldeilunni. Hún vonast til að ekki þurfi að beita viðskiptaþvingunum. 8

**Gegn ólöglegu niðurhali** Höfundar, flytjendur og framleiðendur íslenskrar tónlistar, kvikmynda og bóka höfu í gær átak gegn ólöglegri dreifingu hugverka. 10




16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NV | 4 |
| Akureyri | -1° | | SSV | 6 |
| Egilsstaðir | -1° | | SV | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | | A | 4 |
| Reykjavík | -1° | | A | 5 |

**Éljagangur** um hluta landsins í dag en bjart með köflum SA- og A-lands. Bætir í úrkomu í kvöld. Fremur hægur vindur og kólnandi. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Lífið | Fólk**





Bahá'í

Nýtt Ísland

Umræður um:
PERSÓNUKJÖR
Sunnud. 3. feb. kl. 14
Bahá'í miðstöðinni
Hamraborg 1, 4.h.
www.bahai.is


# Of hart gengið fram í niðurskurði á LSH

Sjúkrarúm á Landspítalanum eru helmingi færri en fyrir sameiningu spítala. Of hart gengið fram í niðurskurði, hagræðingu og fækkun rúma, segir formaður Læknafélagsins og spyr hvort ráðamenn treysti sér til að bera ábyrgðina ef illa fer.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmafjöldi á Landspítalanum árið 2011 var einungis fimmtíu prósent af því sem gömlu Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur höfðu yfir að ráða árið 1999, síðasta starfsárið sem þessar stofnanir voru reknar sjálfstætt. Þetta kemur fram í grein formanns Læknafélags Íslands, Þorbjörns Jónssonar, sem birtist í blaðinu í dag.

„Þótt framfarir í læknisfræði séu vissulega örar og ýmislegt megi nú framkvæma með styttri innlögn eða jafnvel á dagdeild er harla ólíklegt að það geti skýrt svona mikla fækkun. Miklu líklegra er að of hart hafi verið gengið fram í niðurskurði, hagræðingu og fækkun sjúkrarúma undanfarin ár,“ segir Þorbjörn jafnframt. Læknar og aðrar heilbrigðisstéttir hafi ítrekað varað við því hvaða ástand gæti hér skapast vegna of mikils sparnaðar í heilbrigðiskerfinu. „En því miður virðast varnaðarorðin ekki alltaf ná eyrum ráðamanna.“

„Hver ber ábyrgðina ef illa fer vegna mikils niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu, lítils viðbúnaðar eða of fárra sjúkrarúma? Er það læknirinn sem sinnir sjúklingum, yfirmenn spítalans eða ráðamenn þjóðarinnar? Svarið hlýtur að liggja í augum uppi. [...]Er ekki augljóst að ábyrgðin liggur hjá ráðamönnum þjóðarinnar? Treysta þeir sér til að axla ábyrgðina ef illa fer vegna þess hve hart er búið að ganga fram í niðurskurði til heilbrigðismála?“

- þeb / sjá síðu 18






**VETRARSNYRTING Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM** Starfsmenn Skrúðgarða Reykjavíkur stóðu í ströngu við að snyrta trén í Hljómskálagarðinum í gær. Þegar ljósmyndara bar að garði fengu trén nyrst við Sóleyjargötu sína vetrarsnyrtingu og munu að öllum líkindum blómstra fallega í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skipti, móðurfélag Símans, komið í fjárhagslega endurskipulagningu:

# Kröfuhafar munu eignast Skipti

**VIÐSKIPTI** Gangi áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu Skipta hf. eftir munu eigendur skuldabréfaflokks félagsins eignast það að langmestu leyti. Þeir eru aðallega íslenskir lífeyrissjóðir og smærri fagfjárfestar. Skipti, sem er móðurfélag Símans, Skjá Miðla og Mílu, tilkynnti í gær að fjárhagsleg endurskipulagning væri að hefjast. Alls nema skuldir samstæðunnar um 62 milljörðum króna.

Gert er ráð fyrir að endurskipulagningin lækki skuldir Skipta um tugi milljarða króna. Björtustu vonir standa til þess að endurskipulagningunni muni ljúka á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, eða innan rúmlega mánaðar.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta, segir nokkuð augljóst að núverandi eigendur muni þynnast allverulega út ef endurskipulagningaráformin ganga eftir. „Skuldabréfaeigendurnir þyrftu að breyta kröfum sínum í hlutafé og verða við það eigendur. Ég held að það sé nokkuð augljóst að það myndi þynna núverandi eigendur allverulega út.“ - þsj / sjá síðu 12

**62** milljarðar króna eru skuldir Skipta um síðustu áramót.



**BAND OF HORSES** Spilar í Hörpu þann 11. júní.

Tónleikar á döfinni í sumar:

# Band of Horses á leið til Íslands

**MENNING Bandaríska hljómsveitin Band of Horses heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 11. júní. Þetta verða fyrstu tónleikar sveitarinnar á Íslandi en hún nýtur mikilla vinsælda víða um heim. Plata sveitarinnar Infinite Arms frá 2010 var tilnefnd til Grammy-verðlauna.**

**Hinn 3. júní kemur tónlistarmaðurinn Daniel Johnston fram í Fríkirkjunni. Johnston hefur glímt við geðræn vandamál og er hálfgerður utangarðsmaður í tónlistarbransanum.** - fb / sjá síðu 38

Kerfið kiknar undan brotum:

# Aldrei fleiri til Barnahúss

**LÖGREGLUMÁL** Aldrei hefur verið jafn mikil eftirspurn eftir þjónustu Barnahúss og nú í janúar. Ólöf Ásta Farestveit, forsvarskona Barnahúss, segir umræðu síðustu vikna hafa skilað fjölda umsókna, símtala og fyrirspurna í húsinu.



**ÓLÖF ÁSTA FARESTVEIT**

Ólöf segir starfsfólk ekki anna eftirspurninni að óbreyttu. Nauðsynlegt sé að stækka húsnæðið og bæta við fleiri starfsmönnum.

Fjöldi símtala frá áhyggjufullum foreldrum og starfsfólki skóla tók strax að aukast eftir umfjöllun Kastljóss í byrjun janúar. - sv / sjá síðu 4



## SPURNING DAGSINS



Gestur, færðu ekki gestahlutverk í myndinni?

**„Að sjálfsögðu, glöggt er gests augað.“**

Gestur Valur Svansson hefur selt Hollywood-stjörnunni Adam Sandler handrit að bíómynd sem ber vinnuheitið The Last Orgasm.

Vegagerðin biðst velvirðingar á skemmdum sem urðu á þjóðvegunum og ollu tjóni á ökutækjum:

# Vegagerðin bætir tjón vegna tjörublæðinga

**SAMGÖNGUR** Eigendur ökutækja sem urðu fyrir skemmdum vegna malbiksblæðinga á þjóðvegum síðustu daga fá tjón sitt bætt, að því er fram kemur í tilkynningu frá Vegagerðinni.

Vegagerðin hefur samið við sitt tryggingafélag, Sjóvá, um að bæta tjón á ökutækjum „sem sannanlega má rekja til framangreindra blæðinga dagana 18.-23. janúar“.

Vegagerðin segir ákvörðun þessa tekna þrátt fyrir að orsök blæðinganna liggi ekki nákvæmlega fyrir. Hún hafi ekki fordæmisgildi.

Vegagerðin biður vegfarendur velvirðingar á ástandinu sem skapaðist og óþægindum sem það olli.

Þeim sem hafa orðið fyrir tjóni af þessum völdum er bent á að hafa samband við Sjóvá og fylla þar út tjónaskýrslu.

Vegagerðin býður ökumönnum þeirra ökutækja sem eru verulega óhrein af völdum tjörunnar að fá beiðni fyrir þrifum á næstu starfsstöð Vegagerðarinnar. - þj



**TJÖRUKLESSUR** Vegagerðin mun bæta það tjón sem varð á ökutækjum vegna tjörublæðinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### ➜ Olían þolir ekki veðrabreytingar

Vegagerðin segir að tjörublæðing úr malbiki hafi þekkst um langt skeið en ástandið nú sé óvenju slæmt. Notkun repjuolíu og lífolíu í bundið slitlag á 40-45 km kafla á árunum 2010-2011 er sögð vera meginorsök blæðinganna. Olían hefur ekki þolað tíðar veðrabreytingar. Sýni úr malbikinu hafa verið send erlendis til frekari rannsóknar.



**REIÐUBÚINN** Þessi Moptabúi, Sadou að nafni, er einn fjölmargra sem er með vopn við höndina ef til þess kæmi að uppreisnarmenn réðust á bæinn. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar Mopta í Malí hafa vopnbúist af ótta við Al Kaída:

# Óttast áhlaup uppreisnarmanna

**MALÍ Íbúar í bænum Mopti í Malí hafa gripið til vopna og búið sig undir áhlaup íslamskra uppreisnarmanna.**

**Þessi 120 þúsund manna bær með blómlegum ferðamannaiðnaði er einungis fimmtíu kílómetrum frá borginni Konna, sem vígamenn tengdir Al Kaída náðu á sitt vald 10. janúar.**

**Árásin á Konna varð til þess að Frakkar, fyrrverandi nýlenduherrar Malí, gripu inn í með loftárásum og nú hefur sljákkað mjög í uppreisnaröflunum.** - sh

Hefur umboð til samninga:

# Aukafjárframlög í augsýn

**KJARAMÁL** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segist nú hafa umboð frá stjórnvöldum til að semja við hjúkrunarfræðinga spítalans. Slíkt mun kosta ríkissjóð hundruð milljóna króna. RÚV sagði frá þessu í gærkvöldi.

Rúmlega 250 hjúkrunarfræðingar sögðu upp á Landspítalanum í nóvember. Stjórnendur spítalans hafa sagt að aukafjárframlag þurfi frá ráðuneytinu til að hækka launin. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagði á Alþingi í gær að aukaframlög væru til umræðu þótt engar tölur hefðu verið nefndar. - bþh

Dæmdur í annað sinn:

# Myndaði 14 ára stelpur í ljósum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt þrítugan Ísfirðing í fimm mánaða fangelsi fyrir að taka myndir af fjórtán ára stelpum þar sem þær lágu naktar í ljósabekk. Það er sama refsing og maðurinn hlaut í héraði.

Maðurinn tók samtals 96 ljósmyndir af stúlkunum tveimur án þeirra vitundar og geymdi þær í tölvu sinni. Hann er sakfelldur fyrir blygðunarsemisbrot og vörslu barnakláms.

Hann hlaut árið 2008 eins mánaðar skilorð fyrir að dreifa nektarmyndum af íslenskri stúlku í heimildarleysi. - sh

# Íbúum fjölgar mest í Kópavogi og Garðabæ

Landsmönnum fjölgaði um ríflega tvö þúsund á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2012. Þar af fjölgaði íbúum á höfuðborgarsvæðinu um 1.830 og íbúum á landsbyggðinni um 180. Íbúum fjölgaði sérstaklega mikið í Kópavogi og Garðabæ.

**SAMFÉLAGSMÁL** Íbúum búsettum á Íslandi fjölgaði um alls 2.010 á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2012. Íbúum í Reykjavík fjölgaði um 815 og íbúum í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins um samanlagt 1.015 á tímabilinu. Íbúum á landsbyggðinni fjölgaði um 180.

Þetta leiðir nýuppfærð íbúaskrá Þjóðskrár í ljós en stofnunin gefur 1. desember ár hvert út lögbundna íbúaskrá fyrir sveitarfélög landsins. Liggur skráin meðal annars til grundvallar skiptingu fjármuna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þá miðast kosningaréttur íslenskra ríkisborgara sem hafa átt lögheimili erlendis við skrána.

Íbúum fjölgaði í 41 af 75 sveitarfélögum landsins en fækkaði í 34. Hlutfallslega fjölgaði íbúum mest í Eyja- og Miklaholtshreppi á Vesturlandi eða um 18,18%. Þar búa nú 156 einstaklingar. Íbúum fækkaði hins vegar mest í Kjósarhreppi eða um 7,27%. Þar búa nú 204.

Flóahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Bolungarvík voru í hópi annarra sveitarfélaga þar sem íbúum fjölgaði hlutfallslega mikið. Íbúum fækkaði aftur á móti hlutfallslega mikið í Kjósarhreppi, Ásahreppi, Sandgerði, Breiðdalshreppi og Skorradalshreppi.

Sé einungis litið á stærstu sveitarfélög landsins fjölgaði íbúum hlutfallslega mikið í Kópavogi og Garðabæ en fækkaði í Skagafirði og í Ísafjarðarbæ.

magnusl@frettabladid.is



**KÓPAVOGUR** Mest fjölgun íbúa varð í Kópavogi á síðasta ári miðað við heildarfjölda íbúa sveitarfélagsins. Samtals fjölgaði þeim um 474 íbúa sem samsvarar 1,52%. Mest fólksfækkun var í Skagafirði þar sem íbúunum fækkaði um 17 eða 0,42%. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Mannfjöldaþróun í sveitarfélögum

| Sveitarfélag | Íbúar 1. jan 2012 | Íbúar 1. des 2012 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 118.814 | 119.629 | +815 = 0,69% |
| Kópavogur | 31.205 | 31.679 | +474 = 1,52% |
| Hafnarfjörður | 26.486 | 26.763 | +277 = 1,05% |
| Akureyri | 17.875 | 17.956 | +81 = 0,45% |
| Reykjanesbær | 14.137 | 14.232 | +95 = 0,67% |
| Garðabær | 11.283 | 11.450 | +163 = 1,48% |
| Mosfellsbær | 8.854 | 8.950 | +96 = 1,08% |
| Árborg | 7.783 | 7.833 | +50 = 0,64% |
| Akranes | 6.592 | 6.636 | +44 = 0,67% |
| Fjarðabyggð | 4.600 | 4.621 | +21 = 0,46% |
| Seltjarnarnes | 4.313 | 4.332 | +19 = 0,44% |
| Vestmannaeyjar | 4.194 | 4.219 | +25 = 0,60% |
| Skagafjörður | 4.024 | 4.007 | -17 = -0,42% |
| Ísafjarðarbær | 3.755 | 3.744 | -11 = -0,29% |
| Borgarbyggð | 3.470 | 3.482 | +12 = 0,35% |


Fiskbúðin Höfðabakka

Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu

Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070

Ýsuflök með roði

790 kr/kg

Lambalærisneiðar

1.490 kr/kg

Nautahakk 1. fl.

1.390 kr/kg

Kóngur í einn dag!


Hagdeild ASÍ gagnrýnir skattahækkanir ríkis og sveitarfélaga:

# Hið opinbera eykur verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL** Auknar opinberar álögur hafa hækkað hér verðbólgu síðustu ár um fimm til sex prósent, samkvæmt áætlun hagdeildar Alþýðusambands Íslands.

„Ríki og sveitarfélög hafa á síðustu árum aukið álögur á heimilin með ítrekuðum hækkunum á gjaldskrám og neyslusköttum. Þessar hækkanir skila sér beint út í verðlag og valda aukinni verðbólgu,“ segir í tilkynningu ASÍ í gær.

„Frá árinu 2008 hefur opinber þjónusta hækkað um ríflega 35 prósent auk þess sem auknar álögur á eldsneyti, áfengi og tóbak hafa valdið um þriðjungshækkun á þessum vörum á tímabilinu.“

Fram kemur í umfjölluninni að áhrifum af álögum opinberra aðila á verðlag megi skipta annars vegar í beinar hækkanir á gjaldskrám og hins vegar í ýmsa neysluskatta sem leggjast á verð vöru og þjónustu. Meðal aukinna álaga sem áhrif hafa til hækkunar á verðbólgu eru nefndar hækkanir sveitarfélaga á leikskóla- og vistunargjöldum, stóraukin sorphirðu- og holræsagjöld, hækkun á virðisaukaskatti og sérstakar álögur á eldsneyti, tóbak og áfengi.

„Opinberir aðilar hafa í upphafi þessa árs enn aukið álögur sem leitt hafa til hækkana á flestum þeim liðum sem hér er fjallað um,“ segir hagdeild ASÍ. - óká

## Áhrif hins opinbera á verðlag 2008-2012

| Kostnaðarliður | Hækkun 2008-2012 | | Vísitöluáhrif |
|---|---|---|---|
| Leik- og grunnskólar | 35-36% | | 0,3-0,4% |
| Sorphirða, holræsi og vatn | | 50% / 60% / 32% | 0,63% |
| Rafmagn og hiti | 66% | | 1,4% |
| VSK úr 24,5% í 25,5% | | | 0,2% |
| Áfengi og tóbak | 30%* | | 0,7-0,8% |
| Bensín og olíur | 32%* | | 1,2-1,3% |
| Heilbrigðisþjónusta | 34% | | 0,5% |

*Hækkun sem rekja má til hækkana á opinberum álögum

Heimild: Hagdeild ASÍ

# PUNGUR & HNETA FYRIR ÞORRANN

**Gerðu vel við karlpunginn í tilefni dagsins og gefðu honum pung eða hnetu frá Nova.**

**Góð leið til að rækta netsambandið!**

DAGUR & STEINI




**3G hneta** (ferðabox)

**12.990 kr.** stgr.
**990 kr.** á mán. í 12 mán.

Þú velur 3G internet áskrift
eða frelsi hjá Nova.

**3G pungur**

**6.990 kr.** stgr.
**590 kr.** á mán. í 12 mán.

Þú velur 3G internet áskrift
eða frelsi hjá Nova.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ
24.1.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,83 | 129,45 |
| Sterlingspund | 204,09 | 205,09 |
| Evra | 171,63 | 172,59 |
| Dönsk króna | 22,997 | 23,131 |
| Norsk króna | 23,163 | 23,299 |
| Sænsk króna | 19,771 | 19,887 |
| Japanskt jen | 1,4373 | 1,4457 |
| SDR | 197,6 | 198,78 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
234,0858

Norður-Kórea lætur sig refsiaðgerðir vegna flugskeytatilrauna engu varða:

# Boða fleiri tilraunir með kjarnavopn

**NORÐUR-KÓREA, AP** Norður-Kóreumenn boða fleiri tilraunir með kjarnorkusprengingar og flugskeyti, þrátt fyrir alþjóðlegar refsiaðgerðir sem bitna harkalega á bágum efnahag þjóðarinnar.

„Til að jafna ágreining við Bandaríkin þarf að beita valdi, ekki orðum,“ segir í yfirlýsingu frá landvarnanefnd Norður-Kóreu. Kim Jong-un, leiðtogi landsins, er formaður þeirrar nefndar.

Bandaríkin hafa brugðist harkalega við þessum yfirlýsingum og vara Norður-Kóreu við frekari kjarnorkutilraunum.

Norður-Kórea telur sig hafa fullan rétt til að koma sér upp kjarnorkuvopnum, einkum í þeim tilgangi að verjast Bandaríkjunum, höfuðandstæðingi landsins í Kóreustríðinu.

Stríðið stóð í þrjú ár og lauk með vopnahléi árið 1953, en friðarsamningur hefur aldrei verið undirritaður þannig að formlega stendur það enn yfir. Norður-Kórea gerði kjarnorkutilraun árið 2006 og aftur árið 2009, í bæði skiptin fáum vikum eftir að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu refsiaðgerðir gegn landinu vegna flugskeytatilrauna skömmu áður. Sama atburðarás hófst seint á síðasta ári þegar Norður-Kórea gerði tilraun með flugskeyti. **- gb**



**HÖRÐ VIÐBRÖGÐ** Glyn Davies, fulltrúi stefnu Bandaríkjanna gagnvart Norður-Kóreu, ræðir við fréttamenn í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Fimmtíu manns á vitnalista:

## Reynt að fá Al-Thani til vitnis

**DÓMSMÁL** Reynt verður að fá sjeik Mohamed bin Khalifa Al-Thani til að koma til Íslands og bera vitni í máli sérstaks saksóknara sem kennt er við hann. Þetta sagði Björn Þorvaldsson saksóknari við fréttamenn í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þar sem málið var tekið fyrir.



**BJÖRN ÞORVALDSSON**

Björn sagði að um fimmtíu manns væru á vitnalistanum í málinu, sem er umfangsmesta dómsmál sérstaks saksóknara til þessa. Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson, Magnús Guðmundsson og Ólafur Ólafsson eru ákærðir fyrir tugmilljarða umboðssvik og markaðsmisnotkun. **- sh**

Varðhaldskröfu hafnað:

## Braut á börnum en gengur laus

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hafnaði í gær kröfu lögreglunnar um að maður sem gabbaði tvær sjö ára stúlkur upp í bíl og braut gegn þeim skyldi sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi.

Maðurinn sá til telpnanna stela nammi úr verslun Krónunnar í Árbæ 9. janúar, sagðist starfa þar og bað þær að koma með sér. Hann ók því næst með þær á afvikinn stað, þreifaði á þeim og kyssti og skilaði þeim því næst aftur til baka. Hann hefur viðurkennt brotið og segist hafa áttað sig á því að hegðun hans væri röng þegar önnur stúlkan fór að skæla. Ekki þykja hins vegar lagaskilyrði til að hafa hann áfram í varðhaldi. **- sh**

# Aldrei fleiri hafa leitað til Barnahúss en nú í janúar

Forsvarskona Barnahúss segist aldrei hafa upplifað aðra eins aðsókn og nú í janúar. Málafjöldinn löngu orðinn of mikill fyrir starfsemina. Kerfi sem annar ekki eftirspurn hefur verulega slæm áhrif á málin, segir dósent.

**LÖGREGLUMÁL** Eftirspurn eftir viðtölum og þjónustu í Barnahúsi hefur aldrei verið meiri en nú í janúar. Ólöf Ásta Farestveit, forsvarskona Barnahúss, segir vissulega nokkrar holskeflur hafa komið undanfarin ár, þegar umræður um kynferðisbrot gegn börnum standa sem hæst, en að aldrei hafi aðsóknin þó verið jafn mikil og nú.



**ÓLÖF ÁSTA FARESTVEIT**

„Við erum gjörsamlega á haus, vægt til orða tekið,“ segir Ólöf. „Það er fullt af börnum sem segja frá ofbeldi í kjölfar svona umræðu, líka þau sem hafa verið við það að segja frá en eru að kikna undan álaginu.“

Ólöf segir einnig að áhyggjufullir foreldrar hafi hringt óvenjumikið í Barnahús undanfarnar tvær vikur, sem og skólayfirvöld. „Það er alltaf haft mikið samband við okkur frá skólunum, en það er einstaklega mikið núna,“ segir Ólöf og bætir við að þó mikið af nýjum málum sé að koma fram ýfi umræðan einnig upp gömul sár hjá börnum sem hafa lokið meðferð og þurfa á ný að snúa sér til Barnahúss.

„Umræðan hefur alveg svakaleg áhrif,“ segir hún. „Ég hef aldrei upplifað annað eins, síminn stoppar ekki.“

Ólöf segir að símtölum hafi tekið að fjölga um tveimur dögum eftir að þáttur Kastljóss um Karl Vigni Þorsteinsson fór í loftið, þann 7. janúar. En nú fyrst séu þyngri málin að hrannast inn, þar sem þau þurfa fyrst að fara í gegnum barnaverndarnefndir sem meta hvort ástæða sé til að senda börnin í könnunarviðtöl í Barnahúsi, sem og greinargerðir frá dómstólum.

Þótt áhrif umræðunnar séu vissulega jákvæð annar Barnahús ekki eftirspurn þegar svo gríðarlegur fjöldi sækist eftir þjónustu þaðan. Fjórir sérfræðingar vinna nú þar í fullri vinnu en húsinu berast á bilinu 280 til 300 mál á ári, sem aukast stöðugt. Ekki hefur verið tekinn saman heildarfjöldi í janúar en Ólöf segir aukninguna tvímælalaust töluverða. „Húsnæðið okkar er löngu sprungið og málafjöldinn löngu kominn yfir það sem Barnahúsi var upphaflega ætlað að sinna,“ segir hún. „Það þarf fleira starfsfólk og stærra húsnæði, því þetta gerir það að verkum að börnin komast ekki eins fljótt að.“

**sunna@frettabladid.is**



**SKOÐUNARHERBERGI Í BARNAHÚSI** Forstöðukona segir Barnahús ekki anna þeirri miklu eftirspurn sem hefur skapast síðustu ár eftir þjónustu staðarins. Aldrei hafi jafn margir haft samband og nú í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fjársvelt kerfi vinnur gegn málunum



**SVALA ÍSFELD ÓLAFSDÓTTIR**

Réttar- og félagskerfi sem annar ekki eftirspurn í kynferðisbrotamálum gegn börnum getur haft slæmar afleiðingar fyrir framgang málanna. Það getur alvarlega veikt trú fólks á því að það taki því að kæra og getur fælt þolendur frá. Þetta segir Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að kynferðisbrotadeild lögreglunnar og embætti ríkissaksóknara gætu vart sinnt þeirri holskeflu af málum sem nú væru að hrannast upp. Svala segir skjót og hröð viðbrögð frá refsivörslukerfinu styrkja þann fælingarmátt sem refsingar eiga að hafa gagnvart gerendum.

„Undirmannað og fjársvelt kerfi vinnur gegn því að við náum tökum á þessum málum,“ segir Svala. „Þá vinnur seinvirkni í kerfinu án efa gegn sönnun og erfiðara er að sanna þau eftir því sem tíminn líður. Fólk gleymir og önnur sönnunargögn geta spillst.“






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGLÆTISVEÐUR** í dag með éljum fram eftir degi en snjókomu um hluta landsins í kvöld. Á morgun bætir í vind NV-lands með snjókomu og á sunnudag gengur í storm með stórhríð NV-lands en með suðurströndinni verður slagveðursrigning um tíma.




**Á morgun**
Strekkingur/allhvasst NV-lands annars mun hægari.




**Sunnudagur**
Gengur í storm NV-lands og með S-ströndinni.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Berlín | -3° | Friedrichshafen | -2° | Las Palmas | 20° | New York | -4° | París | -2° |
| Aþena | 15° | Billund | -2° | Gautaborg | -2° | London | 1° | Orlando | 23° | San Francisco | 14° |
| Basel | 6° | Frankfurt | -3° | Kaupmannahöfn | -2° | Mallorca | 13° | Ósló | -10° | Stokkhólmur | -6° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# 20%

# AFSLÁTTUR
# AF RAFTÆKJUM*

Gildir til 30.janúar.

*Gildir ekki fyrir Apple vörur

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða Hollywood-stjarna keypti handrit af Gesti Vali Svanssyni?
**2.** Hver sigraði í þriggja stiga keppninni í Stjörnuleik KKÍ?
**3.** Hvar er lóðin sem Félag múslíma á Íslandi fær undir mosku?

**SVÖR**
**1.** Adam Sandler, **2.** Magnús Þór Gunnarsson, **3.** Sogamýri.

Hæstiréttur ómerkir ummæli Björns Bjarnasonar um Jón Ásgeir Jóhannesson:

# Jón fær engar bætur frá Birni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, sekan um meiðyrði í garð athafnamannsins Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Meiðyrðin birtust í bók Björns, Rosabaugi yfir Íslandi, þar sem hann sagði að Jón Ásgeir hefði hlotið dóm fyrir fjárdrátt og verið sakfelldur fyrir ákæruliði þar sem hann var sýknaður.

Björn leiðrétti rangfærslurnar á vef sínum og í síðari útgáfum bókarinnar. Hæstiréttur segir leiðréttingarnar þó ekki hafa verið nákvæmar og þær dugi ekki til að fría Björn sök í málinu.

Björn var í héraði dæmdur til að greiða Jóni Ásgeiri 200 þúsund krónur í miskabætur, en Hæstiréttur er ósammála því. „Verður ekki talið að hin ómerktu ummæli, að teknu tilliti til leiðréttingar og opinberrar afsökunarbeiðni [Björns] og stöðu [Jóns Ásgeirs] og þátttöku hans í opinberri umræðu um málefnið, hafi slík áhrif á persónu og æru [Jóns Ásgeirs] að fullnægt sé skilyrðum […] til að dæma honum miskabætur úr hendi Björns,“ segir í dómnum. - sh



BJÖRN BJARNASON



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Póst- og fjarskiptastofnun:

# Öll fjögur með í uppboði á 4G

**FJARSKIPTI** Öll þau fjögur fyrirtæki sem hugðust taka þátt í uppboði Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á tíðniheimildum fyrir háhraða farnetsþjónustu, svokallað 4G, uppfylla skilyrði PFS til þátttöku. Þetta kemur fram á vef stofnunarinnar.

Fyrirtækin sem um ræðir eru 365 Miðlar ehf., Fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. og Síminn hf. og tíðniheimildirnar verða á 800 MHz og 1800 MHz. Uppboðið fer fram hinn 11. febrúar næstkomandi. - þj

## HEIMURINN




### Aðalmeðferð hafin

**1** **INDLAND** Aðalmeðferð er hafin í hópnauðgunarmálinu í Nýju-Delhi á Indlandi. Fimm menn eru ákærðir fyrir að hafa nauðgað ungri konu í strætisvagni og misþyrmt bæði henni og félaga hennar með þeim afleiðingum að hún lést á sjúkrahúsi. Réttarhöldunum verður hraðað sérstaklega í samræmi við nýja heimild um að hraða kynferðisbrotamálum í réttarkerfinu.

### Forða sér frá Bengasí

**2** **LÍBÍA** Bresk, þýsk og hollensk stjórnvöld hvetja landa sína til að forða sér hið fyrsta frá borginni Bengasí í Líbíu. Þau segjast hafa upplýsingar um að nú steðji ógn að Vesturlandafólki í borginni. Fyrr í vikunni yfirheyrði bandarísk þingnefnd Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um viðbrögð Bandaríkjanna við árás á sendiherra Bandaríkjanna í Bengasí á síðasta ári.

### Cameron treystir Bretum

**3** **SVISS** David Cameron, forsætisráðherra Breta, segist treysta því að Bretar kjósi að vera áfram í Evrópusambandinu þegar efnt verður til þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og hann boðaði í ræðu sinni á miðvikudag. Á ráðstefnu um efnahagsmál í Davos í Sviss sagðist Cameron sannfærður um að sér tækist að fá aðildarríki Evrópusambandsins til að samþykkja breytingar sem Bretar geta sætt sig við.



### Rannsaka geðheilbrigði og byssuofbeldi

**4** **BANDARÍKIN** Sérstök nefnd, sem á að rannsaka skotárás Adams Lanza í barnaskólanum í Newtown í Connecticut 20. desember, hóf störf í gær. Dannel P. Malloy, ríkisstjóri í Connecticut, fer fyrir nefndinni sem er hvött til að rannsaka sérstaklega tengsl milli geðheilbrigðis og byssuofbeldis. Formaður sams konar nefndar og rannsakaði skotárásina í Columbine árið 1999 benti á að ávallt virðast vera tengsl milli geðheilbrigðis og ofbeldis með skotvopn í árásum sem þessum. Aðalsaksóknarinn í máli Adams Lanza vill ekki láta af hendi upplýsingar um geðheilsu Lanza, þar sem það gæti skemmt fyrir rannsókn lögreglu sem talið er að ljúki ekki fyrr en í júní.

# Látin laus í Mexíkó eftir sjö ár í fangelsi

Florence Cassez var dæmd í sextíu ára fangelsi í Mexíkó fyrir aðild að mannránum. Hún er nú komin til Frakklands eftir að hæstiréttur Mexíkó ógilti dóminn vegna formgalla. Fórnarlömbin þó engan veginn sannfærð um sakleysi hennar.

**FRAKKLAND, AP** „Ég var sýknuð,“ sagði Florence Cassez, frönsk kona sem setið hefur sjö ár í fangelsi í Mexíkó grunuð um aðild að mannráni. „Ég þjáist sem fórnarlamb í meira en sjö ár.“

Hún var látin laus eftir að hæstiréttur Mexíkó ógilti sextíu ára fangelsisdóm vegna alvarlegra galla á upphaflegu réttarhöldunum árið 2005.

Henni var fagnað sem þjóðhetju í Frakklandi þegar hún kom þangað í gær. Laurent Fabius utanríkisráðherra tók á móti henni og í dag er búist við að hún hitti François Hollande forseta.

Fórnarlömb mannránanna og aðstandendur þeirra í Mexíkó eru samt engan veginn sannfærð um sakleysi hennar.

„Við borguðum lausnargjaldið, en þau drápu hann samt,“ segir Michelle Valadez, sem segir að glæpagengi undir forystu þáverandi kærasta Cassez hafi rænt manni sínum og haldið honum í gíslingu í þrjá mánuði.

Cassez segist aðeins hafa búið á búgarði í Mexíkó með Israel Vallarta, hinum mexíkóska kærasta sínum, en ekkert vitað af því að gíslar væru hafðir þar í haldi.

Réttarhöldum yfir Vallarta er ekki lokið og óvíst hvaða áhrif niðurstaða hæstaréttar í máli Cassez hefur á þau réttarhöld. Hæstiréttur taldi ljóst að við upphaflegu réttarhöldin hefði með margvíslegum hætti verið brotið á mannréttindum Cassez, auk þess sem formgallar væru á réttarhöldunum sjálfum.

Meðal annars hefði lögregla farið með hana aftur á staðinn stuttu eftir að hún var handtekin í því skyni að sviðsetja handtökuna fyrir fjölmiðla.

„Ef hún hefði verið afhent dómsyfirvöldum og fengið samstundis aðstoð frá ræðismanni þá hefði ekki verið hægt að gera þessa sviðsetningu, og þá hefði málið litið allt öðruvísi út,“ segir Arturo Zaldivar, dómari í hæstarétti.

„Við munum aldrei komast að raun um hvort Florence er sek eða saklaus,“ segir Luiz Gonzalez Placencia, formaður mannréttindanefndar Mexíkóborgar. „En við vitum fyrir víst að ákveðnir einstaklingar hafa brotið gegn reglum um rétta málsmeðferð.“ gudsteinn@frettabladid.is



**FAGNAÐ SEM ÞJÓÐHETJU Í FRAKKLANDI** Florence Cassez ræddi við fjölmiðla í gær ásamt lögfræðingi sínum og Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, sem er annar frá hægri á myndinni. NORDICPHOTOS/AFP



**FLORENCE CASSEZ** Sat í sjö ár í fangelsi í Mexíkó. NORDICPHOTOS/AFP


Á LEIÐ TIL ÚTLANDA

OPTICAL STUDIO
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

Verslaðu á hagstæðara verði í okkar fullbúnu gleraugnaverslun á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð

ALLT AÐ 50% ÓDÝRARI
EN SAMBÆRILEG VARA Á MEGINLANDI EVRÓPU

Sjónmælingar (tímapantanir):
Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 og Optical Studio Keflavík, s. 421 3811



Umgjörð: Lindberg Spirit




Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar. Geysir Skólavörðustíg og Akureyri, opið í dag frá 10 til 18. Sími 519 6000.

Hreindýraveiðar 2013:

## Kvótinn aukinn um 220 dýr í ár

**VEIÐI** Heimilt verður að veiða allt að 1.229 hreindýr í ár. Það er fjölgun um 220 dýr frá síðasta ári en umhverfisráðherra ákveður þennan kvóta að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun.

Alls verður leyft að veiða 623 kýr og 606 tarfa. Veiði skiptist milli níu veiðisvæða. Veiðitíminn er frá 1. ágúst til og með 15. september en þó getur Umhverfisstofnun, sem fer með sölu veiðiheimilda, heimilað veiðar á törfum frá og með 15. júlí og lengt veiðitíma kúa til og með 20. september. - þj

Haldið frá almenningi:

## Játar brot gegn stúlkubörnum

**DÓMSMÁL** Karl sem hefur viðurkennt kynferðisbrot gegn tveimur barnungum stúlkum skal sæta gæsluvarðhaldi til 18. febrúar vegna almannahagsmuna. Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms þess efnis.

Maðurinn var handtekinn 13. janúar eftir að stúlka um tíu ára aldur, barnabarn hans, greindi unnustu mannsins frá brotinu. Hann játaði brotið en sagði það hafa gerst óvart. Þá játaði hann að hafa brotið á annarri stúlku sem bjó í sama stigagangi og hann. Lögregla krafðist varðhaldsins á þeim grundvelli að maðurinn glímdi við hvatir til stúlkubarna á alvarlegu stigi og óréttlætanlegt væri að láta hann ganga lausan. Á það fallast dómstólar. - sh

# Vonast til að ekki komi til þvingana vegna makrílveiða

Evrópumálaráðherra Írlands er vongóð um að lausn finnist á makríldeilunni og segir óvíst að ESB beiti boðuðum viðskiptaþvingunum. Hún segir ákvörðun um að hægja á aðildarviðræðunum vera óvænta en skiljanlega.

**EVRÓPUMÁL** Írsk stjórnvöld virða rétt Íslands til makrílveiða en semja verður um aflaheimildir, vonandi áður en gripið verður til viðskiptaþvingana. Þetta segir Lucinda Creighton, Evrópumálaráðherra Írlands, í samtali við Fréttablaðið en Írland fer með formennsku í ráðherraráði ESB um þessar mundir.

Hún segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hægja á aðildarviðræðum við ESB hafa verið nokkuð óvænta en að hún sé þó ekki óeðlileg í ljósi komandi þingkosninga.

„Það er í raun eðlilegt og viðeigandi í þessu ferli að stjórnir og flokkar leitist við að taka aðildarviðræðurnar út fyrir umræðuna í aðdraganda kosninga. Hins vegar hefur þetta lítið að segja í raun nema að viðræður munu ekki hefjast í ákveðnum samningaköflum. Margir eru þegar til umræðu og ég vona að við getum undirbúið upphaf viðræðna um þá kafla sem enn standa út af borðinu áður en formennsku okkar lýkur.“

Creighton segir Íra tilbúna til að helga sig viðræðunum að fullu þegar að því kemur. Þeir séu jákvæðir gagnvart stækkun og lengi hafi verið velvilji milli Íslands og Írlands.

Spurð hvort ekki reyni á vinsemd milli ríkjanna í makríldeilunni, þar sem írsk stjórnvöld og hagsmunaaðilar standa í fylkingarbrjósti ESB og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur deilt hart á boðaðar aðgerðir, segist Creighton vongóð um að sáttir náist.

„Frá okkar sjónarmiði virðum við rétt Íslands til að veiða makríl en spurningin snýst um skiptingu aflaheimilda. Það er háð samningsviðræðum þar sem allir vilja auðvitað ná góðri niðurstöðu. Ég er viss um að við getum náð saman um málið en það mun taka tíma.“

Spurð út í fyrirætlanir ESB um að leggja á viðskiptaþvinganir í tengslum við makríldeiluna segir Creighton að ekki sé búið að taka lokaákvörðun í því máli.

„Þetta er augljóslega mjög viðkvæmt mál hjá mörgum ESB-ríkjum, en ákvörðunin um framhaldið er nú á borði hjá framkvæmdastjórninni. Ég vona hins vegar að hægt sé að leysa málið án þess að þurfi að koma til aðgerða.“

thorgils@frettabladid.is



**VONGÓÐ** Lucinda Creighton, Evrópumálaráðherra Írlands, segist vongóð um að lausn náist í makríldeilunni. Írar eiga, líkt og Íslendingar, mikilla hagsmuna að gæta hvað varðar veiðar á makríl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Munu virða Icesave-úrskurðinn

**Creighton ræddi mörg málefni við blaðamann Fréttablaðsins í gær. Hér er stiklað á því helsta.**

**Um Icesave:** Við munum fylgjast grannt með framvindunni og styðja niðurstöðu dómsins hver sem hún verður. Það er ekki okkar að gera upp á milli aðila eða efast um niðurstöðuna.“

**Um boðaða endurskoðun og þjóðaratkvæði Breta um ESB:** „Ég fagna því að Cameron boðar að hann og hans flokkur muni tala fyrir ESB-aðild. Hvað varðar nánari útfærslu býst ég ekki við því að nýr ESB-sáttmáli komi út úr þessum viðræðum. Það er margt til í því sem hann sagði um að draga úr skrifræði og efla innri markað ESB og við munum vinna með Cameron að úrbótum í þessum sviðum. Það mun styrkja hans stöðu heima við.“

**Um mögulegar fríverslunarviðræður við Bandaríkin:** „Við erum hóflega bjartsýn um að áður en okkar formennskutíð lýkur munum við hafa tryggt umboð til að hefja viðræður. Þetta verður erfitt verkefni, enda eru miklir hagsmunir í húfi bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Samningar ættu hins vegar að geta örvað efnahag beggja aðila. Nú er kjörið að taka skref í þessa átt.“



Tilboðin gilda 24. - 27. janúar

nettó

Kræsingar & kostakjör

# Þorrinn hefst í Nettó





Goði
Þorrabakki stór
**1.749 kr/stk**



SS
Svið - frosin
**249 kr/kg**




Rófustappa
250g
**195 kr/stk**




Kjarnafæði
Súrmatur í fötu
**1.799 kr/stk**



Goði
hangikjöt soðið
**2.999 kr/kg**



Goði
blóðmör/lifrarpylsa
Súr
**1.349 kr/kg**




Goði
Dönsk lifrarkæfa
380g
**238 kr/stk**



Kjötsel
Sviðasulta ný
**1.792 kr/kg**

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Átak gegn ólöglegri dreifingu hugverka:

# Þrír fjórðu hlutar niðurhals ólöglegir

**MENNING** Höfundar, flytjendur og framleiðendur íslenskrar tónlistar, kvikmynda og bóka, hófu í gær átak til að hvetja Íslendinga til að nýta sér löglegar leiðir til að nálgast tónlist, kvikmyndir og bækur á netinu.

Fram kom í máli aðstandenda átaksins að sala á tónlist, hvort sem um er að ræða íslenska eða erlenda, hefur dregist verulega saman frá árinu 2001 og benda kannanir til þess að tæpur helmingur allrar tónlistar og um 75 prósent kvikmynda hafi fengist án þess að höfundar eða listamenn hafi fengið greitt fyrir.

Megintilgangur átaksins, að því er fram kemur í tilkynningu, er að vekja athygli á „þeim áhrifum sem ólögleg afritun og dreifing á efni hefur á afkomu listamanna og annarra sem starfa við skapandi greinar“ og kalla eftir umræðu um þessi mál með von um að vitundarvakning muni eiga sér stað. Samhliða því er vakin athygli á því að Íslendingar geta nálgast afþreyingu á netinu eftir löglegum leiðum.

**80%** er samdráttur í sölu á erlendri tónlist frá árunum 2003 til 2011.

Í tengslum við átakið hefur nýr vefur verið settur í loftið, á slóðinni tonlistogmyndir.is, þar sem eru upplýsingar um hvernig má nálgast afþreyingarefni á löglegan hátt. - þj

Leikskólar í Kópavogi:

## Tekjutenging gjalda of flókin

**SVEITARSTJÓRNIR** Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogs hafnaði á síðasta fundi hugmyndum fulltrúa minnihlutans um að skoðað yrði að koma til móts við tekjulága hópa með því að miða gjaldskrána við fleiri þætti en félagslega stöðu, til dæmis með tekjutengingum.

„Tekjutenging er mjög flókin í framkvæmd og ef opnað er á hana í leikskólunum þá verður alltaf álitamál hvar á að draga línuna,“ bókaði meirihlutinn og vísaði jafnframt til fulltrúa foreldra í leikskólanefnd sem hefðu talið tekjutengingu gjalda þarfnast heildarskoðunar. Ekki væri hægt að samþykkja tekjutengingu á eina tegund gjalda frekar en aðra. - gar

Níu milljónir í Kjalarnes:

## Með hugann við náttúruna

**REYKJAVÍK** Íbúar á Kjalarnesi vilja fá bætta aðstöðu til sjósunds og betri fræðslu um náttúru. Þetta kom fram í vali íbúanna á verkefnum í „Betri hverfum“ á síðasta ári sem komast til framkvæmda. Íbúarnir sendu fyrst inn hugmyndir og síðan var kosið um þær í rafrænni kosningu, eins og í öðrum hverfum.

Óskir Kjalnesinga beindust einnig að bættu umhverfi með gróðursetningu og lagfæringu á gönguleiðum. Þá voru berjarunnar gróðursettir á völdum stöðum.

Framkvæmdafé vegna verkefna Betri hverfa á Kjalarnesi var í fyrra um níu milljónir króna og verður það óbreytt í ár. - sv

## Úr eldhafi í klakabönd



**BRENNANDI HÚS VARÐ AÐ KLAKAHÖLL** Slökkviliðsmenn voru marga klukkutíma að ráða niðurlögum elds í þessu vöruhúsi í Chicago á miðvikudaginn. Að slökkvistarfinu loknu hafði húsið breyst í klakahöll, því vatnið úr slöngum slökkviliðsins fraus jafnóðum. Brunagaddur hefur verið á þessum slóðum undanfarna daga, yfir 30 stiga frost víða í ofanverðum miðvesturríkjum Bandaríkjanna. Kuldarnir hafa kostað að minnsta kosti fjóra lífið. NORDICPHOTOS/AFP


Nýr FORD KA á frábæru verði frá 1.890.000 kr.

Skiptu í ferskan, fiman, ferlega skynsaman Ford Ka á frábæru verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða akstursseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika. Komdu bara og prófaðu!




FORD KA
FRÁ
15.866 kr./mán.*

Ford

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 950.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,78%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.


RISA-
ÚTSALA
ELLINGSEN
20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA FERÐATÆKJUM
ALLAR VÖRUR FRÁ DEVOLD MEÐ 20% AFSLÆTTI
CRESTO ÚLPA
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.
MOUNTAIN HARDWEAR
KELVINATOR ÚLPA
34.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.
DIDRIKSONS
VONZO PEYSA
3.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 5.990 KR.
COLUMBIA
NORTHBEND
HERRA- OG DÖMUSKÓR
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 22.990 KR.
COLUMBIA
ANIK PEAK HERRASKÓR
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.
RISA-
SKÓMARKAÐUR
COLUMBIA
SKYWAY DÖMUSKÓR
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 28.990 KR.
SOREL
DÖMUSKÓR
23.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
30-50% AFSLÁTTUR AF SCOTT VÖRUM
GORE-TEX
BARNA-
SKÓR
Í MIKLU
ÚRVALI
VIKING WOODPECKER
VATNSHELDIR BARNASKÓR
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.
COLUMBIA ROPE TOW
BARNASKÓR
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.
25% AFSLÁTTUR AF REIÐHJÓLAHJÁLMUM OG REIÐHJÓLA-AUKAHLUTUM
COLEMAN
XYLO SVEFNPOKI
4.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 7.990 KR.
MOUNTAIN HARDWEAR
VIA RAPIDA 35 LTR BAKPOKI
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
SNOWLINE
KEÐJUBRODDAR
7.192 KR.
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.
LOOP
OPTI CREEK FLUGUHJÓL
44.844 KR.
VERÐ ÁÐUR 68.990 KR.
LOOP
EVOTEC FLUGUSTÖNG
32.994 KR.
VERÐ ÁÐUR 54.990 KR.
REMINGTON
NITRO MAGNUM
HAGLASKOT
4.600 KR.
VERÐ ÁÐUR 5.750 KR.
20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKOTVEIÐI-VÖRUM
20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VEIÐI-VÖRUM
ABU
AMBASSADEUR 6000
KASTHJÓL
22.744 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
PIPAR\TBWA • SÍA • 130077

# Lífeyrissjóðir munu eignast Skipti

**Skipti, móðurfélag Símans, Skjásins og Mílu, er komið í fjárhagslega endurskipulagningu. Breyta á kröfum skuldabréfaeigenda í hlutafé. Þeir munu þynna núverandi eiganda að mestu út. Skipti skilaði góðum rekstrarhagnaði í fyrra en tapaði samt yfir tveimur milljörðum.**

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



Gangi áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu Skipta hf. eftir munu eigendur skuldabréfaflokks félagsins eignast það að langmestu leyti. Þeir eru aðallega íslenskir lífeyrissjóðir og smærri fagfjárfestar.

Skipti, sem er móðurfélag Símans, Skjásins og Mílu, tilkynnti í gær að fjárhagsleg endurskipulagning væri að hefjast. Alls nema skuldir samstæðunnar um 62 milljörðum króna. Stærstur hluti skuldanna er vegna sambankaláns sem veitt var þegar Síminn, langstærsta eign Skipta, var einkavæddur árið 2005. Gangi áformin eftir verður sá hluti skuldanna endurfjármagnaður en sambankalánið er sem stendur á gjalddaga í desember 2013. Gert er ráð fyrir að endurskipulagningin lækki skuldir Skipta um tugi milljarða króna. Björtustu vonir standa til þess að endurskipulagningunni muni ljúka á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, eða innan rúmlega mánaðar.

**Með veð í öllum eignum**

Skipti er stærsta íslenska fyrirtækjasamsteypan sem er augljóslega með allt of háar skuldir en hefur ekki verið endurskipulögð eftir bankahrun. Alls námu skuldirnar um 62 milljörðum króna um síðustu áramót. Þar af er sambankalán sem er á gjalddaga í desember 2013 upp á um 30 milljarða króna. Það er nú leitt af Arion banka en auk þess koma Íslandsbanki og erlendir bankar að því.

Sá hópur lánveitenda á veð í öllum undirliggjandi eignum Skipta og er því tiltölulega öruggur með sína stöðu. Að auki voru greiddir 17,2 milljarðar króna inn á lánið í apríl 2011. Það var gert vegna þess að ýmsir skilmálar lánsins höfðu verið brotnir. Alls skuldar Skipti fjármálastofnunum um 40 milljarða króna.

**Lífeyrissjóðir verða eigendur**

Til viðbótar gaf félagið á sínum tíma út skuldabréfaflokk sem er á gjalddaga í apríl 2014. Skipti hefur greitt vexti af þeim flokki. Höfuðstóll hans er nú um 22 milljarðar króna. Stærstu eigendur þeirra skuldabréfa eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV), Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Gildi lífeyrissjóður og Almenni lífeyrissjóðurinn. Auk þess eiga smærri fagfjárfestar bréf.

Skuldabréfaflokkurinn er óveðtryggður og því gengur fjárhagslega endurskipulagningin sem nú stendur til að ráðast í út á að fá ofangreindan hóp til að breyta kröfum sínum í hlutafé. Við það yrði hann að mestu eigandi Skipta. Núverandi eigandi, Klakki (áður Exista), myndi þynnast út samhliða.




**SKIPTI** Stefnt er að því að ljúka endurskipulagningunni á fyrsta eða öðrum ársfjórðungi 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Rekstrarhagnaður en tap**

Undirliggjandi rekstur Skipta hefur verið góður og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) hefur farið vaxandi. Hann var samtals 11,5 milljarðar króna á árunum 2010 og 2011. Samanlagt tap Skipta á sömu árum var hins vegar 13,4 milljarðar króna, aðallega vegna gríðarlega mikils fjármagnskostnaðar.

Á árinu 2012 hækkaði rekstrarhagnaðurinn fyrir afskriftir og fjármagnsliði enn. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri nam hann um átta milljörðum króna. Samt sem áður var endanlegt tap samstæðunnar yfir tveimur milljörðum króna. Þar skipti fjármagnskostnaður upp á tæpa sex milljarða króna miklu máli.

Ljóst hefur verið að til lengri tíma skerða þessar aðstæður samkeppnishæfi og fjárfestingagetu Skipta-samstæðunnar. Árið 2011 voru skuldirnar enda um tífaldur rekstrarhagnaður hennar. Til samanburðar þá skulda símafyrirtæki í Evrópu að jafnaði tvöfaldan árlegan rekstrarhagnað sinn.

**8** milljarðar króna er rekstrarhagnaður félagsins fyrir fjármagnsliði og afskriftir.

**30** milljarða króna sambankalán Skipta á gjalddaga í desember 2013.

**22** milljarðar króna er stærð skuldabréfaflokksins sem er á gjalddaga í apríl 2014.

## Markaðshlutdeild hefur minnkað

Síminn, verðmætasta eign Skipta, er stærsta farsímafyrirtæki landsins. Markaðshlutdeild hans hefur þó lækkað jafnt og þétt á undanförnum árum og var um mitt síðasta ár 39 prósent. Árið 2004 var Síminn með 64,5 prósenta hlutdeild á farsímamarkaði og rúmlega 173 þúsund viðskiptavini. Þeim hefur fækkað um 20 þúsund síðan þá auk þess sem Símanum hefur ekki tekist að ná í þá 124 þúsund viðskiptavini sem hafa bæst við markaðinn síðan þá.

Samhliða fækkun viðskiptavina hjá Símanum hefur velta Skipta dregist töluvert saman. Samstæðan seldi vörur fyrir 33,6 milljarða króna árið 2010 en 27,6 milljarða króna árið eftir. Skjárinn, sem rekur SkjáEinn, SkjáBíó, SkjáHeim og SkjáGolf, hefur á sama tíma skilað betri afkomu. Félagið tapaði 285 milljónum krónum á árinu 2011 en Friðrik Friðriksson, forstjóri Skjásins, sagði við Fréttablaðið í október að félagið myndi fara nærri því að skila hagnaði á árinu 2012. Þá er gert ráð fyrir enn meiri rekstrarbata á þessu ári.

## → Augljóst að eigendurnir þynnast út

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta, segir nokkuð augljóst að núverandi eigendur muni þynnast allverulega út ef endurskipulagningaráformin ganga eftir. „Skuldabréfaeigendurnir þyrftu að breyta kröfum sínum í hlutafé og verða við það eigendur. Ég held að það sé nokkuð augljóst að það myndi þynna núverandi eigendur allverulega út.“

Spurður hvað ráði því að ráðist sé í endurskipulagninguna núna, þrátt fyrir að blasað hafi við árum saman að þörf væri á henni, segir hann að nauðsynlegt hafi verið að taka til í og straumlínulaga rekstur félagsins fyrst. „Þegar ég kom að Skiptum árið 2011 og ný stjórn var skipuð var mjög fljótt ljóst að leiðir á borð við sölu eigna yrðu ekki raunhæfar til að laga félagið almennilega. Við sáum hins vegar tækifæri til að endurbæta reksturinn, sem við höfum gert. Verðmæti og rekstur Skipta er orðinn þannig í dag að það er í raun ekkert vandamál að endurfjármagna lánið sem er á gjalddaga í desember. Samstæðan stendur alveg undir því. Það hefur því sýnt sig að það vel þessi virði að bíða aðeins með endurskipulagninguna.“



**STEINN LOGI BJÖRNSSON**






Einstakt tækifæri í janúar.













ENNEMM / SÍA / NM56294

Komdu og upplifðu örugg þýsk OPEL gæði!
Takmarkað magn – komdu STRAX.
opel.is

Opið laugardag frá 12-16

Wir leben Autos.

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000 BL

facebook.com/opelvinir

*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði. **Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 61975 01/13




**Hugurinn getur skoppað víðar en á Skólavörðuholtinu**

Einhverju sinni var kveðið kátt þegar vel lá á ungum Reykvíkingum og þeir styttu sér stundir á holtinu upp frá Tjörninni. En langt í suðri, undir skínandi sól, dunar líka fjörið í Orlando og opnast heill ævintýraheimur með skemmtun og upplifun fyrir alla fjölskylduna. „Ofvitanum“ þótti „smúkt“ í grennd við Skólavörðuna – en Orlando slær það allt út.

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.




+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# SKOÐUN

Styrkja verður embætti lögreglu og saksóknara til að rannsókn ofbeldisbrota taki skemmri tíma:

## Þolendur ofbeldis bíða of lengi

Ung stúlka sem varð fyrir fólskulegri líkamsárás norður í Skagafirði fyrir nærri ári bíður enn eftir að ákæra verði gefin út í málinu. Sá sem réðst á hana játaði þó strax brot sitt. Freyja Þorvaldsdóttir hefur farið í fjöldamargar aðgerðir eftir árásina, auk annarrar meðferðar. Hún lýsti því í samtali við Vísi í vikunni að erfitt væri að bíða svona lengi eftir því að meðferð málsins kláraðist: „Það er stórt skref í bataferlinu að klára þetta fyrir utan allt annað sem maður er að vinna í," sagði hún.




**Steinunn Stefánsdóttir**

steinunn@frettabladid.is


Margir geta tekið undir þessi orð, karlar og konur, ungir og eldri, sem hafa orðið fyrir ofbeldi og glíma í framhaldinu við afleiðingarnar. Staða Freyju er nefnilega dæmigerð, ekki aðeins fyrir fólk sem hefur orðið fyrir barsmíðum. Brot eru kærð en svo líður og bíður.

Mál barna sem hafa orðið fyrir kynferðisbrotum hrannast upp bæði hjá lögreglu og ríkissaksóknara. Í frétt blaðsins í gær kemur fram að í fyrra hafi ríkissaksóknara borist 72 mál sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Ákært var í fimmtán málum og ellefu voru felld niður. Flest málin eru enn til rannsóknar. „Staðan er mjög erfið vegna þess að málin eru að safnast upp og við höfum ekki undan að afgreiða þau," sagði Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún segir málafjöldann hafa aukist svo mikið undanfarin ár að embættið hafi ekki undan.

Sömu sögu er að segja af kynferðisbrotadeild lögreglunnar en þar hefur málum sem snúa að brotum gegn börnum fjölgað ár frá ári. Síðustu daga og vikur hefur svo orðið alger sprenging á fjölda mála sem koma til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um brot Karls Vignis Þorsteinssonar. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður deildarinnar, segist í frétt blaðsins í gær aldrei hafa upplifað annað eins á jafnstuttum tíma. Þá er í frétt blaðsins í dag greint frá hálfgerðu neyðarástandi sem myndast hefur í Barnahúsi vegna gríðarlegrar eftirspurnar eftir þjónustu þess.

Við þessu er nauðsynlegt að bregðast. Það gengur ekki að mál fólks sem orðið hefur fyrir grimmilegu ofbeldi sitji föst í kerfinu vegna manneklu. Það verður að styrkja lögregluembættin, kynferðisbrotadeildina, embætti saksóknara og Barnahús þannig að þessi embætti anni þeim málum sem berast innan þolanlegra tímamarka.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild HR, bendir í frétt blaðsins í dag á að réttar- og félagskerfi sem annar ekki eftirspurn í kynferðisbrotamálum gegn börnum geti fælt þolendur frá og veikt trú fólks á því að það taki því að kæra. Á hinn bóginn styrki skjót og hröð viðbrögð frá refsivörslukerfinu þann fælingarmátt sem refsingar eiga að hafa gagnvart gerendum.

Vissulega bjóðast þolendum ofbeldis ýmis úrræði til að takast á við reynslu sína bæði innan heilbrigðiskerfisins og á vegum samtaka eins og Stígamóta og fleiri sem vinna ómetanlegt starf.

Hitt er víst að það á áreiðanlega ekki síður við um kynferðisbrot gegn börnum en önnur ofbeldisbrot að veigamikill þáttur í úrvinnslu og bata er að formlegum hluta þessara mála sé lokið á skikkanlegum tíma.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Jón Bjarna kveður þingflokk VG**

Jón Bjarnason þingmaður kynnti þá ákvörðun sína við upphaf þingfundar á miðvikudag að segja skilið við þingflokk Vinstri grænna. Jón varð þar með fjórði þingmaðurinn sem kjörinn var á þing fyrir vinstri græn í síðustu kosningum til að hverfa úr þingflokknum en áður höfðu þau Lilja Mósesdóttir, Atli Gíslason og Ásmundur Einar Daðason stigið þetta skref.

**Fjórir helst úr lestinni**

Ekki er mörg dæmi um það að þingflokkur hafi misst jafn marga þingmenn á einu kjörtímabili. Raunar telst blaðamanni til að það hafi einungis gerst tvisvar frá seinna stríði, ef frá er skilið það þingflokkaflakk sem varð við hrókeringarnar á vinstri væng stjórnmálanna undir lok tíunda áratugar síðustu aldar. Þá er ekkert dæmi um það að í þingflokki eins hinna svokölluðu fjórflokka hafi fækkað jafn mikið á því tímabili.



**Borgarahreyfing og Jafnaðarmenn**

Annað dæmið er reyndar í frekar náinni fortíð. Þetta sama henti nefnilega þingflokk Borgarahreyfingarinnar á þessu kjörtímabili. Hálfu ári eftir kosningar voru allir þingmennirnir horfnir, Þráinn Bertelsson í Vinstri græn en hinir þrír í hina svokölluðu Hreyfingu. Hitt dæmið var svo árið 1987 þegar þingflokkur Bandalags jafnaðarmanna leystist upp. Gengu þá þrír þingmenn til liðs við Alþýðuflokkinn en einn í Sjálfstæðisflokkinn. Það er þó spurning hvort ekki sé rétt í þessu samhengi að nefna einnig þann klofning sem varð í þingflokki Sjálfstæðisflokksins árið 1980 þegar Gunnar Thoroddsen og þrír aðrir þingmenn mynduðu stjórn með Framsókn og Alþýðubandalagi. En þó, því þrátt fyrir djúpstæðan ágreining yfirgaf enginn þingflokk Sjálfstæðismanna, í það minnsta formlega.



magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Góð næring í stað stærri köku

STJÓRNMÁL




**Katrín Jakobsdóttir**

menntamálaráðherra og varaformaður VG


Eins og ég benti á um daginn leiðir taumlaust sykurát, stóra kaka Sjálfstæðisflokksins, ekki af sér varanleg lífsgæði heldur þvert á móti eru allar líkur á að afleiðingarnar verði offita, næringarskortur, uppþemba, höfuðverkir og fleiri kvillar, smáir og stórir. Á móti því ætlum við vinstrigræn ekki að tefla enn þá stærri köku heldur annars konar sýn, annars konar atvinnustefnu.

Af tali fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um atvinnumál að dæma er engu líkara en „ekki" hafi horfið úr gömlu spakmæli um að setja ekki öll eggin í eina körfu áður en það barst til eyrna þeirra. Setjum öll eggin í eina körfu, segja þeir. Og karfan er aðeins fyrir þá kynslóð sem nú lifir. Íslenska vatnsorkan er ekki fyrir komandi kynslóðir, aðeins fyrir okkur sem nú lifum til að kakan sé nógu stór. Í verki hefur atvinnustefna Sjálfstæðisflokksins snúist um bólur og arðrán á náttúrunni. Íslenska orkan hefur verið seld ódýrt til stóriðju og útvaldir útgerðarmenn hafa fengið að fiska án þess að greiða þjóðinni eðlilegt endurgjald.

Á þessu kjörtímabili hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á annað. Hún hefur lagt áherslu á sjálfbæra og arðbæra nýtingu auðlinda í þágu allra. Hún hefur lagt áherslu á nýsköpun, á vísindi og skapandi greinar. Hún hefur viljað dreifa áhættunni og styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki. Hún hefur tekið skýra afstöðu gegn risavöxnu patentlausnunum sem fyrst og fremst hafa þann tilgang að láta stjórnmálamann líta vel út í augum þakklátra kjósenda. Þannig hefur verið horft til framtíðar.

**➜ Íslenska orkan hefur verið seld ódýrt til stóriðju og útvaldir útgerðarmenn hafa fengið að fiska án þess að greiða þjóðinni eðlilegt endurgjald.**

Auðvitað hafa liðin ár ekki verið nein gósentíð því að íslenskt hagkerfi var sannarlega illa sett eftir seinasta sykurskammtinn. En núna eru horfurnar miklu betri. Núna eru tækifærin til að halda áfram á sömu braut, halda áfram að gefa smáskammta af vítamínum til sem flestra, í stað þess að leggja alla áherslu á eitt risaverkefni. Halda áfram að styrkja samkeppnissjóði í rannsóknum, halda áfram að efla háskólastigið, halda áfram að bæta menntakerfið, halda áfram að hjálpa atvinnulífinu að hjálpa sér sjálft. Íslenskt atvinnulíf og íslenskt samfélag eiga betra skilið.

# Falsað fólk

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



> Ekkert hefur komið fram sem kallar á að ríkinu sé gert auðveldara að svipta fólki ríkisfangi.

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, er ekki ánægður með Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar vegna ummæla hennar um hælisleitendur. Fleiri eru honum sammála. Það er gott.

Nú seinast líkti forstjórinn flóttamönnum við ferðamenn í leit að fríu uppihaldi. En þetta er ekki í fyrsta skipti sem forstjórinn hjólar á hálu svelli án nagladekkja. Fyrir 18 mánuðum, þegar nauðsynlega þurfti að reka 17 ára og 9 mánaða gamlan Kanadamann úr landi, lét forstjórinn eins og engin lagaheimild væri til að leyfa honum að vera kyrrum. Það var ekki satt. Í nóvember var forstjórinn svo í viðtali þar sem hún taldi upp mögulegar ástæður fyrir því að nokkrar erlendar mæður með ung börn hefðu látið sjá sig hér á landi. Líklegu ástæðurnar voru: þær væru fórnarlömb mansals, þær væru burðardýr eða þær vildu ríkisborgararétt fyrir ung og ófædd börn sín. Hugsum nú í smá stund hvernig það væri ef öll OKKAR ferðalög væru skoðuð með sömu gleraugum. Til dæmis ef einhver í Noregi segði: „Íslendingarnir eru ólíkir, sumir eru fórnarlömb, aðrir glæpamenn."

Það var líka í nóvember sem umræða spannst í kjölfar orða forstjórans um að menn væru hér að fá ríkisborgararétt á grundvelli falsaðra gagna. Og þá væri bara „ekkert hægt að gera" nema að dæma fólk fyrir skjalafals. Ekki kom fram hvort raunverulega hefði tekist að kæra og dæma marga fyrir skjalafals. Kannski þótti það aukaatriði.

Augljóslega er þetta aðeins „vandamál" í tilfelli barna, og ef til vill maka. Annars þarf nefnilega að búa á Íslandi í góð sjö ár til að eiga rétt á íslensku ríkisfangi. Ef einhver býr á Íslandi í sjö ár þá er hann líklegast nokkuð ekta manneskja, sama hvað fæðingarvottorðinu líður. Og varðandi börnin: Hvað með það þótt barn fái ríkisborgararétt án þess að „verðskulda það"?

**Íslendingar með fyrirvara**

Það er til lítils að reiðast orðum embættismanna ef menn gera svo nákvæmlega ekkert til að breyta þeim lögum sem þeir vinna eftir og ætla jafnvel að festa ýtrustu lagabreytingarkröfur þeirra í stjórnarskrá.

Nú hefur allsherjar- og menntamálanefnd, þar sem Björgvin G. er formaður, afgreitt frumvarpið til stjórnskipunarlaga og lagt til þá breytingu (bæði á gildandi stjórnarskrá og frumvarpi stjórnlagaráðs) að heimilt verði að svipta „útlendinga" íslenskum ríkisborgararétti ef hans hefur verið aflað með ólögmætum hætti. Þar með verða Íslendingar orðnir tvenns konar. Sumir alvöru, aðrir „með fyrirvara".

Ef breyta á stjórnarskrá þarf að hugsa það vel. Ekkert hefur komið fram sem kallar á að ríkinu sé gert auðveldara að svipta fólki ríkisfangi. Munum líka eitt: Jafnvel þótt lög séu sett með algjör undantekningartilfelli í huga er ekki vitað hvernig stjórnvöld framtíðarinnar muni túlka þau. Mun fólk verða svipt ríkisfangi fyrir að ljúga til um ökuréttindi og menntun? Maður veit aldrei hvað dyravörðunum dettur í hug.

**Frjálslyndari stefnu, takk**

Það er hægt að reka ýmsar innflytjendastefnur. Bandaríkin ráku til dæmis mjög frjálslynda innflytjendastefnu til ársins 1875. Þá þurfti varla annað en farmiðann. Svo fóru menn að herða tökin. Fyrst bönnuðu menn kínverskar vændiskonur. Svo alla Kínverja. Svo alla sem litu út fyrir að vera Kínverjar. Nú fara flest Vesturlönd eins að. Því miður.

Við ættum að taka upp frjálslyndari innflytjendastefnu. En embættismennirnir gera það ekki fyrir okkur.

Segjum að einhver meðalmenntaður íbúi Malí vilji flytja til Íslands því hann fílar Björk og jökla. Hann á nánast enga löglega leið að því.

Eina löglega leiðin fælist í því að fá dvalarleyfi „vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar" því ekkert annað dvalarleyfi veitir mönnum rétt til að setjast að á Íslandi til lengri tíma. Hvað á hann að gera?

Það er ekki víst að allir þeir sem sækja um hæli á Íslandi séu sannarlega ofsóttir af dauðasveitum heima fyrir, en það er alveg sama.

Þótt fólk sé „bara" að leita að betra lífi ætti það ekki að vera nóg til að neita að taka við því. Það er ekki eins og við séum að drepast út af því hvað við erum mörg.

## AF NETINU

### Verstu pólitísku mistök seinni ára

Sú ákvörðun Samfylkingar að ganga í ríkisstjórn með Sjálfstæðismönnum árið 2007 hlýtur svo að teljast með verstu pólitísku mistökum síðari ára. Samfylkingin axlaði þar með ábyrgð á hruninu án þess endilega að geta mikil áhrif haft á atburðarásina, og hefur sú arfleifð veikt flokkinn og vinstristjórnina æ síðan. En því er ekki að neita að ráðherrastólar heilla og eftir erfiðleika með samstarfið við VG eru líklega margir, svo sem Árni Páll, sem líta svo á að betra sé að vinna með samhentum Sjálfstæðismönnum (þó þeir stefni í vitlausa átt) heldur en flokki sem klofnar í hvert sinn sem ákvörðun skal taka.

Augljósasti gallinn við slíka ríkisstjórn eru Evrópumálin, en þau er varla óyfirstíganlegt vandamál. Sjálfstæðismenn gætu hæglega samþykkt, eins og VG gerði, að láta málið í þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem því yrði líklega hafnað. Hitt vandamálið felst í því að hér myndi hrunstjórnin aftur vera mætt til leiks, en sú arfleifð öll myndi hvort eð er há samstarfi með Framsókn og fáir aðrir kostir í boði. Því má líklegast segja: Velkominn aftur til 2007. En hitt ber að hafa í huga að enn eru nokkrir mánuðir til kosninga og margt getur breyst í millitíðinni.

http://www.dv.is/blogg/skotgrofin
*Valur Gunnarsson*

HONDA
The Power of Dreams

SÍÐUSTU EINTÖKIN

CR-V LIFESTYLE
2012 ÚTLIT

2.0i bensínvél
- einnig fáanlegur með 2.2i dísilvél
Sjálfskiptur
Fjórhjóladrifinn
18" álfelgur
Alcantara leðurinnrétting
Leðurklætt stýri
Rafstýrðir, upphitaðir og aðdraganlegir hliðarspeglar
Rúðuþurrkur að framan með regnskynjara
Þokuljós að framan
Litað gler í aftari hliðarrúðum og afturrúðu
Skriðstillir (Cruise Control)
Tvöföld tölvustýrð loftkæling

Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
Hljómflutningstæki með geislaspilara og RDS útvarpi ásamt 6 hátölurum
Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
AUX, USB og iPod tengi
Hiti í sætum
Hemlalæsivörn (ABS)
Stöðugleikabúnaður (VSA)
Stöðugleikabúnaður fyrir tengivagn (TSA)
Tvöfaldir SRS loftpúðar að framan
Tvöfaldir SRS hliðarloftpúðar
Tvöfaldar SRS loftpúðagardínur
og margt fleira.




listaverð kr. 6.390.000
tilboðsverð kr. 5.690.000
afsláttur kr. 700.000

**Einungis örfáir bílar í boði**
Skráðir 2013, ókeyrðir og næsta skoðun 2017
Tökum notaða bíla upp í og allt að 75% fjármögnun í boði



**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Hver ber ábyrgðina ef illa fer?

HEILBRIGÐISMÁL



**Þorbjörn Jónsson**
Formaður Læknafélags Íslands og fyrrverandi formaður læknaráðs Landspítalans

Á hverjum degi má lesa í dagblöðunum og heyra í ljósvakamiðlum um slæmt ástand á Landspítalanum – sjúkrahúsi allra landsmanna. Þegar þessi grein er rituð liggja 36 sjúklingar í einangrun, ættingjar eru beðnir að takmarka heimsóknir til inniliggjandi sjúklinga og svonefnt óvissustig hefur verið á spítalanum undanfarna daga. Ástæðan er ekki stórslys eða stórfelldar náttúruhamfarir heldur árviss inflúensa, auk þess sem RS- og nóróveirusýkingar eru á kreiki.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum að mikið álag er á starfsfólki Landspítalans. Ræsa hefur þurft fólk út á aukavaktir og fjölga starfsfólki á þeim deildum þar sem mögulegt er að fjölga sjúkrarúmum. Auk þess hefur staðið til að takmarka fjölda þeirra sjúklinga sem komast í valaðgerðir og valrannsóknir, en það er mikilvægur hluti af starfsemi spítalans.

### Komin út á ystu nöf

Haft hefur verið eftir Birni Zoëga, forstjóra Landspítalans, að toppnum sé ekki enn náð og að reynslan sýni að ástandið eigi eftir að versna. Forstjórinn var spurður að því hvort heilbrigðiskerfið gæti talist eðlilegt þegar við árlega inflúensu þarf að grípa til þess að lýsa yfir óvissustigi. Hann sagði þá m.a.: „Nei, ég tel það ekki eðlilegt heilbrigðiskerfi.“ Már Kristjánsson, yfirlæknir smitsjúkdómalækninga á Landspítalanum, sagði í blaðaviðtali fyrir skömmu um ástandið á spítalanum: „Við erum komin út á ystu nöf, ef það kæmi upp t.d. bílslys og bráðamóttakan þyrfti að taka á móti átta sjúklingum þá veit ég ekki hvernig hægt væri að leysa það. Það er ekki mikil teygja eftir í okkar spítala hér í Reykjavík.“ Hann bætti síðan við: „Ég myndi segja að við séum í rauninni að tala um rekstrarlega vá spítalans, miðað við umfang rekstursins og þau verkefni sem okkur ber að sinna þá erum við komin algjörlega út fyrir öll velsæmismörk. Þú veist aldrei hvenær slysið verður.“ Forstjórinn og yfirlæknirinn eru í hópi þeirra sem best þekkja til ástandsins og þeim líst ekki vel á stöðuna samkvæmt þessu. Það ætti að vera okkur öllum umhugsunarefni.

**➜ Fjöldi sjúkrarúma á Landspítalanum**




### Of hart hafi verið gengið fram

Niðurskurður fjárveitinga til Landspítalans hefur verið um 20% frá hruni og starfsfólki spítalans fækkað um 600. Það er augljóst að í kjölfar slíks niðurskurðar er hvorki hægt að bjóða upp á sömu þjónustu né öryggi fyrir sjúklinga eins áður. Með því að rýna í ársskýrslur Landspítalans og forvera hans, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala, má sjá hvað hefur verið að gerast. Sjúkrarúmum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað um mörg hundruð undanfarin ár (sjá súluritið). Rúmafjöldi Landspítalans árið 2011 er einungis 50% af því sem gömlu Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur (Landakot og Borgarspítali) höfðu yfir að ráða árið 1999, síðasta starfsárið sem þessar stofnanir voru reknar sjálfstætt. Þótt framfarir í læknisfræði séu vissulega örar og ýmislegt megi nú framkvæma með styttri innlögn eða jafnvel á dagdeild er harla ólíklegt að það geti skýrt svona mikla fækkun. Miklu líklegra er að of hart hafi verið gengið fram í niðurskurði, hagræðingu og fækkun sjúkrarúma undanfarin ár.

### Ítrekað varað við

Læknar og samtök þeirra hafa undanfarin ár varað við því að alltof langt hafi verið gengið í sparnaði í heilbrigðiskerfinu, þar með talið á Landspítalanum. Í ályktun aðalfundar Læknafélags Íslands fyrir nokkrum árum sagði meðal annars svo: „Fjárveitingar til heilbrigðismála hafa dregist saman undanfarin ár og Læknafélag Íslands hefur áhyggjur af áhrifum þess á framboð og gæði heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi. Fundurinn leggur áherslu á að allir landsmenn búi við öryggi í heilbrigðismálum og hvetur Alþingi og ráðuneyti heilbrigðismála til að íhuga vandlega afleiðingar hins mikla niðurskurðar sem áformaður er á vissum landsvæðum þannig að öryggi þegnanna verði ekki skert.“ Læknaráð Landspítala hefur ítrekað ályktað á sama hátt undanfarin ár og keimlík varnarorð hafa borist frá öðrum heilbrigðisstéttum en læknum. Það er því ekki hægt að halda því fram að ekki hafi verið varað við því hvaða ástand gæti skapast. En því miður virðast varnaðarorðin ekki alltaf ná eyrum ráðamanna.

**➜ Læknar og samtök þeirra hafa undanfarin ár varað við því að alltof langt hafi verið gengið í sparnaði í heilbrigðiskerfinu.**

### Hver ber ábyrgðina?

Hver ber ábyrgðina ef illa fer vegna mikils niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu, lítils viðbúnaðar eða of fárra sjúkrarúma? Er það læknirinn sem sinnir sjúklingnum, yfirmenn spítalans eða ráðamenn þjóðarinnar? Svarið hlýtur að liggja í augum uppi.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn ráða litlu um framboð á heilbrigðisþjónustu, þar með talið fjölda sjúkrarúma. Stjórnendur Landspítalans og annarra heilbrigðisstofnana eru embættismenn og þeim ber að framfylgja stefnu og ákvörðunum stjórnvalda. Þeirra svigrúm er takmarkað og þeim ber að halda sig innan ramma fjárlaga. Er ekki augljóst að ábyrgðin liggur hjá ráðamönnum þjóðarinnar? Treysta þeir sér til að axla ábyrgðina ef illa fer vegna þess hve hart er búið að ganga fram í niðurskurði til heilbrigðismála?

Röð og regla
Hillukerfi fyrir lagera og geymslur af öllum stærðum




PIPAR\TBWA • SÍA • 103288
Byggingadeild
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 – Reykjavík

# Píratar á Íslandi

STJÓRNMÁL



**Einar Valur Ingimundarson**
umhverfisverkfræðingur, er í framkvæmdaráði Pírata-flokksins

Skrítið. Hafa þeir ekki verið þar í ríflega þúsund ár? Er einhver þörf á nýjum flokki ribbalda á meðal vor, nóg er af þeim fyrir! Stuðningsmenn Pírata í meira en 60 löndum hafa reyndar allt aðrar áherslur en hinir ofvirku forfeður Íslendinga.

Píratar hafa sameiginlegar skoðanir og stefnumál sem mótast hafa eftir lýðræðisleg skoðanaskipti og vel upplýsta umræðu á vettvangi netsins heimsálfa á milli. Við trúum því að snúa megi af braut spilltra stjórnmála með frjálsum og óheftum aðgangi fólks með aðstoð tækninnar fyrir opnum tjöldum.

Píratar beita sér fyrir eflingu og verndun borgararéttinda. Á Íslandi hefur almenningur orðið fyrir stórfelldum mannréttindabrotum sl. áratug. Þegar mannréttindi ráðast orðið af efnahag er ljóst að okkur hefur borið af réttri leið. Píratar leggja áherslu á friðhelgi einkalífsins, sérstaklega vernd lítilmagnans frá misbeitingu kerfisvaldsins. Umboðsmenn hinna veikari ráða orðið ekkert við verkefni sín. Vanhæfni opinberra embættismanna dregur samfélagið niður.

Píratar vilja aukið gegnsæi svo almenningur sé vel upplýstur og þar með hæfari til að taka góðar, lýðræðislegar ákvarðanir. Upplýsingar séu aðgengilegar á netinu og almenningsbókasöfnum. Ábyrgð yfirvalda skal skýrt bundin í landslög. Viðurlög skulu vera skýr við öllum undanbrögðum. Píratar styðja beint lýðræði og sjálfsákvörðunarrétt. Draga verður úr miðstýringu valds á öllum sviðum. Lögleiðing nýrrar stjórnarskrár er forgangsmál fyrir íslenska pírata.

**➜ Píratar virða líf. Þeir styðja friðarhreyfingar. Þeir hafna dauðarefsingu og eyðileggingu umhverfis og náttúru.**

Píratar virða líf. Þeir styðja friðarhreyfingar. Þeir hafna dauðarefsingu og eyðileggingu umhverfis og náttúru. Við stefnum að sjálfbjarga samfélagi þar sem allir landsmenn eigi sama aðgang að auðlindunum. Píratar viðurkenna ekki einkaleyfi á lífi. Píratar eru félagslyndir og virða mannhelgi. Við viljum koma að því að móta samfélag samstöðu þar sem þeir sterku styðja þá veiku.

Continental Hankook NANKANG Mastercraft JEPPADEKK
LÁTTU OKKUR ÞJÓNUSTA BÍLINN
BREMSUKLOSSASKIPTI
TILBOÐ AÐEINS kr. 2.000
ef varahlutir eru keyptir hjá PITSTOP




Bremsuklossar Smurþjónusta Smáviðgerðir Rúðuþurrkur Rúðuvökvi Rafgeymar
www.pitstop.is pitstop
www.pitstop.is | Rauðhellu 11, Hfj. S: 568 2035 | Hjallahrauni 4, Hfj. S: 565 2121 | Austurvegi 52, Selfossi, S: 482 3220



Allt að sjötíu prósenta
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN OG Á SUNNUDAG**
**24. TIL 27. JANÚAR**

**HANS J. WEGNER, ARNE JACOBSEN, BORGE MOGENSSEN, PHILIPPE STARCK, ERIK MAGNUSSEN, OFL.**

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / www.epal.is

epal



## MERKISATBURÐIR

**1924** Fyrstu vetrarólympíuleikar sögunnar eru settir í Chamonix í Frakklandi.



**1949** Fyrstu ísraelsku kosningarnar fara fram í Ísrael. David Ben-Gurion verður forsætisráðherra.

**1971** Idi Amin steypir Milton Obote af stóli og verður forseti Úganda.

**1974** Ungur maður, Guðmundur Einarsson, hverfur sporlaust.

**1990** Skógrækt ríkisins er flutt til Egilsstaða og er fyrsta ríkisstofnunin sem flutt er út á land.

**1990** Stefán Hörður Grímsson hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin sem veitt eru í fyrsta sinn.

# Vanmetinn vorboði í íslenskri kvikmyndasögu

**Kvikmyndin Morðsaga braut blað í íslenskri kvikmyndasögu þegar hún var frumsýnd fyrir 35 árum. Myndin verður sýnd í Bíói Paradís á sunnudaginn komandi. Skylduáhorf fyrir kvikmyndaáhugamenn, segir Ásgrímur Sverrisson.**

Kvikmyndin Morðsaga í leikstjórn Reynis Oddssonar hristi upp í samfélaginu þegar hún var frumsýnd árið 1977. Stikkorðin á plakati myndarinnar gáfu líka til kynna að efni myndarinnar væri ekki fyrir viðkvæma: Losti, eiturlyf, sjúkt heimilislíf, sifjaspell, diskó. Á sunnudag gefst tækifæri til að sjá myndina á nýjan leik, því hún verður sýnd í Bíói Paradís í röðinni Svartir sunnudagar.

Morðsaga fjallar um ríkan forstjóra sem hefur misst sjónar á góðum gildum. Á heimilinu búa með honum drykkfelld eiginkona og uppeldisdóttir hans sem er ráðvillt og reikandi. Eftir að forstjórinn reynir að brjóta á stúlkunni grípa mæðgurnar til örþrifaráða sem eiga eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Með aðalhlutverk fóru Guðrún Ásmundsdóttir, Steindór Hjörleifsson og Þóra Sigurþórsdóttir.

Ásgrímur Sverrisson, dagskrár- og kynningarstjóri Bíós Paradísar, segir Morðsögu vera merkilega mynd fyrir margar sakir og að hún hafi brotið blað í íslenskri kvikmyndasögu.

„Fyrir þennan tíma höfðu komið út örfáar myndir sem voru framleiddar hér á landi,“ segir hann. „Það hafði hins vegar ekki tekist að koma samfelldri kvikmyndaframleiðslu í gang og orðið nokkuð langt um liðið síðan íslensk mynd kom út, 79 af stöðinni árið 1960. Morðsögu má hins vegar kalla vorboða íslenskra kvikmynda. Hún fékk mjög góða aðsókn, á bilinu 70 til 80 þúsund manns sáu hana í bíó, og tveimur árum eftir að hún kom út hófst samfelld framleiðsla íslenskra kvikmynda. En þar sem myndin kom út áður en Kvikmyndasjóður Íslands var stofnaður og þessi samfellda framleiðsla hófst er Morðsaga oft skilin út undan, sem mér finnst ekki maklegt. Þetta er vanmetin mynd sem á skilið meiri athygli en hún hefur fengið í gegnum tíðina.“

Ásgrímur segir að þrátt fyrir að hafa verið gerð við þröngan kost sé Morðsaga merkilega þroskað verk sem hafi sterkan samhljóm með stefnum og straumum í alþjóðlegri kvikmyndagerð þess tíma.

„Þetta er auðvitað ekki gallalaus mynd en maður kemur auga á hvert Reynir Oddsson leikstjóri er að fara með þessari mynd. Þetta eru ekki samhengislaus atriði sem er klastrað saman heldur búa þarna ákveðnar pælingar að baki. Þær ganga kannski ekki allar upp en maður sér oft hvað vakir fyrir leikstjóranum.“

Þá segir hann myndina fanga tíðarandann í Reykjavík á síðari hluta 7. áratugarins vel. „Ég var unglingur á þessum tíma sem myndin kom út og finnst hún mjög sterk að því leyti hvað henni tekst að fanga þessa stemningu síðhippismans og aukinnar auðlegðar, þar sem sterkefnuðum forstjórum fór fjölgandi. Fyrir bæði kvikmyndaunnendur og jafnvel ekki síður áhugamenn um Reykjavíkursögur er Morðsaga hiklaust skylduáhorf.“ bergsteinn@frettabladid.is



**ÁSGRÍMUR SVERRISSON** Áður en Morðsaga kom út höfðu verið gerðar örfáar myndir í íslenskri framleiðslu. Morðsaga markaði hins vegar tímamót því hún var upptakturinn að því að samfelld kvikmyndaframleiðsla hófst í landinu tveimur árum eftir að hún kom út, í kjölfar stofnunar Kvikmyndasjóðs Íslands.



**ÚR MORÐSÖGU** Steindór Hjörleifsson og Guðrún Ásmundsdóttir í hlutverkum sínum.

---

✝



Okkar ástkæri,

**KARL VALDIMARSSON**
**Stúfholti 3,**

andaðist á Landspítala Fossvogi 22. janúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 30. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Sigurður Vigfússon**
**Greta Ástráðsdóttir** — **Marín Valdimarsdóttir**
**Marín Sigurbjörg Karlsdóttir** — **Gunnar Sveinsson**
**Gréta Brimrún Karlsdóttir** — **Gunnar Þorgeirsson**
**Jón Hilmar Karlsson** — **Auðbjörg K. Magnúsdóttir**
**Auðunn J. G. Karlsson**
**Þór Valdimarsson** — **Guðlaug Guðjónsdóttir**
**Jón Gretar Jónsson** — **Anna Katrín Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir minn, sonur, ástvinur, bróðir og mágur,

**KRISTJÓN ÞORKELSSON**
**pípulagningameistari og sendifulltrúi,**

varð bráðkvaddur 20. janúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Halldóra St. Kristjónsdóttir** — **Ingimar Helgason**
**Jóhanna S. Guðjónsdóttir**
**Ásdís Leifsdóttir**
**Hallkell Þorkelsson** — **Vigdís Ársælsdóttir**
**Kristbjörn Þorkelsson** — **Guðríður Á. E. Pálsdóttir**
**Þorkell Þorkelsson**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar,

**SKJALDAR ÞORGRÍMSSONAR.**

Einnig viljum við þakka Hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir góða umönnun.

**Þórhildur Hólm Gunnarsdóttir**
**Una Svava Skjaldardóttir** — **Chuck Rogers**
**Þorgrímur Skjaldarson**
**Tryggvi Lúðvík Skjaldarson** — **Halla María Árnadóttir**
**Ásthildur Skjaldardóttir** — **Birgir Aðalsteinsson**
**Guðbjörg Skjaldardóttir** — **Sigurður Árnason**
**Guðrún Viktoría Skjaldardóttir** — **Björn Guðmundsson**

---

ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
Sími 551 3485, svarað allan sólarhringinn.
www.udo.is




---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður afa og langafa,

**BJÖRNS T. GUNNLAUGSSONAR**
**húsgagnasmiðs,**
**Bólstaðarhlíð 41,**
**áður Njálsgötu 112, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða og annarra er önnuðust hann.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Helga Ágústsdóttir**
**Anna Ásdís Björnsdóttir** — **Kolbeinn Gunnarsson**
**Sigurveig Björnsdóttir** — **Árni S. Eggertsson**
**Gunnlaugur A. Björnsson** — **Jóhanna Sveinsdóttir**
**barna- og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**TÓMAS ÆVAR SIGURÐSSON**
**Jaðarsbraut 31, Akranesi,**

lést 20. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 29. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

**Kristjana Ragnarsdóttir**
**Kristín Svava Tómasdóttir** — **Ólafur Rúnar Björnsson**
**Dísa Lind Tómasdóttir**
**Eyrún Sif Ólafsdóttir** — **Guðmundur Óttar Sigurjónsson**
**Tómas Ævar Ólafsson**
**Silvía Sif Ólafsdóttir**
**Tómas Þórisson**
**Helena Sif Guðmundsdóttir**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**GOTT FYRIR BÓNDANN**

**Bóndadagur er í dag en hann er fyrsti dagur þorra. Til siðs er hjá konum að gera eitthvað gott fyrir bónda sinn á þessum degi. Sumar gefa gjöf en aðrar bjóða upp á þorramat eða annan mat sem er í uppáhaldi.**


# ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur

**Blomberg þvottavélar frá 79.990**
**Allt að 20% afsláttur**

**Candy uppþvottavélar frá 69.990**
**Allt að 36% afsláttur**

**Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg, Candy og Severin með allt að 33% afslætti**

**Ryksuguvélmenni frá 39.990 með allt að 41% afslætti**

**Severin smátæki, kaffivélar, blandarar, brauðvélar, katlar og fleira og fleira á frábærum verðum**

**Fissler pottar, pönnur og hnífar með 20% afslætti**

**Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990**

**William Bound pipar- og saltkvarnir með 25% afslætti**

**Ofnar, helluborð og háfar frá Blomberg, Brandt, Die Dietrich og KitchenAid með allt að 60% afslætti**

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur steiktar kjúklingalundir fyrir fjóra. með klettakálspestói, spínati og pasta ásamt snittubrauði. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu rétti í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.




## STEIKTAR KJÚKLINGALUNDIR MEÐ KLETTAKÁLSPESTÓI, SPÍNATI OG PASTA

**KLETTAKÁLSPESTÓ**
1 poki klettakál
2 msk. furuhnetur
2 msk. rifinn parmesanostur
2-3 hvítlauksgeirar
1-2 msk. ljóst balsamedik
1-2 msk. sítrónusafi
1 msk. sykur
Salt og pipar
1,5 dl olía, ekki ólífuolía

**AÐFERÐ**
Allt sett í matvinnsluvél og maukað.

**LUNDIR**
600 g kjúklingalundir
2 msk. olía
1 kúrbítur, skorinn í strimla
20 snjóbaunir
1 poki spínat
600 g soðið Barilla-pasta
Salt og nýmalaður pipar

**AÐFERÐ**
Hitið olíu á pönnu og steikið kjúklingalundirnar í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Bætið þá kúrbít og snjóbaunum á pönnuna og steikið í 2 mínútur til viðbótar. Kryddið með salti og pipar. Setjið spínatið og volgt pastað í stóra skál. Hellið klettakálspestóinu á pönnu og látið krauma í 30 sek. Hellið af pönnunni yfir spínatið og pastað og blandið vel saman. Skreytið með furuhnetum og rifnum parmesanosti. Berið strax fram með snittubrauði.


# Heilsuréttir Nings

Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.



Sushi er frábær hollustufæða

# NINGS




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

# CAROLA SYNGUR Í EUROVISION



Sænska blaðið Expressen segir frá því að Carola Häggkvist snúi aftur í evrópsku söngvakeppnina þetta árið en þó ekki sem keppandi. Carola verður með skemmtiatriði í hléi og heldur þar með upp á að 30 ár eru síðan hún tók fyrst þátt í keppninni. Carola var í þriðja sæti árið 1983. Söngvakeppnin verður haldin í Malmö 18. maí næstkomandi og 39 lönd senda þátttakendur. Carola, sem er orðin 46 ára, hefur sjö sinnum tekið þátt í keppninni og varð sigurvegari árið 1991. Undankeppni er hafin í Noregi en Svíar hefja sína undankeppni í byrjun febrúar. Undankeppni íslensku söngvakeppninnar hefst í kvöld og verður fram haldið annað kvöld. Úrslit fara fram í Hörpu þann 2. febrúar.











# HALDIÐ TIL ÁSTRALÍU

**ÚT AÐ LEIKA** *Leikskáldið Salka Guðmundsdóttir og leikstjórinn Graeme Maley eru á leiðinni til Adelaide í Ástralíu á stærstu leiklistarhátíð sunnan miðbaugs. Þar sýna þau verkið „Breaker“ eftir Sölku í leikstjórn Graeme.*

Við Graeme sýndum verk eftir mig í hádegisleikhúsi í Glasgow síðasta haust og verkið Breaker er í raun þróuð og betrumbætt útgáfa af því. Graeme þýddi svo verkið og leikstýrir því,“ segir Salka Guðmundsdóttir, höfundur leikverksins Breaker, sem sýnt verður á Adelaide-listahátíðinni í Ástralíu.

Hátíðin er ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum og stendur yfir í 24 daga og nætur. „Það er ótrúlegur fjöldi sýninga í gangi um alla borgina; leikhús, uppistand, tónlistaratriði, kabarettar og margt fleira.“

Breaker fjallar um ungan mann sem kemur til lítillar eyju úti í ballarhafi þar sem amma hans ólst upp. Í gegnum árin hefur hann heyrt rómantískar sögur um lífið á eyjunni. Þar hafa þó nýlega átt sér stað skelfilegir atburðir sem maðurinn á erfitt með að koma heim og saman við hugmyndir sínar um eyjuna. Í skólastofunni hittir hann svo grunnskólakennara sem segir honum frá hryllingnum sem hefur átt sér stað á eyjunni. „Þessar persónur grafa svo hvor undan heimi annarrs í gegnum verkið. Það er nokkurs konar ádeila á hugmyndir okkar um annað fólk sem lifir öðruvísi lífi en við. Það er ekki allt eins og það sýnist í fyrstu.“

Það er fyrir tilstilli Graeme að verk Sölku er á leiðinni til Adelaide. „Graeme leikstýrði og þýddi Djúpið eftir Jón Atla Jónasson fyrir tveimur árum og fór með það til Tasmaníu. Þar hitti hann leikhússtjóra frá Adelaide. Hann varð hrifinn og vildi endilega að Graeme hefði samband ef hann væri með eitthvað nýtt í höndunum. Við ákváðum því bara að kýla á það og hafa samband, enda langaði okkur að vinna meira saman. Verkið verður sýnt alls þrjátíu sinnum á hátíðinni svo þetta er eiginlega eins og að fara á vertíð.“

Í vetur verður svo verkið „Svona er það þá að vera þögnin í kórnum“ eftir Sölku sýnt í Borgarleikhúsinu. Auk þess vinnur hún að barnaleiksýningu með leikhópnum Soðið svið sem sýnd verður næsta haust. Graeme starfar sem leikstjóri og leikskáld bæði á Íslandi og í Skotlandi. ■vidir@365.is



**LISTRÆNIR ÚTRÁSARVÍKINGAR** Salka Guðmundsdóttir mun sýna leikverk sitt „Breaker“ í leikstjórn Graeme Maley í Ástralíu. Áætlað er að sýningin verði sýnd um 30 sinnum. MYND/ANTON

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**





25. JANÚAR 2013
Lífið
SISSA SÝNIR HEIMILIÐ
FÖGUR HÁTÍSKA Í PARÍS
SIGRÚN LILJA KENNIR „TRIXIN“
KONUR EIGA AÐ VERA KONUR
... Í ÖLLU SÍNU VELDI
LEIKKONAN ANÍTA BRIEM UM ALLT MILLI ÍSLANDS OG HOLLYWOOD
FRÉTTABLAÐIÐ
Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?



Glæsileikinn var allsráðandi í gærkveldi þegar Bláa lónið fagnaði nýrri vöru í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands. Gesta-



listinn var ekki af verri endanum en þar mátti sjá **Ágústu Johnson** og Önnu Eiríksdóttur úr Hreyfingu, **Unni Birnu Vilhjálmsdóttur** lögfræðing og Erlu dóttur hennar.



**Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir** lét einnig sjá sig sem og Anna Skúladóttir, sem situr í stjórn Bláa lónsins hf., og hin stórglæsilega Ása Brynjólfsdóttir, rannsókna- og þróunarstjóri.




Lífið

UMSJÓN
Elný Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Dean Paraskevopoulos
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid


# UPPLÝSINGAR SEM ER ERFITT AÐ META TIL FJÁR

Konur til athafna er nýtt námskeið þar sem metsöluhöfundurinn og framkvæmdastjóri Gyðju Collection, Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, oftast kennd við Gyðju, kennir hagnýtar aðferðir í markaðssetningu, sölu og framleiðslu á vörum og þjónustu.

### Námskeiðið svar við fyrirspurnum

Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu og hæfni þátttakenda við að framleiða, selja og markaðssetja vörur sínar og þjónustu hvort sem viðskiptahugmyndirnar eru á algjöru frumstigi eða þegar byrjaðar í rekstri.

„Ég fæ orðið margar fyrirspurnum frá konum sem hafa hug á að hefja framleiðslu og sölu á vörum og óska eftir að fá aðstoð mína og ráðleggingar í þeim efnum. Ég setti því saman hnitmiðað helgarnámskeið þar sem ég mun fara vel yfir „trikkin" í framleiðslu, sölu og markaðssetningu og miðla minni reynslu sem ég hef fengið við uppbygginguna á Gyðju." Að auki mun Sigrún Lilja kenna persónulega markmiðasetningu, framkomu, fundarstjórn og leiðir til að byggja upp sjálfstraust en það telur hún nauðsynlegan þátt til að ná árangri.

### Með áralanga reynslu

Sigrún hefur langa reynslu af framleiðslu, allt frá því að hún starfaði í fjölskyldufyrirtækinu Tanna auglýsingavörum og svo núna eftir að hún hóf rekstur sjálf. „Ég veit orðið sitt lítið af hverju um það hvernig best er að finna framleiðendur og eiga við þá góð samskipti svo að framleiðsluferlið gangi vel fyrir sig.

„Með námskeiðinu vil ég hjálpa konum að koma í veg fyrir að þær eyði nokkrum árum í að reka sig á eins og gengur og gerist í raunveruleikanum."

### Strákarnir líka áhugasamir

Sigrún segir að það hefði hjálpað sér mikið á sínum tíma að fá allar þær upplýsingar sem hún ætlar nú að miðla til annarra á silfurfati.

„Þetta eru upplýsingar sem er erfitt að meta til fjár og ég geri mér grein fyrir því en mig langar að leggja mitt af mörkum við að virkja og aðstoða hugmyndaríkar og sniðugar konur og koma þeim af stað."

Eftir að Sigrún setti upp Facebooksíðu fyrir námskeiðið, facebook.com/konurtilathafna, fékk hún fjöldann allan af áskorunum frá herramönnum sem langar til að koma á námskeiðið. „Ég hef því líka sett upp forskráningu á annað námskeið fyrir bæði kynin sem ég stefni á að halda á næstu mánuðum," segir Sigrún Lilja að lokum. Námskeiðið Konur til athafna fer fram helgina 9.-10. febrúar næstkomandi. Skráning og allar nánari upplýsingar fara fram á Facebooksíðu námskeiðsins, Konur til athafna.



Sigrún Lilja Guðjónsdóttir hefur sett saman hnitmiðað námskeið til að hjálpa konum með viðskiptahugmyndir við að koma sér af stað.






## HVER ER MAÐURINN? Þórey Eva undirbýr Reykjavík Fashion Festival



**Nafn** Þórey Eva Einarsdóttir.

**Aldur** 34 ára.

**Starf** Framkvæmdastjóri Reykjavik Fashion Festival.

**Maki** Gunnar Páll Ólafsson auglýsingaleikstjóri.

**Börn** Frumburðurinn á að mæta í byrjun júlí og Guðrún Katrín, 8 ára fósturdóttir mín.

**Áhugamál** Matur og vín, borgarferðir og bókalestur, mannrækt og jóga.

**Hvað stendur upp úr eftir vikuna?** Kærastinn dró mig í bíó á þriðjudegi á myndina hans Quentins Tarantino. Það verður nú að teljast til betri þriðjudagskvölda á þessum vetrarmánuðum.

**Hvað á að gera um helgina?** Þessi helgi fer að mestum hluta í að vinna þar sem hluti af þýska hönnunarteyminu frá Atelier Kontrast (sem verður „show producer" RFF í ár ) er að koma í vinnuferð og byrja undirbúning. Marjan Venema, tengill hönnuða á RFF, er búin að skipuleggja af sinni einskæru snilld heimsóknir til hönnuða og þangað sem hátíðin verður haldin og „brainstorm"-fundi. Ef tími gefst þá væri dásamlegt að fara í jóga, sund og slappa af með fjölskyldunni.

**Eitthvað að lokum?** Vil nýta tækifærið og minna á að RFF verður með opnar prufur þriðjudaginn 29. janúar í Elite í Ármúla 21 milli 17.00-20.00 og eru þær opnar bæði strákum og stelpum sem eru yfir 175 cm og hafa brennandi áhuga á að taka þátt sem módel á Reykjavik Fashion Festival.

# FALLEGIR LOÐKRAGAR
# - NÝ SENDING -



Kragi Þvottabjörn
VERÐ 22.900,-



Kragi Þvottabjörn
VERÐ 13.900,-



Eyrnaband Silfurrefur
VERÐ 14.900,-



Kragi Svartur Þvottabjörn
VERÐ 12.900,-



Trefill Ljósbrúnn Refur
VERÐ 12.900,-



Trefill Þvottabjörn
VERÐ 9.900,-



Trefill Silfurrefur
VERÐ 14.900,-



Húfa Kanínuskinn
VERÐ 12.900,-



Eyrnaband Kanínuskinn
VERÐ 4.500,-



Húfa Svört
VERÐ 5.900,-



Húfa kanínuskinn
VERÐ 3.900,-

## MYCONCEPTSTORE.IS

Verslun: innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 6699 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

# FÖGUR HÁTÍSKA Í PARÍS

**Nú eru tískuvikurnar að fara af stað en tískuspekingar hafa haldið til í Parísarborg undanfarna viku til að berja hátísku sumarsins augum en hún einkenndist af íburðamiklum klæðum.** - áp





### CHRISTIAN DIOR
Meiri einfaldleiki var ríkjandi á hátískusýningu Christian Dior nú en fyrri ár og greinilegt að nýi hönnuðurinn Raf Simons hefur tekið til hendinni. Fallegir kjólar, buxnadragtir og litapallettan grátt, gult og hvítt.





### ATELIER VERSACE
Gull, silfur og gult mátti sjá í hátískulínu glamúrmerkisins Versace. Buxnadragtir úr gylltu efni, stuttir þröngir kjólar og gegnsæ efni í síðkjólum .




### CHANEL
Karl Lagerfeld sló ekkert af er hann hannaði hátískulínu Chanel í ár. Rómantíkin sveif yfir vötnum og var svart og hvítt áberandi að vanda.

## STUÐNINGSYFIRLÝSING LAGERFELDS



Það hefur oft verið venja að hönnuðir loki sýningum sínum með íburðarmiklum brúðarkjólum. Karl Lagerfeld gerði betur á hátískusýningu Chanel er hann lét tvær fyrirsætur í brúðarkjólum leiðast eftir tískupallinum við fögnuð áhorfenda. Athæfið er talið vera stuðningsyfirlýsing Lagerfeld við hjónabönd samkynhneigðra sem er verið að kljást um í franska þinginu þessa dagana. Með fyrirsætunum var svo hinn fjögurra ára gamli Hudson Kroenig sem er sjóuð fyrirsæta en hann hefur fjórum sinnum tekið þátt í tískusýningu Chanel.

# SISSA SÝNIR HEIMILIÐ



Hún býr í fallegu húsi í miðbæ Reykjavíkur fullu af fallegum ljósmyndum. Í næsta þætti af Heimsókn, sem sýndur er í opinni dagskrá á morgun, laugardag, strax að loknum fréttum, bankar Sindri upp á hjá Sissu ljósmyndara sem geymir fallegustu fjölskyldumyndirnar á óvenjulegum stað.


Falleg stofa.


Einn af fjölskyldumeðlimunum.


Ljósmyndir spila stórt hlutverk á heimili Sissu.

# VIRK EFNI ÚR LÓNINU

Blue Lagoon setur nú á markað nýtt þörungakrem, Nourishing Rich Cream, nærandi krem sem hentar vel við íslenskar aðstæður.
Blue Lagoon-þörungar, sem þekktir eru fyrir virkni gegn öldrun húðarinnar, eru lykilinnihaldsefni nýja andlitskremsins. Blue Lagoon-þörungamaskinn, sem settur var á markað í fyrra, sló í gegn á meðal íslenskra kvenna og nýja þörungakremið er spennandi viðbót við Blue Lagoon-vörulínuna sem byggir á virkum efnum Bláa lónsins, kísil, steinefnum og þörungum.




Nýja þörungakremið er 24 stunda krem og hentar því bæði sem dag- og næturkrem. Kremið veitir jafna og fallega áferð og hentar því vel undir farða auk þess sem það dregur fram ljóma húðarinnar.


**Áríðandi tilkynning! D vítamín birgðir Íslendinga eru í lágmarki nú í skammdeginu**

**DLUX1000** er byltingarkennt D-vítamín í munnúðaformi

**Tryggir hámarksnýtingu !**

3 mánaða skammtur

**Af hverju D Lux 1000?**

BetterYou

- DLUX 1000 er olíublandað og tryggir því betri nýtingu.
- Vítamínið fer beint út í blóðrás í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn sem tryggir hraðari upptöku.
- Skammtakerfi sem skammtar 1000IU í hverjum úða.
- Í hverju glasi eru 100 úðar um 3ja mánaða skammtur.
- Hentar grænmetisætum

BetterYou
Eins og náttúran hafði í hyggju
DLUX 1000

**D vítamín til daglegra nota**
**Hentar öllum aldri**
**Náttúrulegt piparmyntubragð**






Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaup, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Lifandi Markaður

www.gengurvel.is


ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
MARÍA BIRTA
„Virkilega töff mynd með viðeigandi boðskap fyrir okkur Íslendinga, 4 stjörnur“
- Frosti á X-inu"
„Mögnuð rússibanareið. Ég mæli eindregið með að allir fari á XL.“
- Johannes Kr Kristjansson, Kastljós
KOMIN Í BÍÓ
XL
KVIKMYND EFTIR
MARTEIN THORSSON
WWW.TENDERLEE.COM/XL
TENDERLEE



MYND/CONSTANTINE PARASKEVOPOULOS

# LIFI SPENNANDI OG GÓÐU LÍFI

**Leikkonan Aníta Briem og eiginmaður hennar, Constantine Paraskevopoulus, voru að ljúka við sína fyrstu kvikmynd saman þar sem þau leika bæði og hann leikstýrði. Jafnframt er myndin sú fyrsta sem fyrirtæki þeirra hjóna framleiðir. Lífið spjallaði við Anítu um allt milli Íslands og Hollywood.**

Leikkonan Aníta Briem og eiginmaður hennar Constantine voru að ljúka við sína fyrstu kvikmynd saman þar sem þau leika bæði og hann leikstýrði. Jafnframt er myndin sú fyrsta sem fyrirtæki þeirra hjóna framleiðir. Lífið spjallaði við Anítu um allt milli Íslands og Hollywood.

**Gleðilegt ár kæra Aníta. Þú eyddir hátíðunum á Íslandi með eiginmanni þínum og fjölskyldu. Hvernig upplifun var það?** Við höfðum það alveg stórkostlegt takk, hjá mömmu á Mývatni.

Ég sakna hennar mikið svo við nutum þess í botn að vera saman í friði og kyrrð. Svo er ég svo heppin að eiga alveg yndislega afa og ömmur sem ég hafði þráð að eyða tíma með. Líf mitt og umhverfi er mjög krefjandi, bæði líkamlega og andlega, svo það er nauðsynlegt fyrir mig að komast í ró og frið reglulega, þannig get ég séð hlutina frá öðru sjónarhorni.

**Ertu vön að koma til Íslands yfir jólin eða hafið þið haldið jólin erlendis líka?** Við Constantine höfum haldið jól í Los Angeles síðan við giftum okkur. Það var meira að segja mamma sem hvatti til þess. Það vita örugglega margir að fyrstu jólin sem hjón halda eru mjög falleg og sérstök, þegar hefðirnar eru í mótun og nýjar minningar að fæðast. Maður reynir að herma eftir foreldrum sínum og úr því verða svo alls konar slys sem breytast í hefðir.

**Er mikill munur á jólunum hér og erlendis?** Nú hef ég upplifað jól á Bretlandi og í Bandaríkjunum og mér finnst íslensku jólin búa yfir hátíðlegum blæ sem ég finn hvergi annars staðar. Ég átti til dæmis jól í Bretlandi með ástríðufullum rússneskum skáldum og málurum, ein jól á enskum pöbb yfir gin og tónik, ein jól föst alein í Los Angeles þar






**„Ég hef staðið mig að því að vernda og fela kynþokkann og kvenleikann – en konur eiga að vera konur, í öllu sínu dásamlega veldi.**



Glæsileg á rauða dreglinum.

sem dagana fyrir jól var svo mikill bandarískur jólahávaði að ég flúði inn í kvikmyndahús alla daga.

Mér finnst einfaldlega ómissandi að búa til hinn stórhættulega aðventukrans og kveikja á kerti hvern sunnudag í aðventunni, hringja inn jólin klukkan sex, hlusta á messu, fara í einhvers konar síðkjól og hlusta á friðinn yfir jólaöli og rauðvínstári.

Okkar jól eru sem sagt með ósköp íslensku sniði – við ákváðum eiginlega að halda íslensk jól og svo gríska páska, en það heldur enginn páskahátíð eins og Grikkirnir!

## Stórbrotið fólk breytir þér

**Reglulega birtast okkur ánægjulegar fréttir af þér og þínum leiklistarsigrum. Viltu segja okkur hvað þú ert að takast á við einmitt núna og hvort það er eitthvað spennandi fram undan hjá þér?**

Við Constantine vorum að gera okkar fyrstu bíómynd saman þar sem við leikum bæði, hann leikstýrði og er það jafnframt fyrsta myndin sem fyrirtækið okkar framleiðir. Þetta er gamanmynd með stórkostlegum leikurum á borð við Terrence Howard, Taye Diggs, Jennifer Morrison, Michael Bacall og fleirum.

Svo hef ég ráðið mig í bíómynd í vor en einnig er verið að þróa bíómynd sem var skrifuð sérstaklega fyrir mig en ég get ekki talað um það núna þar sem ég er hjátrúarfull og reyni að tala ekki um svona fyrr en gengið er frá öllum samningum og ég er á leiðinni á settið!

**Þú hefur nú þegar unnið með nokkrum þekktum leikurum og leikstjórum. Er einhver í sérstöku uppáhaldi hjá þér?** Mínir helstu lærimeistarar eru Martin Landau, Alison Steadman, Gunnar Eyjólfsson og Shirley Knight. Það var einstök ánægja að vinna með Terrence Howard en hann er leikari sem er algjörlega lifandi með þér í hverju augnabliki. Taye Diggs er frábær. Svo hafði vinna mín með leikstjóranum Mike Figgis mikil áhrif á mig, þegar þú færð að vinna með svona stórbrotnu fólki lifir það alltaf í þér – og breytir þér.

## Langar að hringlast meira í ástinni

**Hvað er erfiðasta hlutverkið sem þú hefur leikið fram að þessu?** Erfiðasta og sennilega það skemmtilegasta er Marina í Catalogue of Misunderstandings sem Mike Figgis leikstýrði í Þjóðleikhúsinu í London. Við vorum bara tveir leikarar í sýningunni og Mike ýtti mér mikið og sýndi mér hug sinn með tónlist, rytma, augnaráði, kenndi mér að treysta sjálfri mér og lifa hættulega á sviðinu.

**Ertu stoltari af einhverju einu hlutverki en öðru?** Þau eru tvö. Bella í Losing Louis – leikritið byrjaði á sviðinu í Hampstead-leikhúsinu en það var uppselt á allar sýningarnar og svo vorum við flutt á West End þar sem við sýndum í þessu virtasta leikhúshverfi heims í næstum ár. Leikritið er frábært og ég fékk að túlka unga stúlku í þrungnu og flóknu ástarsambandi, eitthvað sem ég vildi gjarnan gera meira af, hringlast í ástinni.

Hitt hlutverkið er Hanna í Journey to the Center of the Earth – ég naut þess virkilega að fá að túlka þessa heldur einkennilegu konu sem kannski passar ekki alveg inn í samfélagið og finnur svo ást og vináttu á ólíklegasta stað. Kvikmyndin í heild sinni var mikið og flókið ferli og mikil vinna í þeim hluta sem enginn sér og ég er bara stolt yfir að hafa skilað því öllu sómasamlega og á lífi.

## Ómögulegt að plana barneignir

**Áttu þér uppáhaldsleikara eða -leikstjóra sem þú myndir vilja vinna með?** Mesti heiður sem ég gæti hugsað mér væri að vinna með leikstjórunum P.T. Anderson og David Lynch. Mjög ólíkir leikstjórar en hafa báðir afar skýra sýn og tæknilega getu til að túlka hana.

**Hvernig er það fyrir leikkonu sem er að vinna hörðum höndum að ferli sínum að plana framtíðina, eins og barneignir og annað?** Ég hef mikið brotið heilann um hvernig maður planar barneignir á fullkominn og ábyrgðarfullan hátt og ég hef komist að þeirri niðurstöðu að það er ómögulegt! Ég hef ákveðið að hafa ekki svona miklar áhyggjur og leyfa þessu bara að fljóta (eins og mamma segir alltaf)…

**Sérðu móðurhlutverkið fyrir þér síðar?** Já, það geri ég. Ég vissulega vona það. Ég tek engu sem sjálfsögðum hlut.

**Hvers saknar þú helst við Ísland?** Að tilheyra hópi fólks. Fjölskyldu minnar.

## Upplifir mikla grósku á Íslandi

**Hvernig upplifir þú Ísland og íslenskt hugarfar eftir hrunið?** Íslenska þjóðin hefur staðið sig með eindæmum vel á erfiðum tímum. Fólk gerir sér kannski ekki grein ▶



Hjónin á björtum sumardegi.





Aníta reynir reglulega að klæðast íslenskri hönnun á rauða dreglinum.

## Uppáhalds

**MATUR:** Allt sem maðurinn minn eldar fyrir mig, það er eins og að borða ást, steikin á Dantanas (frægum old school ítölskum veitingastað í Los Angeles), íslenskur fiskur og fiskisúpan hennar ömmu Hjördísar.

**DRYKKUR:** Ákavíti og íslenskur bjór er einn af mínum veikleikum, sérstaklega þegar mér er færður einn ískaldur í lónið.

**VEITINGASTAÐUR:** Sunset Towers og Dan Tana's hér í Los Angeles, og á Íslandi finnst mér, Við Tjörnina æði sem og Sjávarkjallarinn, Hamborgarabúllan og eins allir staðir sem selja íslenskar pylsur.

**HÖNNUÐUR:** Jenny Packham, Stella McCartney, Harpa Einarsdóttir og Gyðja.

**HEIMASÍÐA:** bbc news, ted.com,

**TÍMARIT:** Aðallega Sunday New York Times, ég sit yfir því mestalla vikuna og ræðst í mismunandi section eftir skapi, Nýtt Líf þegar ég næ í það, Zoetrope blaðið All-Story svo einstöku sinnum Vogue.

**HREYFING:** Ég geri alltaf jógaæfingar með Guðjóni Bergmann. Á þær á dvd og hef hann alltaf með mér. Svo tek ég ólíkar syrpur eftir því hverning persónur ég er að leika hverju sinni. Ég hef til dæmis stundað alls konar bardagalist þar sem ég hef þurft að taka að mér ólík áhættuatriði og slagsmálasenur. Núna síðast lék ég til dæmis mikinn vandræðagemling í gamanmynd og vildi því hafa mjúkar línur og ákvað því að fara í súludans og jóga í bland. Svo þurfti ég líka að vera ansi fáklædd í einni senu svo mig langaði að sjá hvað ég gæti ýtt kvenleikanum langt, vera opin, mjúk. Ég hef staðið mig að því að vernda og fela kynþokkann og kvenleikann – en konur eiga að vera konur, í öllu sínu dásamlega veldi.

**DEKUR:** Fyrst fæ ég blinda nuddarann minn heim. Hann er snillingur. Svo er það að kveikja á fullt af kertum og horfa á bíómynd í freyðibaði með smá romm í spariglasi.








▶ fyrir hversu vel. Ég var í Grikklandi í sumar og það var eiginlega ótrúlegt að upplifa það en þegar fólk heyrði að ég væri íslensk lýstist það upp og fór að spyrja mig spjörunum úr um hvernig við hefðum farið að því að koma okkur upp úr þessu versta eins og við gerðum. Þau hafa öll verið að stúdera okkur í gegnum fréttir og heimildarmyndir og vilja feta í fótspor víkinganna sem báru höfuðið hátt og beittu sér svona vel á erfiðum tímum.

Það er alltaf auðvelt fyrir neikvæða hávaðann að yfirgnæfa það góða en þegar ég kem heim sé ég grósku í íslensku tónlistarfólki sem aldrei fyrr og leikhúsin okkar eru á heimsmælikvarða og ég er ótrúlega stolt af þeim anda sem einkennir íslensku þjóðina.

**Er hark að vera Hollywood-leikkona?** Það er hark og það er dásamlegt. Stundum erfitt þegar það reynir á sjálfstraustið og allt sem þú stendur fyrir. En ég hef það gott og fæ að vinna við það sem ég elska og vera í kringum fólk sem kemur alls staðar að, eins og ég, til að fá að skapa sögur í þessu formi. Hollywood er eins og ein stór fjölskylda, kannski bara aðeins í brenglaðri kantinum, en fjölskylda samt.

### Stolt af mistökunum

**Þú talaðir einhvern tímann um galla og grimmd Hollywood. Getur lífið jafnvel verið einmanalegt í þessari miklu glamúrborg?** Eins og er ábyggilega til staðar í öllum iðnaði á heimsmælikvarða; Washington, Wall Street, Hollywood. Samkeppnin og áráttan er mikil og fólk segir og gerir hluti sem væru kannski ekki ásættanlegir í mannúðlegri samfélögum. Það hefur verið erfitt fyrir mig að venjast þessu og ég þarf virkilega að muna að fylgja hjartanu og vera fylgin þeirri manneskju sem ég vil vera. Ég gæti ekki sofið á nóttunni ef ég myndi beita mér eins og sumir hér, jafnvel ef það kæmi mér lengra. Ég er stolt af því hvernig ég beiti mér, jafnvel þegar ég geri mistök því ég veit að ég mun læra og verða betri.

**En einhverjir hljóta nú kostirnir að vera líka?** Ég lifi spennandi, krefjandi og mjög góðu lífi, ég fékk að giftast draumaprinsinum sem kemur mér endalaust á óvart, elskar mig út af lífinu og myndi leggjast á lestarteina fyrir mig – og ég á bestu fjölskyldu sem hægt er að hugsa sér og hefur alltaf staðið við bakið á mér. Ég hef nú þegar fengið að vinna með goðsögnum sem hafa deilt með mér reynslu, ævintýrum og hæfileikum sínum og hjálpað mér að verða betri. Ég sat t.d. kvöldum saman með Martin Landau sem sagði mér sögur af Frank Sinatra og Jimmy Dean; var tætt í sundur og byggð aftur upp af Bill Gaskill, sem stofnaði Royal Court-leikhúsið í London með Sir Laurence Olivier, þegar hann kenndi mér í RADA; hef fengið minn fyrsta gítar og kennslu með frá Mike Figgis, sem vann til Óskarsverðlauna fyrir Leaving Las Vegas; hef upplifað furðulegustu Hollywood-partí; átt sérkennilegan og yndislegan dag með Woody Allen; fengið laugardagssímtöl frá yfirmanni Warner Brothers til að óska mér til hamingju eftir að ég fékk afburða glæsta dóma í grein Wall Street Journal; sungið fyrir The Wu Tang Clan; þetta er bara það sem mér dettur í hug í fljótu bragði … Það er því óhætt að segja að líf mitt sé aldrei leiðinlegt og ég er þakklát fyrir að hafa nú þegar fengið að upplifa svona ótrúlega hluti. Ég vona að ég fái að halda áfram og búa til nokkrar magnaðar kvikmyndir í mínu lífi.

### Eigum að standa saman

**Þú hefur klæðst íslenskri hönnun á rauða dreglinum. Leggur þú það í vana þinn eða er það bara tilfallandi?** Íslenskir hönnuðir og listafólkið okkar almennt er afar hæfileikaríkt. Mér þykir vænt um að geta gert það sem ég get til þess að styrkja og styðja það. Við eigum að standa saman.

# Vetrar útsala Fjallakofans

hefst í dag

**25. janúar til 5. febrúar**

## 20-60% afsláttur

af öllum vörum*

Gríptu tækifærið og fáðu þér **Scarpa** gönguskó, **Smartwool** sokka, nærföt, vettlinga eða húfu, **Marmot** Gore-Tex fatnað, svefnpoka, bakpoka og margt fleira á þessari frábæru vetrarútsölu!

Vettlingar 30% afsláttur

Dúnúlpur 20-40% afsláttur

Ullarnærföt 20-30% afsláttur

Scarpa skór 20-50% afsláttur

**Afgreiðslutímar um helgina:**
föstud. 25. jan. kl. 10-18 í öllum verslunum
laugard. 26. jan. kl. 10-16 í öllum verslunum
sunnud. 27. jan. kl. 12-17 í Kringlunni 7

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.

*Gildir ekki af GoPro, Goal-Zero og snjóflóðaýlum

FJALLA KOFINN

afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



Mottan undirstrikar rýmið.

# GRAFÍK GETUR GERT MIKIÐ FYRIR HEIMILIÐ

**Jafnvel þó að grafíkin hafi verið áberandi innanhúss undanfarin ár halda vinsældir hennar ótrautt áfram, sérstaklega í stílhreinum og einföldum rýmum. Má sjá mynstrin notuð á ýmsa vegu, allt frá feitletraðri grafík í mottum, plakötum, púðum og veggfóðri til skrautskriftar á húsgögnum.**

**Höfundur: Bríet Ósk Guðrúnardóttir, nemi í innanhússarkitektúr**
**http://brietosk.com/**



Andstæður.



Leikið með málningu og mynstur.



Rendur og doppur hafa verið nokkuð áberandi að undanförnu.



Þetta fallega veggfóður er frá Fine Little Day.





STÖÐ 2 FÖSTUDAGSKVÖLD

20:10

MASTERCHEF ÍSLAND

Matreiðsla hefur aldrei verið jafn spennandi!

2 | 2 BÍÓ | 2 GULL | 2 krakkar | POPP TÍVÍ

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

# FEBRÚAR BRAGÐAST ENN BETUR Á STÖÐ 2

Njóttu þess að vera með Stöð 2 í skammdeginu. Ferskir og góðir rammíslenskir þættir fyrir alla fjölskylduna! Vertu ekki of súr á þorranum. Vertu með Stöð 2.

NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI**
OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

STÖÐ 2 FÖSTUDAGSKVÖLD

19:45

TÝNDA KYNSLÓÐIN

Björn Bragi og Nilli gera allt vitlaust að vanda!






STÖÐ 2 LAUGARDAGSKVÖLD

18:55

HEIMSÓKN

Fólk með frábæran smekk býður Sindra í heimsókn.

STÖÐ 2 SUNNUDAGSKVÖLD

19:50

SJÁLFSTÆTT FÓLK

Jón Ársæll Þórðarson hjálpar þér að kynnast áhugaverðustu Íslendingunum betur.



FÍTON / SÍA

2 HD

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

# GLEÐIN VERÐUR Í GARÐABÆ

Bóndadagurinn er í dag og er honum fagnað víðs vegar um borg og bý og það með ýmsum hætti. Í tilefni dagsins halda íbúar Garðabæjar og aðrir á hið árlega þorrablót Stjörnunnar sem fram fer í kvöld í Mýrinni en þorrablótið er orðið þekkt fyrir stærð sína og stuð en alls eru tólf hundruð manns sem sækja sjálfan matinn og fer fjöldinn upp í tvö þúsund á ballinu síðar um kvöldið. Dagskrá kvöldsins er ekki af verri endanum en það er Almar Guðmundsson sem er veislustjóri, **Logi Bergmann Eiðsson** ræðumaður og svo munu Ingó og veðurguðirnir leika fyrir dansi. Meðal glæsilegra gesta verða **Þórunn Erna Clausen**, söng- og leikkona, Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður, **Elín María Björnsdóttir**, vinirnir Ívar Guðmundsson og Arnar Grant og margir fleiri.



## Helgar-MATURINN



**Dagbjört Inga Hafliðadóttir, sem lauk nýverið þátttöku sinni í Masterchef, deilir hér með Lífinu einum af sínum uppáhaldsréttum sem hún segist iðulega fá mikið lof fyrir.**

### Taílenskt „fusion“ nautasalat

**(fyrir fjóra sem forréttur eða tvo sem léttur aðalréttur)**

„Væn“ sneið af fersku nautafillet
1 rauður chili, smátt skorinn
2 hvítlauksrif, söxuð
2 cm engifer, rifinn
1 msk. fiskisósa (taílensk „fish sauce“ fæst í flestum matvörubúðum)
3-4 msk. sojasósa
1 msk. sesamolía
Safi úr einu lime
1 tsk. sykur
4-5 vorlaukar, þunnar sneiðar
1 msk. olía (mild)
Ein dós kirsuberjatómatar
Pakki kóríanderlauf
Salatlauf

Gera marineringu: Blanda saman chili, hvítlauksrifum, engifer, fiskisósu, sojasósu, sesamolíu, safa af lime, sykri og helmingi af vorlauknum. Setja nautakjötssneiðina í marineringuna.
Hita pönnu á frekar háum hita. Setja olíuna út á. Kjötsneiðin sett á pönnuna og steikt í u.þ.b. 2 mínútur á annarri hliðinni. Snúa kjötsneiðinni við og bæta við kirsjuberjatómötunum og afganginum af marineringunni. Steikja í u.þ.b. 2 mínútur aftur. Pannan tekin af hita og kjötið sett í álpappír til að hvíla í u.þ.b. 2 mínútur. Kóríander og restin af vorlauknum bætt við afganginn af marineringunni á pönnunni.
Kjötið skorið í þunnar sneiðar og lagt yfir salatblöðin. Marineringu og öðru á pönnunni hellt yfir. Gott með léttu rauðvíni með litlu tanníni í, t.d. Beaujolais Nouveau. Bon appetit!






## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**EKINN AÐEINS 59.Þ KM**
NISSAN NOTE.Árgerð 2006,ekinn aðeins 59.þ km,bensín,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð áður 1.890.000.Tilboð 1.590.000.- Rnr.103095.Sími:562-1717.



**TILBOÐ 1.490.000.-**
MMC L200 DOUBLE CAB GLS 4WD. Árgerð 2006,ekinn 209.þ km dísel,5 gírar,einn eigandi,góð smurbók,er á staðnum.Verð áður 1.890.000.Tilboð 1.490.000.- Rnr.350181.Sími:5621717.



**TILBOÐ 1.990.000.-**
MAZDA BT-50 DOUBLE CABIN 4WD. Árgerð 2007,ekinn 206.þ km,5 gírar,einn eigandi,góð smurbók.Verð áður 2.570.000.Tilboð 1.990.000.- Rnr.125817.Sími:5621717.



**TILBOÐ 1.290.000.-**
MAZDA B-LÍNAN B2500 DC 4WD. Árgerð 2005,ekinn 189.þ km, dísel,5 gírar,einn eigandi,góð smurbók,er á staðnum.Verð áður 1.980.000.Tilboð 1.290.000.- Rnr.103138.Sími:5621717.

**Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is**

HEIMSBÍLAR



LAND ROVER Range rover hse. Árgerð 1996, ekinn 207 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 890.000. tilboðsverð 650þ stgr.einn gamall og góður. Rnr.333480.



M.BENZ C 200 kompressor. Árgerð 2007, ekinn 72 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.góð dekk, gullfallegur bíll, SKOÐAÐU VERÐIÐ.bíllinn er á staðnum. Verð 4.250.000. Rnr.333857.

**Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VW Passat highline. Árgerð 2008, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.110739.



TOYOTA Land cruiser 150 vx. Árgerð 2010, ekinn 139 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.490.000. Rnr.160494.



KIA Ceed lx 1.6 disel sjálfsk.. Árgerð 2012, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.550.000. Rnr.160486.



KIA Rio ex 1.4 disel. Árgerð 2012, ekinn 14 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.990090.

**ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



HYUNDAI SANTA FE 4x4. Árg 2004, ek. 157 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 990þ áhvl 749þ afb 44þ - búið að skipta um tímareim! Bíll Í toppstandi. Rnr.123330.

**Höfðabílar
Fosshdáls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is**




VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bílar.is

**100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is**

## Bílar til sölu



WV Bora 99 árg. 1,6 vél beinsk ek. 195 þús, ný tímareim, álfelgur, vetrardekk toppbíll. Verð 395 þús. Gsm 868 2352.




**VERÐUR AÐ SELJAST**
MMC Pajero V6 Bensín 35" Árg. 4/2000 Ekinn 178.000 Sjálfskiptur, Leður, Toppl, Nýtt í bremsum, 3 Gangar dekkjum á felgum fylgja með. Ásett verð 890.000 Tilboð óskast? Enginn skipti 100% Visa-Euro lán til allt að 59 mán möguleiki. uppl. 820-3883.



**VOLVO S60 AVD. (4X4)**
Árgerð 2002, Ekinn 72 mílur, Sjálfskiptur, nýleg dekk, Skoðaður 2014, leður, sóllúga. Vel með farinn bíll. Ásett verð 1.490Þ. Uppl.í 617-5460



Gullfallegur Nissan Qashqai+2 til sölu, 2.0 vél, beinskiptur, 7 manna, 17" álfelgur, ný Michellin negld vetrardekk, panorama view, rafdrifin gardína, dökkar rúður, Bluetooth fyrir síma, ekinn aðeins 31 þús., skráður í október 2010 og aðeins einn eigandi, engin skipti en selst nú um helgina á kr. 3.190.þús. Upplýsingar í GSM 843-6003.



**EÐALVAGN VOLVO XC 90**
Einn með öllu. Árg.'05. Bensín. Keyrður 63.000 km. Verð 3600 þ. staðgr. Leifur 896 1498.

Subaru Legacy árg.'01 ek.220þús., bensín, sjálfskiptur. Sumar og vetradekk fylgja. Verð 410þús. S: 820 5244 eða 565 7206.




## 0-250 þús.



Til sölu Polo ek. 180 þús, sko 13. Bíll í góðu lagi. Verð 200 þús. S. 6666 555.

## 250-499 þús.



**2002 JEPPLINGUR
TILBOÐ 350 ÞÚS**
MITSUBISHI PAJERO PININ 1,8 4x4 árg.' 2002 beinskiptur, heilsársdekk, skoðaður 13, eyðir litlu 9-10 ltr/100 km innabæjar, lýtur vel út og mjög þægilegur og góður í keyrslu ásett verð 590 þús. Tilboð 350 þús. s.841 8955.

## Bílar óskast

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar, sendibílar, flutningar og flutningaþjónusta. S. 772 1450

## Bílaþjónusta



**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ**
Við höfum langa reynslu í bílsætaviðgerðum.

Fljót og góð þjónusta.

Sjá video www.hsbolstrun.is
**Formbólstrun Hamraborg 5, Kópavogi. (Hamrabrekkumegin)
s: 5445750.**

## Varahlutir

**VARAHLUTAVAKTIN
SÍMI 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI
S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐLIST
23
Vöktun á plönum
Hálkueyðing - Snjómokstur
Fáðu tilboð ... 554 1989

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

## Til sölu




**LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR**
Allir saltkristalslampar nú á 20% afslætti. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is



**POTTLOK**
Saumum yfir heita potta úr sterkum pvc dúk, sem þolir mikin þunga. Mjög létt að opna og rúlla segli upp.
**Formbólstrun Hamraborg 5, Kópavogi. (Hamrabrekkumegin)
www.hsbolstrun.is
s: 5445750.**

## fasteignir





**Framnesvegur 27** - 4. hæð 101 Reykjavík

SUNNUDAGUR
**FRÁ 15:00-15:30**

Björt og falleg íbúð í tignarlegu fjölbýlishúsi í Vesturbænum
Tvennar svalir. Stór og björt stofa með stórkostlegu útsýni yfir Faxaflóann

Nánari upplýsingar veitir Þórhallur Ágústsson s. 663-0009
eða thorhallur@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **35 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## tilkynningar

**Framboð til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni**

F·E·B

Tillögur uppstillingarnefndar um framboð til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni liggja nú frammi á skrifstofu félagsins fram að aðalfundi 15. febrúar nk. og geta félagsmenn komið og skoðað þær eða óskað símleiðis eftir upplýsingum um hverjir eru í framboði til stjórnar, í síma 588 21 11.

Einnig geta félagsmenn gert tillögur um **önnur nöfn á framboðslista til stjórnar félagsins, til og með 1. febrúar 2013.** Eftir það verður **ekki** hægt að bjóða sig fram til stjórnarsetu á þessum aðalfundi.

Skipulagsstofnun

**Framleiðsla Kísils í Helguvík**

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Stakksbraut 9 ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um framleiðslu kísils í Helguvík, framleiðslugeta allt að 100.000 tonn á ári. Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **26. janúar til 11. mars 2013** á eftirtöldum stöðum: Á bókasafni Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Stakksbrautar 9: **www.s9.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **11. mars 2013** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum. Vakin er athygli á því að frummatsskýrslan er kynnt að nýju vegna ágalla sem var í fyrri útgáfu skýrslunnar.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun






## Til sölu



Vandaðir þýskir öryggisskór á fínu verði. Uppl. Baldur í 848-6972 eða á baldur@groinn.is Facebook-gróinn ehf



**20% TIL 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TÖSKUM,**
samkvæmisveskjum og seðlaveskjum. Brjálað töskuúrval Töskur frá 1.000,- Súpersól Hólmaseli 2. S. 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 8687204.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápar, þurrkara 10 KG, barkalausir þurrkarar, uppþvottavélar, S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**4JA HERBERGJA ÍBÚÐ**
Góð 100 fm, 4ja herbergja íbúð á Miklubraut. 3 svefnherbergi. Leiga 175 þús + hússjóður. Laus 1. feb. Uppl. í s. 663 5790 eftir kl. 17:00

## Húsnæði óskast

48 ára gömul kona utan af landi óskar eftir lítilli leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 821-7689

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 150fm Iðnaðarhúsnæði á skemmuvegi í Kóp, Stórar innkeyrsludyr, lofthæð tæpir 4m, uppl í síma: 699 0778

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Nýútskrifuð úr HÍ og óska eftir fullri vinnu til 1. sept. Flest kemur til greina. S. 770 7213

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SPJALLDÖMUR 908 2000**
Opið allan sólarhringinn. Engin bið nema þegar talað er.






## skemmtanir


Boltinn í beinni

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



Hljómsveitin **SÍN** spilar í kvöld **ásamt Ester Ágústu**

Allir velkomnir.

**Leikir helgarinnar:**

Laugardagur 26. jan:
12:35 **Stoke - Man. City**
17:25 **Man. Utd. - Fulham**

Sunnudagur 27. jan:
13:55 **Leeds - Tottenham**
15:55 **Oldham - Liverpool**

HM Í BEINNI!

GULLNAMAN

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

# CD & DVD
# VERÐ FRÁ 999
## HUNDRUÐIR TITLA Í BOÐI!




# CD&DVD MARKAÐUR

Gildir til 30. janúar eða á meðan birgðir endast.
Fáanlegt í Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** plat, **6.** klukka, **8.** skip, **9.** kirna, **11.** ullarflóki, **12.** óróleg, **14.** rófa, **16.** tveir eins, **17.** af, **18.** drulla, **20.** pfn., **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hallærislegur, **3.** frá, **4.** trjátegund, **5.** steinbogi, **7.** starfrækska, **10.** ar, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** skaði, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** úr, **8.** far, **9.** ker, **11.** rú, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** tt, **17.** frá, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** púkó, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brú, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** tap, **19.** ró.






# Brugðist við erfiðum málum

**BAKPANKAR**
Magnús Þorláks Lúðvíksson



Það deila ef til vill margir þeirri tilfinningu minni að það hafi verið æði erfitt að fylgjast með fjölmiðlum þessar fyrstu vikur ársins. Ástæðan er einfaldlega sú að óvanalega mörg fréttamál hafa komið upp sem snúast um kynferðisbrot gegn börnum. Líklega vekur enginn glæpur upp jafn sterkar tilfinningar og kynferðisbrot gegn barni; annars vegar reiði gagnvart gerandanum og hins vegar samúð með fórnarlambinu. Það er því oft átakanlegt að hlusta á sögur fórnarlamba sem stíga í mörgum tilvikum fram eftir fjölda ára eða jafnvel áratuga sársaukafulla þögn.

**EINNA** mest sláandi hefur verið fréttaflutningur af kynferðisbrotum Karls Vignis Þorsteinssonar sem Kastljósið kom af stað með umfjöllun sinni. Svo virðist sem Karl Vignir hafi komist upp með brot gegn tugum barna í áratugi þrátt fyrir að fjöldi fólks hafi haft grun og jafnvel vitneskju um einstök brot. Það er ekki skemmtilegt að fjölmiðlar séu uppfullir af fréttum um kynferðisbrotamál en það er mögulega þroskamerki á íslensku samfélagi að fleiri mál sem þessi komist upp á yfirborðið. Þroskamerki þar sem það bendir til þess að samfélagið láti sig brotin meira varða en áður fyrr og líði þau síður. Það vekur svo aftur vonir um að fórnarlömb eigi framvegis auðveldara með að stíga fram og að saga Karl Vignis geti ekki endurtekið sig.

**MÁL** Karls Vignis er alls ekki eina kynferðisbrotamálið sem komið hefur upp að undanförnu en það er að mörgu leyti sérstakt. Ekki síst vegna þess hve löng brotasaga Karls Vignis virðist vera og vegna játninga hans. Það sem sameinar hins vegar þessi barnaníðsmál eru viðbrögðin við umfjölluninni sem hafa verið afar sterk og samhljóða. Hafa þau einkennst af því að fórnarlömbunum hefur verið sýndur skilningur og þeim hampað fyrir að hafa haft hugrekki til að tala um brotin. Ég hef í það minnsta ekki heyrt raddir velta því upp að hér geti í einhverjum tilvikum verið um að ræða falskar ásakanir sem að baki liggja annarlegar hvatir.

**ÞETTA** er athyglisvert því slíkar raddir heyrast jafnan þegar ásakanir um kynferðisbrot gegn fullorðnum, nauðganir, komast í fréttir. Það er nefnilega furðu algengt að fyrstu viðbrögð við fregnum af nauðgunarkærum séu tortryggni og jafnvel einhvers konar andúð gagnvart kærandanum. Sem er einkennilegt í ljósi þess hve sjaldgæft það er að ásakanir um kynferðisbrot séu settar fram að ósekju, eins og fjöldi rannsókna getur vitnað um, og þess hvaða áhrif slík viðbrögð geta haft á hegðun fórnarlamba. Því ber að fagna að íslenskt samfélag hafi þroskast þegar kemur að viðbrögðum við ásökunum um barnaníð. Það er umhugsunarvert að sama þroska er ekki alltaf fyrir að fara í öðrum kynferðisbrotamálum.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Kaupauki:
Prufa af rakspíra frá Boss fylgir öllum 15 stk túlípanavöndum!
BOSS
HUGO BOSS
BOTTLED. SPORT.
Túlípanar
15 stk.
1.499 kr.
BÓNDADAGUR
í Blómavali
Stórar rósir
20 stk.
2.990 kr.
Orkidea
1.599 kr.
POTTAPLÖNTU
ÚTSALA
20-50%
afsláttur
GÓÐ GJÖF
FYRIR BÓNDANN!
Skeggsnyrtir
Remington Professional
Ceramic hnífar.
9 mismunandi lengdir.
Taska fylgir með.
1804499
REMINGTON
9.900 kr.
12.900 kr.
blómaval
Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri - Egilsstaðir
Vestmannaeyjar - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNDADAGUR OPNUM KL.10:00
HANDSÁPUR 3 STK.
259 KR 3x85g
HANDSÁPA.
359 KR 300ml
HANDÁBURÐUR
259 KR 75ml
HÁRNÆRING
298 KR. 250ml
SJAMPÓ
298 KR. 250ml
SVITALYKTAREYÐIR
359 KR. 50ml
ØKONOMIKØB - 62 VASKE
Neutral
STORVASK
0% optisk hvidt
0% farvestoffer
0% parfume
2498 KR. 62 ÞVOTTAR
Neutral þvottaefni: 62 þvottar / 40 kr. pr. þvottur
SENSODYNE
995 KR.
ÞRJÁR TÚPUR 75ml EIN TÚPA FRÍ
SENSODYNE TANNKREM WHITENING
NICKY
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898 KR. 12 rúllur
NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR
Egils Kristall
198 KR. 2 ltr
NORÐANFISKUR ROÐ OG BEINLAUS ÝSA
SJÓFRYST ÝSUFLÖK 1259 KR.KG
BÓNUS ÞORSKALÝSI
LÝSI
598 KR. 300stk
LÝSISPERLUR 300 stk.
498 KR.
ÞORSKALÝSI 500ml
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS
1579 KR.900gr
KJÚKLINGABRINGUR
EUROSHOPPER
FROSNAR 900 GR
KYCKLINGFILÉ
BÓNUS KAFFI
398 KR.
BÓNUS KAFFI 500gr
pepsi
695 KR. 4 x 2 ltr
GÆÐA ORKUKUBBUR
ORKUKUBBUR
259 KR. 600g
froosh
fruit: bottled
298 KR. 250 ML
Ósvikinn ávaxta-smoothie 250 ml
Mango
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
459 KR. PK
FROSNIR MANGÓBITAR 1.0 KG
598 KR. PK
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNDADAGUR OPNUM KL.10:00

## ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR

Ali

**659** KR. KG

---

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÞAÐ ER **ÓDÝRARA** AÐ KRYDDA SJÁLFUR

FROSIÐ LAMBA KJÖT

**1195** KR. KG

KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI**

---

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÞAÐ ER **ÓDÝRARA** AÐ KRYDDA SJÁLFUR

FROSIÐ LAMBA KJÖT

UPPSKRIFTIN
LAMBABÓGUR Í OFNI MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN.
KENNSLUMYNDBAND !
WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR

**898** KR. KG

KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA **FROSINN LAMBABÓGUR**

---

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI

HAUST SLÁTRUN 2011

FROSIÐ LAMBA KJÖT

**229** KR. KG

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA **FROSIN LAMBASVIÐ**

---

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VE

FROSIÐ LAMBA KJÖT

**698** KR. KG

KAUPFÉL. SKAGF. **FROSNAR SVIÐALAPPIR**

---

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU

100% KJÖT

ÍSLANDS NAUT

**1479** KR. KG

ÍSLANDSNAUT **FERSKT UNGNAUTAHAKK**

---

ÍSLANDS NAUT

**2998** KR. KG

ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAFILLET

---

ALLTAF NÝBAKAÐ

BÓNUS BAGUETTE

**129** KR. STK

---

BÓNUS SÚKKULAÐITERTA

**798** KR. 700gr

---

## GERÐU ÞÍNA *EFTIRLÆTIS PIZZU* HEIMA

**259** KR. 400 G — **298** KR. 400 G

VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM
**BÓNUS FERSKT PIZZADEIG**

**198** KR. 430ML

BÓNUS 430 ml
**PIZZASÓSA**

**198** KR. 200 G

BÓNUS PIZZU
**SKINKU-STRIMLAR**

**359** KR. 153 G

BÓNUS 153gr
**PEPPERONI**

**198** KR. 200 G

BÓNUS RIFIN
**PIZZABLANDA**

---

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Gleðilegt ferðalag

**Reykjavíkurborg býður til tónleika á Kjarvalsstöðum 27. janúar kl. 17 í tilefni af fæðingardegi Mozarts.**

Tvær sónötur fyrir píanó og fiðlu í flutningi Aladár Rácz og Laufeyjar Sigurðardóttur munu hljóma á árlegum afmælistónleikum sem Reykjavíkurborg efnir til á afmæli Mozarts. Einar Jóhannesson mun spjalla um tónskáldið. Þá mun hópur stúlkna úr söngskólanum Domus Vox flytja úrval tónlistar afmælisbarnsins við undirleik Antoniu Hevesi undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur.

„Það hefur verið gleðilegt ferðalag fyrir stúlkurnar að undirbúa þessa metnaðarfullu tónleika," segir Margrét. „Þær eru búnar að æfa hin ýmsu söngverk eftir Mozart og ein úr röðum kórsins, Dagbjört Andrésdóttir, syngur einsöng. Svo er ókeypis inn. Mér finnst það hrikalega flott." - gun



**KÓRSTÚLKUR** Elstu stúlkurnar úr Stúlknakór Reykjavíkur koma fram á Kjarvalsstöðum og flytja söngverk eftir Mozart. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Myndlistarsýning
Klippimyndir – Collage
Ráðhús Reykjavíkur
23. jan. – 3. febr. 2013
Er á staðnum frá kl. 13.00
Guðný Guðmundsdóttir






**Í TYRKLANDI** Hallgerður ferðaðist um Tyrkland og myndaði það sem vakti hjá henni áhuga og kallaði fram hugrenningatengsl við Ísland.

# Mæri ljósmyndarinnar

**Ljósmyndasýningin Borderlines verður opnuð í Norræna húsinu á laugardag. Þar má sjá verk eftir tólf ljósmyndara frá fjórum löndum sem unnu út frá þemanu landamæri. Hallgerður Hallgrímsdóttir er einn af fulltrúum Íslands.**

Tólf ljósmyndarar frá fjórum löndum á jaðri Evrópu; Íslandi, Portúgal, Tyrklandi og Lettlandi, leiða saman hesta sína á ljósmyndasýningunni Borderlines, sem verður opnuð í Norræna húsinu á laugardag. Þrír ljósmyndarar frá hverju landi heimsóttu eitt af hinum löndunum og unnu þar verk í kringum þemað landamæri.

Fulltrúar Íslands í verkefninu eru Heiða Helgadóttir, sem rannsakaði hamingjuna og leit fólks að henni í Portúgal og á Íslandi, Valdís Thor, sem fór til Lettlands og klippti saman myndir af sér og karlmönnum sem báru sama nafn og hún, og Hallgerður Hallgrímsdóttir, sem hélt til Tyrklands og leitaði að Íslandi þar. Auglýst var eftir ljósmyndurum af yngri kynslóð og voru Heiða, Valdís og Hallgerður valdar úr hópi umsækjanda.

Hallgerður segir það hafa leyst af sjálfu sér til hvaða landa þær færu.

„Valdís vildi fara til Lettlands, Heiða þekkti til í Portúgal og kunni vel við sig þar en mig langaði mest til Tyrklands. Það var því enginn ágreiningur þar um." Hallgerður hélt því ein síns liðs til Tyrklands og flakkaði um landið í leit að einhverju sem minnti á Ísland.

„Það gekk upp og ofan, ég fann til dæmis snjóinn í austurhluta landsins. En ég varð líka vör við hvað þetta eru ólíkir menningarheimar. Það eru ekki margar ljóshærðar, fölar konur einsamlar á ferðalagi í Tyrklandi. Í einum bænum lenti ég til dæmis í því að ég sá ekki eina einustu konu allan daginn. En þrátt fyrir menningarmuninn komst maður líka að því að innst inni er fólk alls staðar eins."

Hallgerður var ávallt með myndavélina á sér og tók myndir við hvert tækifæri.

„Mesta vinnan var eiginlega að vinna úr afrakstrinum og velja myndir saman. Ég blanda saman svarthvítum og litmyndum, ólíkum stærðum og myndum frá Tyrklandi og Íslandi. Það er ekki augljóst í hvoru landinu sumar eru teknar en á öðrum fer það ekki á milli mála."

Hallgerður blandar líka „ljósmyndaramyndum", það er að segja myndum sem eru formalískar og „vel teknar", saman við „snapshots" í anda þeirra mynda sem rata í fjölskyldualbúm fólks.

„Mér finnst ég þurfa að kommenta á miðilinn sjálfan þannig að áhorfandinn sé meðvitaður um að ljósmyndin er ekki endurspeglun á raunveruleikanum heldur mín túlkun á ákveðnu augnabliki. Þegar maður síðan tekur hóp af myndum og stillir þeim upp saman myndast rými á milli þeirra sem áhorfandinn þarf að fylla upp í og býr þannig til sína eigin sögu. Þetta er það sem mér finnst einna mest spennandi við ljósmyndina."



**HALLGERÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR**

## Borderline

Listræna umsjón með verkefninu höfðu ljósmyndarar George Georgiou og Vanessa Winship. Að verkefninu standa einnig stofnanir frá hverju landi; ISSP frá Lettlandi, GAPO frá Tyrklandi, Marioclaro frá Portúgal og FÍSL frá Íslandi. Þá hlaut verkefnið styrki frá The European Cultural Foundation og Open Society Institute Arts and Culture Program. Framkvæmdin fól í sér tvær vinnustofur, eina við upphaf þess og aðra í lokin, auk ferðalaga ljósmyndaranna til landanna sem þeir heimsóttu.

Eldvarnarpakkar í miklu úrvali fyrir heimili og fyrirtæki




| Eldvarnarpakki 1 | Eldvarnarpakki 2 | Eldvarnarpakki 3 | Eldvarnarpakki 4 | Eldvarnarpakki 5 |
|---|---|---|---|---|
| Tilboðsverð í vefverslun | Tilboðsverð í vefverslun | Tilboðsverð í vefverslun | Tilboðsverð í vefverslun | Tilboðsverð í vefverslun |
| 14.668 kr. | 20.937 kr. | 13.398 kr. | 7.205 kr. | 14.177 kr. |
| Listaverð 22.741 kr. | Listaverð 32.460 kr. | Listaverð 20.772 kr. | Listaverð 11.171 kr. | Listaverð 21.980 kr. |

PIPAR\TBWA • SÍA • 123250

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn
ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# RÝMINGARSALA

## ALLT Á AÐ SELJAST
## VERSLUNIN LOKAR

**VERSLUNIN FEMININ FASHION HÆTTIR REKSTRI OG SELUR ALLAR VÖRUR MEÐ GRÍÐARLEGUM AFSLÆTTI.**

**EINUNGIS 6 VERÐ Í BOÐI:**

500 kr.
1000 kr.
2000 kr.
3000 kr.
4000 kr.
5000 kr.

Við hvetjum viðskiptavini sem eiga inneignarnótur og gjafakort að nýta það sem allra fyrst.
Starfsfólk og eigendur Feminin Fashion.

Feminin Fashion

Feminin Fashion | Bæjarlind 4 | 201 Kópavogur | Sími 544 2222
Mán.–fös. kl. 11–18 Lau. kl. 10–16

# Sturlunga að hætti Einars

LEIKHÚS ★★★★☆

**Skáldið Sturla**
Eintal með Einari Kárasyni
**LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS**



**STURLUNGASAGA** Fjallar um þá borgarastyrjöld sem geisar á Íslandi og er undanfari þess að Ísland hverfur undir vald Noregskonungs með Gamla sáttmála 1262.

Á söguloft Landnámssetursins í Borgarnesi er lífi svo sannarlega blásið í hinar gömlu hefðir frásagnargleðinnar. Einar Kárason rithöfundur heldur áhorfendum föngnum í meira en tvo klukkutíma og slær ekkert af. Hann leiðir okkur inn í Sturlungaöldina eins og hann hafi sjálfur verið þar meðal manna. Þetta er hrein og klár frásögn, að vísu skellir hann sér í gervi Sturlu Þórðarsonar þannig að það er eins og það sé hann sem segir okkur söguna. Hér er ekkert verið að möndla með neina búninga, lýsingu né nokkra effekta. Morðin og lýsingarnar á þeim stóðu algerlega ein og sér í loftinu í kjarnyrtri frásögn Einars.

Sturlungasaga er löng og fjallar um þá borgarastyrjöld sem geisar á Íslandi og er undanfari þess að Ísland hverfur undir vald Noregskonungs með Gamla sáttmála 1262. Þetta er stórbrotin saga þess blóðuga forleiks að því að Íslendingar glötuðu sjálfstæði sínu undir erlent vald og sem endurheimtist ekki fyrr en á okkar tímum. Einar rekur sögu þessa miklu vígaferla þar sem höfðingjar riðu um hérað með her manna og börðust í stærstu orrustum Íslandssögunnar, hjuggu mann og annan og brenndu inni höfðingja og allt þeirra lið. Þar ber hæst Örlygsstaðabardaga og Flugumýrarbrennu og morðið á Snorra Sturlusyni, mesta rithöfundi á Norðurlöndum að fornu. Allt er þetta séð með augum frænda hans, Sturlu Þórðarsonar, sem næstur kemst Snorra sem rithöfundur og skrásetjari samtímasagna þar sem Sturlunga ber hæst.

Einar rekur þessa sögu af mikilli andagift, orðfæri og snilld. Hann segir Sturlungu og í raun Íslandssöguna sjálfa með skýrum og ljósum hætti þannig að allir hafa gaman og gagn af og skilja það sem kannski reynist mörgum tyrfið stagl í lestri. Einar gæðir persónu Sturlu sem sögumanns holdi og blóði og persónuleika sem áheyrendum fellur við og hlusta á með athygli. Ekki sakar að Sturla „upplýsir“ um ýmislegt sem ekki var vitað áður, t.d. það að hann sé höfundur Grettissögu og Njálu, auk þeirra bóka sem alltaf hafa verið á afrekalista þessa stórbrotna höfundar. Segja má að Einar sé með þessari stórfróðlegu og skemmtilegu sagnaskemmtan að endurvekja hina munnlegu sagnahefð, sem var undanfari og lifði samtímis skrifuðum bókmenntum að fornu. Það ber að þakka.

Einar sprellar ekkert eða tekur hliðarspor enda enginn tími til annars en að rekja allar hörmungar þessa geggjaða tímabils. Þetta Sturlungakveld Einars er innlegg í viðleitni og skyldu okkar sem þjóðar að hlúa að menningararfinum og halda sögunum sprelllifandi. Það er víst óhætt að mæla með þessari kvöldvöku fyrir fólk frá tíu ára aldri. Alla vega sat níu ára drengur á laugardaginn var stóreygur og fylgdist einbeittur með öllum þeim hryllingi sem forfeðurnir frömdu.

**Elísabet Brekkan**

**NIÐURSTAÐA:** Eitt róstusamasta tímabil Íslandssögunnar lifnar við í meðförum afburða sagnamanns.

# Myrkir músíkdagar hófust í Hörpu í gær

## Vettvangur framúrstefnulegrar nútímatónlistar.

Hin árlega tónlistarhátíð Myrkir músíkdagar hófst í gær og stendur fram á sunnudag. Hátíðin hefur verið einn mikilvægasti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar hér á landi allt frá því að til hennar var stofnað árið 1980.

Á Myrkum músíkdögum er áhersla jafnan lögð á frumsköpun og tilraunastarfsemi og algengt er að verk séu frumflutt á henni. Á dagskránni í ár kennir ýmissa grasa. Boðið verður upp á sinfóníutónleika, sinfóníettutónleika, kammertónleika, kórtónleika, raftónleika, einleikstónleika og tónleika með börnum. Meðal flytjenda eru nokkrar af helstu hljómsveitum, kammerhópum og einleikurum þjóðarinnar, þar á meðal Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hélt opnunartónleika í Hörpu í gærkvöldi.

Þá mun kínversk samtímatónlist hljóma á sérstökum tónleikum. Fyrirlestrar og námskeið verða haldin í samstarfi við Listaháskóla Íslands og ber hæst heimsókn prófessora og nemenda Brandon-háskólans í Kanada sem auk þess munu koma fram á tvennum tónleikum á hátíðinni sjálfri í Hörpu.

Sex tónleikar eru á dagskrá hátíðarinnar í dag. Í hádeginu leikur Þórarinn Stefánsson verk sem byggð eru á Ísland farsælda frón í Kaldalóni í Hörpu. Klukkan 15 í sama sal leika Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari verk eftir íslensk kventónskáld.

Tveimur tímum síðar halda nemendur úr Tónlistarskóla Álftaness tónleika í Kaldalóni. Klukkan 20.00 í Norðurljósum frumflytur Caput-hópurinn verk eftir Áskel Másson, Jónas Tómasson, Snorra S. Birgisson og Þórð Magnússon.

Klukkan 22.30 verða leikin á sama stað framúrstefnuleg rafgítarverk eftir Hafdísi Bjarnadóttur en Kjartan Ólafsson rekur smiðshöggið á dagskrá dagsins með hljóð- og vídeógjörningi, þar sem hann kynnir til sögunnar tónlistarforritið Calmus Automata. Nánari upplýsingar um tónleika næstu daga má finna á heimasíðu hátíðarinnar, myrkir.is.



**KJARTAN ÓLAFSSON TÓNSKÁLD**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 25. JANÚAR 2013**

### Sýningar

**16.00** Rósa Sigrún Jónsdóttir opnar myndlistarsýningu í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu að Tryggvagötu 17, Hafnarmegin.

### Málþing

**13.30** Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar og Guðfræðistofnun Háskóla Íslands efna til málþings í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Heiti málþingsins er Mannréttindi á upplausnartímum og fyrirlesarar eru Jóhanna K. Eyjólfsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson.

### Tónlist

**12.00** Tónskáldið Purcell og önnur tónlist frá Bretlandi verður í aðalhlutverki á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Flytjendur eru Anna Jónsdóttir sópransöngkona og Sophie Schoonjans hörpuleikari. Almennt miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** Söngskemmtunin Lögin hans Óða fer fram á Græna hattinum, Akureyri. Tekin verða fyrir öll þau lög sem Óðinn Valdimarsson söng á sínum stutta en farsæla ferli. Söngvarar eru meðal annars Óskar Pétursson og Helena Eyjólfsdóttir. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Hljómsveitirnar Dusty Miller og Ylja ætla að sameina krafta sína og spila á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500 og enginn posi er á svæðinu.

**23.00** Magnús Einarsson og félagar leika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**20.00** Sigurður Pálsson, skáld og rithöfundur, heldur fyrirlestur um skapandi, opinn og fordómalausan lestur sem skref að skapandi skrifum. Fyrirlesturinn fer fram í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*









# 20 - 50% AFSLÁTTUR AF SPORTVÖRUM!

MIKIÐ ÚRVAL AF FATNAÐI OG SKÓM
ASICS, CASALL, SEAFOLLY, CWX, EASTPAK O.FL.

**TILBOÐSVERÐ Á VÖLDUM CANADA GOOSE ÚLPUM**
**NÝJAR ÚLPUR Á 10% AFSLÆTTI Á MEÐAN Á ÚTSÖLU STENDUR.**

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS


**AMOUR** „Ef handrit og leikarar halda Amour uppi er það sjónrænn stíll Haneke sem setur hana í algjöran sérflokk.“

# Haneke á bremsunni

BÍÓ ★★★★☆

**Amour**

Leikstjórn: Michael Haneke. Leikarar: Jean-Louis Trintignant, Emmanuelle Riva, Isabelle Huppert.

Hjónin Anne og Georges Laurent eru á níræðisaldri, nokkuð spræk, og rækta hjónabandið vel. Dag einn fær Anna heilablóðfall, hægri hluti líkama hennar lamast, og á mjög stuttum tíma hrakar heilsu hennar gríðarlega. Hún þarf hjálp frá eiginmanni sínum við næstum allt, og að lokum neyðist Georges til þess að ráða hjúkrunarkonu henni til aðstoðar.

Hinn austurríski Michael Haneke, leikstjóri myndarinnar, er umdeildur listamaður, og eru flestar mynda hans ógnvekjandi og ofbeldisfullar. Svo er ekki í tilfelli Amour, þó vissulega hræðist flestir tilhugsunina um heilsubrest, og Haneke stendur á bremsu sem margir vissu ekki að hann ætti. Þó umfjöllunarefnið sé margra vasaklúta virði dregur lágstemmd leikstjórnin nokkuð úr dramatíkinni, og fókuserar frekar á fegurð ástar og trygglyndis.

Þau Jean-Louis Trintignant og Emmanuelle Riva eru algjörlega stórkostleg í hlutverkum sínum, og þykir Riva sigurstrangleg í komandi Óskarsverðlaunahátíð, en þar er hún tilnefnd fyrir besta leik í aðalhlutverki, sú elsta sem náð hefur þeim árangri. Trintignant er þó engu síðri, og manni kemur óneitanlega til hugar hlutverk Theodórs Júlíussonar í Eldfjalli Rúnars Rúnarssonar, en efnistök og söguframvinda myndanna eru glettilega lík.

Það er full vinna að rýna í symbólismann og merkingu einstakra atriða, og nær allar líkur eru á að ýmislegt fari fram hjá áhorfandanum í fyrstu tilraun. Ef handrit og leikarar halda Amour uppi er það sjónrænn stíll Haneke sem setur hana í algjöran sérflokk. Hann er með einstakt auga og nær að gera þessa hversdagslegu sögu að fallegu listaverki.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Besta mynd Haneke til þessa.

# Magnolia-fyrirtækið kaupir Prince Avalanche

Bandaríska dreifingarfyrirtækið hreifst af endurgerð Á annan veg á Sundance.

Prince Avalanche, endurgerð myndarinnar Á annan veg, virðist hafa hitt í mark á Sundance-hátíðinni því dreifingarfyrirtækið Magnolia Pictures hefur tryggt sér réttinn á myndinni í Norður-Ameríku.

„Við erum öll miklir aðdáendur Davids Gordons Green og hefur lengi dreymt um að starfa með honum,“ sagði talsmaður Magnolia við Variety um leikstjóra myndarinnar. „Prince Avalanche er ótrúlega snjöll, fyndin, hlýleg og áhugaverð mynd með frábærum leik hjá Paul Rudd og Emile Hirsch.“

Green var einnig ánægður með samninginn: „Það var öðruvísi og skemmtilegt að búa til Prince Avalanche og viðbrögð áhorfenda hafa verið yndisleg. Ánægjan heldur áfram með samningnum við Magnolia um að dreifa myndinni. Ég gæti ekki verið stoltari.“

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri Á annan veg, sá Prince Avalanche í fyrsta sinn á Sundance og var mjög ánægður. „Hún er mjög trú upprunalegu myndinni en stendur þó algjörlega sem sjálfstætt verk. Það var skrítið en skemmtilegt að sjá þessa útgáfu. Leikstjórinn og leikararnir eru fínir strákar sem báru mikla virðingu fyrir frumgerðinni.“ **- fb**


**ÞRÍEYKI** David Gordon Green, Paul Rudd og Emile Hirsch á Sundance-hátíðinni.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Arnold snýr aftur

Austurríska vöðvatröllið leikur í Terminator 5.

Austurríski leikarinn og fyrrverandi ríkisstjóri Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, staðfesti á blaðamannafundi í London að hann myndi snúa aftur í myndinni Terminator 5. Schwarzenegger er staddur í London til að kynna myndina The Last Stand sem er hans fyrsta mynd frá árinu 2003. Myndin hefur ekki gengið sem skyldi í bíóhúsum vestanhafs enda fallið í skuggann á bæði Django Unchained og Les Miserables sem báðar eru tilnefndar til Óskarsverðlauna. **- áp**


**TILBÚIN Í NÚMER 5** Arnold Schwarzenegger boðar endurkomu sína í myndinni Terminator 5.


# Helgarblað Fréttablaðsins






**Fótboltinn bjargaði Nigel Quashi**

Enski knattspyrnumaðurinn Nigel Quashi lék í efstu deild á Englandi í mörg ár. Nú er hann fluttur til Íslands og spilar með BÍ/Bolungarvík. Hann segist yfir sig ástfanginn af Íslandi.

**Meðal efnis núna um helgina**



**Guns'N Roses kúluspilið í mestu uppáhaldi**

Þröstur Þór Höskuldsson á stærsta safn spilakassa á landinu.



**Hollt og sætt**

Heilsusjónarmið þurfa hvorki að draga úr gæðum né bragði í kökugerð.



**Herratískan í haust**

Leður og teinótt jakkaföt verða áberandi í herratískunni í haust.



**Aftur undir nálina**

Ekki sér fyrir endann á upprisu vínilplötunnar.

FITON / SÍA

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ




# SILKIMJÚK OG LJÓMANDI

**NÝTT** 24 stunda krem, ávöxtur nær 20 ára rannsókna, sem byggt er á einstökum þörungategundum í vistkerfi Bláa Lónsins. Efni úr þessum þörungum vinna gegn öldrun húðarinnar og örva og styðja við náttúrulega virkni kollagens. Blue Lagoon Rich Nourishing Cream nærir, mýkir og örvar húðina og hentar vel til daglegrar notkunar. Blue Lagoon Rich Nourishing Cream er náttúruleg vara og án parabena.

## SÝNILEGUR ÁRANGUR*

| | | | |
|---|---|---|---|
| ENDURNÆRÐ HÚÐ | 95% | FALLEGRI ÁFERÐ | 91% |
| AUKINN LJÓMI | 87% | SILKIMJÚK ÁFERÐ | 86% |

*in vitro og in vivo prófanir: Grether-Beck S. Neytendapróf: 45 konur.

BLUE LAGOON
ICELAND

Blue Lagoon kaupauki* að verðmæti 12.000 kr. fylgir ef verslað er fyrir 7.900 kr. eða meira.
Gildir dagana 25.- 30. janúar í Hagkaup Smáralind og Kringlunni:

Mineral foaming cleanser 50ml, Mineral biphasic toner 50ml, Silica mud mask 30ml, Algae mask 10ml, Hydrating 24h serum 9ml og hárband.
*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Ég á líf eða Ekki líta undan?

Fyrri undanúrslit Söngvakeppninnar 2013 fara fram í sjónvarpssal í kvöld. Fréttablaðið fékk þau Evu Laufeyju Kjaran Hermannsdóttur og Vigni Rafn Valþórsson til að hlusta á lögin sex sem keppa í kvöld og leggja sitt mat á þau.

## Eva Laufey

**1** Jóhanna Guðrún er í algjörum sérflokki. Lagið er vel útfært, bæði grípandi og með góða Eurovision-formúlu. Möguleikarnir í kvöld verða að teljast dágóðir og ég tel möguleikana einnig mikla í Svíþjóð þar sem Jóhanna Guðrún nýtur mikilla vinsælda í Eurovision-heiminum. Það gæti skilað okkur mörgum stigum og við verðum að hugsa í stigum.

**2** Magni er í essinu sínu í þessu lagi og það er spurning hvort þetta sé árið hans? Textinn er sá fallegasti í keppninni að mínu mati og þetta er kraftmikið lag sem Magni kemur mjög vel frá sér. Magni er pottþéttur flytjandi sem á stóran aðdáendahóp og því tel ég möguleika hans í kvöld vera mikla.

**3** Þetta er rosalega krúttlegt lag sem mér finnst að gæti vel átt heima í teiknimynd. Það situr lítið eftir nema þá „lalalala" og ég er hrædd um að lagið týnist í keppninni. Ég held að það komist ekki áfram en engu að síður sætt lag sem á kannski heima á öðrum stöðum en Eurovision.

**4** Edda flytur lagið vel en það er ekki nógu afgerandi til þess að ná mér á þremur mínútum. Það er lágstemmt og ég er hrædd um að það sé of kraftlítið fyrir Eurovision. Ég held að lagið endi neðarlega í kvöld.

**5** Þetta lag finnst mér eitt það sterkasta í keppninni í ár. Eyþór Ingi er mjög öruggur í flutningnum og lagið er vel samið. Það hefði þó verið skemmtilegt að heyra meiri kraft í laginu því Eyþór getur sannarlega þanið raddböndin, og það mjög vel. Ég er spennt að fylgjast með þessu lagi í kvöld.

**6** Ég fagna endurkomu Birgittu því ég hef saknað hennar úr keppninni. Lagið er öðruvísi og sker sig úr hópnum. Birgitta er ótrúlega flott söngkona og hefur góða sviðsframkomu. Lagið er líka grípandi og kraftur í því svo ég spái því góðu gengi.

**Lagið sem ég tel sigurstranglegast í kvöld er: Ég á líf.**



**EVA LAUFEY KJARAN HERMANNSDÓTTIR** Matarbloggari og Eurovision-aðdáandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**1 PÚ**
Jóhanna Guðrún Jónsdóttir

**2 EKKI LÍTA UNDAN**
Magni Ásgeirsson

**3 LÍFIÐ SNÝST**
Svavar Knútur Kristinsson og Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm

**4 SÁ SEM LÆTUR HJARTAÐ RÁÐA FÖR**
Edda Viðarsdóttir

**5 ÉG Á LÍF**
Eyþór Ingi

**6 MEÐAL ANDANNA**
Birgitta Haukdal



**VIGNIR RAFN VALPÓRSSON** Leikari og tónlistarunnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vignir Rafn

**1** Is it true er eitt besta lag allra tíma (ekki djók) og er það ekki síst stórkostlegum söng Jóhönnu að þakka. Hér er aftur á móti eitthvað allt annað í gangi. Sveitaballagítarströmm með ágætis lokakafla sem meira að segja Jóhanna nær ekki að bjarga. Maður á ekki að stæra sig af því að hafa samið lag á hálftíma þegar það hljómar svona.

**2** Magni mættur og það með trukki. Hér er á ferðinni hreinræktuð júrórokkballaða þar sem allt, gjörsamlega allt, gengur upp. Epísk byrjun, gott gítarriff, fínt júróbreik og góð öskur inn á milli. Það er ekki erfitt að sjá Magna fyrir sér á stóra sviðinu með alla Rockstar-taktana á hreinu og sæta stelpu sem þykist vera að spila á fiðlu við hlið sér. Nennirðu að kaupa snus handa mér í Svíþjóð, Magni?

**3** Gjörsamlega andlaust og óspennandi lag. Það er ótrúlegt að þetta komi frá sama manni og samdi hið frábæra Ég trúi á betra líf með Magna sem hefði átt að vinna keppnina í fyrra. Það bjargar engu að láta brosmilda trúbadorinn Svavar Knút syngja þetta og svo hlýtur að vera hægt að láta hina fínu söngkonu Hreindísi Ylvu gera meira en að raula lagið í bakgrunni.

**4** Sá sem lætur hjartað ráða för Hér er fallegur heimilisiðnaður í gangi, hann semur, hún syngur. En þetta er ekki hannyrðasýning og þrátt fyrir ágætis júróbreik í lokin þá er þetta ekki keppnishæft lag. Hefði verið fínt í teiknimynd sem færi beint á mynddisk. Vonandi rata hjónakornin samt aftur heim eins og segir í ágætum textanum, þau eru allavega ekki á leið til Malmö.

**5** Jess! Loksins alvöru blast-söngvari í Júróvisjón, hugsaði ég þegar ég sá að Eyþór er með í ár. Og þvílík vonbrigði. Lágstemmt raul með smá hækkun í viðlaginu. Óskiljanlegt að nota ekki einn besta söngvara landsins betur. Lagið nær sér aldrei almennilega á flug. Það hjálpar svo ekki að endurtaka nafn lagsins 23 sinnum. Leiðinlegt!

**6** Maður kemst ekki hjá því að hugsa til Euphoria frá því í fyrra þegar þetta lag byrjar. Og lagið fellur með því, það er einfaldlega ekki góð hugmynd að stæla stórkostleg lög. Birgitta syngur þetta fallega og verður gaman að sjá hvernig hún tekur lúppurnar í lokin. Ég er þó ansi hræddur um að vindvélin nái ekki að feykja þeim til Svíþjóðar.

**Lagið sem ég tel sigurstranglegast í kvöld er: Ekki líta undan.**





SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| VESALINGARNIR | KL. 4.30 - 8 - 11.10 | 12 |
| VESALINGARNIR LÚXUS | KL. 4.30 - 8 - 11.10 | 12 |
| DJANGO | KL. 4.30 - 8 - 11.20 | 16 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 3.30 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 - 8 - 11.20 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.15 - 8 - 10.40 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| VESALINGARNIR | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 6 - 10.20 | 10 |
| ÁST | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | L |
| RYÐ OG BEIN | KL. 5.50 - 8 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| VESALINGARNIR | KL. 6 - 9 | 12 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 6 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| VESALINGARNIR | 5, 6, 9.10 | 12 |
| DJANGO UNCHAINED | 8, 11 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | 3.50, 7, 10.10 | 12 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | 4 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GANGSTER SQUAD | KL. 6 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| XL | KL. 10:30 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 8 | 7 |
| JACK REACHER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY | KL. 8:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GANGSTER SQUAD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DJANGO UNCHAINED | KL. 8 | 16 |
| XL | KL. 8 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 10:10 | 7 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 6 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| PARKER FORSÝNING | KL. 11:10 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| DJANGO UNCHAINED | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| ARGO | KL. 5:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| XL | KL. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GANGSTER SQUAD | KL. 8 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| XL | KL. 10:20 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 6 | 7 |
| JACK REACHER | KL. 10:20 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FÖSTUDAGUR: HVELLUR (L) 18:00, 20:00 ■ ARBITRAGE (16) 17:50, 20:00, 22:10 ■ CHICKEN WITH PLUMS (14) 20:10 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (16) 17:50 ■ BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 18:00, 20:00, 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



**BLANDA MATT** skál Ø12, H6cm. Bambus **995,-**



**MIXTUR** ofn-/framreiðsluföt
Inniheldur: 1 stk. B11×L24cm og 3 stk. B9×L7cm. Glært gler **1.390,-/4 í setti**



**POKAL** skálar. Steinleir Ø14, H7cm. Ýmsir litir **395,-/stk.**



**1.990,-**

**IKEA 365+** matardiskur B22×L42cm. Gegnheilt birki

# Saman í gegnum súrt og sætt



**FANTASTISK** servíettur
B24×L24cm. Ýmsir litir
**350,-/50 í pk.**





**SVALKA** snafsglös. 5cl. H14cm
Glært gler **895,-/6 í pk.**



**RUSTIK** hnífaparasett
Inniheldur: Gaffla, hnífa, matskeiðar og teskeiðar, 6 af hverju
Ryðfrítt stál **4.990,-/24 í setti**



**SNITTA** steikarhnífar. L22cm
Ryðfrítt stál **895,-/6 í pk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2013



**995,-/6 í pk.**

**MJÖD** bjórglös á fæti. 35cl. H18cm. Glært gler



**495,-**

**VÄNLIG** kanna
1l. H19cm. Glært gler

**BÄRBAR** bakki
Ø43cm. Brúnt
**1.690,-**



**LONSAM** karafla 1l
H30cm. Glært gler **295,-**



**995,-/2 í setti**

**GRATINERA** ofn-/framreiðsluföt. Steinleir
1 stk. B36×L26cm og 1 stk. Ø20cm. Hvítt



**SEKIN** skál Ø28, H13cm
Gegnheilt birki **1.190,-**



**TYST** glasamottur
Ø11cm. Brúnt **295,-/4 í pk.**



**STORSA** matarstell. Inniheldur: Diska Ø25cm, hliðardiska Ø19cm og skálar Ø15cm, 4 af hverju
Ljósgrænt **2.990,-/12 í setti**

**VEITINGASTAÐURINN**

## Þorrabakki

með súrmeti eða nýmeti



**1.195,-**

**Einnig hægt að taka með heim!**



**MJÖD** bjórglös. 55cl. H23cm
Glært gler **995,-/6 í pk.**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

## Þórir þjálfari ársins hjá IHF



**HANDBOLTI** Þórir Hergeirsson var í gær útnefndur þjálfari ársins ásamt Dananum Ulrik Wilbek af Alþjóðahandknattleikssambandinu. Þórir þjálfar kvennalandslið Noregs sem varð Ólympíumeistari síðastliðið sumar auk þess að vinna til silfurverðlaun á EM í Serbíu í desember. Þórir og Wilbek voru heiðraðir í Barcelona í gær en þar munu úrslitin á HM í handbolta ráðast um helgina.

Þórir hefur náð einstökum árangri með norska landsliðið sem var í sumar allt í senn ríkjandi heims-, Evrópu- og Ólympíumeistari. Hann er upphaflega frá Selfossi en hefur búið í Noregi um árabil.

Wilbek gerði Danmörku að Evrópumeisturum á síðasta ári og fór með lið sitt í 8 liða úrslit Ólympíuleikanna. Danmörk er komið áfram í undanúrslit HM þar sem liðið mætir Króatíu í kvöld. - esá

## Azarenka og Li Na í úrslitum

**TENNIS** Victoria Azarenka frá Hvíta-Rússlandi, efsta kona heimslistans, mun spila til úrslita á Opna ástralska meistaramótinu í tennis gegn hinni kínversku Li Na. Þær höfðu betur í undanúrslitaviðureignum sínum en Azarenka sló út hina nítján ára Sloane Stephens frá Bandaríkjunum. Sú hafði komið mjög á óvart með því að vinna Serenu Williams.

Novak Djokovic keppir til úrslita í karlaflokki á sunnudagsmorgun og mætir annaðhvort Andy Murray eða Roger Federer. - esá

## Frönsk nýlenda í Newcastle

**FÓTBOLTI** Þessa dagana berast ótt og títt fregnir af félagaskiptum leikmanna víða um Evrópu en lokað verður fyrir þau þann 1. febrúar. Forráðamenn enska liðsins Newcastle hafa látið til sín taka á markaðnum og þá sérstaklega litið til Frakklands.

Newcastle hefur þegar keypt þrjá Frakka til liðsins til viðbótar við þá fimm sem voru þegar í herbúðum félagsins. Í gær bárust svo fregnir af því að tveir Frakkar til viðbótar væru á leiðinni, þeir Moussa Sissoko og Massadio Haidara. - esá

## Hannes fékk ekki samning hjá Molde

**FÓTBOLTI** Ole Gunnar Solskjær, stjóri norska úrvalsdeildarliðsins Molde, ætlar ekki að bjóða Hannesi Þ. Sigurðssyni samning hjá félaginu.

Hannes hefur æft með Molde að undanförnu en Solskjær sagði við norska fjölmiðla að Hannes væri á þeim stað á sínum ferli að hann vilji spila reglulega. „Það getum við ekki tryggt honum,“ sagði Solskjær við TV 2.

Hannes hefur verið á mála hjá Viking í Noregi, Bröndby í Danmörku og Stoke í Englandi. - esá

HANDBALL 2013

### UNDANÚRSLIT

**Í DAG**
**18.15 Spánn - Slóvenía**
Sýndur á Stöð 2 Sport & HD
**20.30 Danmörk - Króatía**
Sýndur á Stöð 2 Sport & HD

2 SPORT HD
**22.00 Þorsteinn J og gestir**



**MEISTARAR** Aron Rafn og félagar í Haukum eiga titil að verja.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Áhugaverður dráttur

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í átta liða úrslit í bikarkeppni HSÍ, Símabikarnum.

Drátturinn í karlaflokki er afar áhugaverður en þar eru tvær rimmur úrvalsdeildarfélaga og tvær rimmur neðrideildarliða. Það eru því líkur á því að neðrideildarlið geti komist í úrslit.

Við sama tækifæri var tilkynnt að úrslit og undanúrslit fara fram sömu helgi. Byrjað verður á undanúrslitum karla á föstudegi, konurnar keppa á laugardegi og svo eru úrslitaleikirnir á sunnudegi. - hbg

### 8-LIÐA ÚRSLIT

**KARLAR**

| | |
|---|---|
| Akureyri - FH | Þróttur - Stjarnan |
| ÍR - Haukar | Selfoss - ÍBV |

**KONUR**

| | |
|---|---|
| Fram - ÍBV2 | Selfoss - Valur |
| FH - Afturelding | Grótta - HK |

## Ísland endaði í tólfta sæti

**HANDBOLTI** Alþjóðahandboltasambandið gaf í fyrrakvöld út lokaniðurröðun þeirra liða sem ekki komust í undanúrslit HM í handbolta. Ísland var í tólfta sæti á listanum en áður hafði verið greint frá því að Ísland hefði hafnað í ellefta sæti.

Ástæðan fyrir þessu er að árangur liðanna gegn efstu liðum sinna riðla er notaður til að reikna út niðurröðunina. Ísland var með betri heildarárangur en Túnis, sem hafnaði á endanum í ellefta sæti, en Afríkumeistararnir náðu betri árangri gegn bestu liðunum í sínum riðli. - esá

### 5.-16. SÆTIÐ Á HM

5. Þýskaland, 6. Frakkland, 7. Rússland, 8. Ungverjaland, 9. Pólland, 10. Serbía, 11. Túnis, **12. Ísland**, 13. Brasilía, 14. Makedónía, 15. Hvíta-Rússland, 16. Egyptaland.

# Danir verða heimsmeistarar

Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, hefur mikla trú á Dönum á HM og spáir þeim sjálfum heimsmeistaratitlinum. Fréttablaðið fékk Aron til þess að spá í undanúrslitaleikina sem fara fram í kvöld.

**HANDBOLTI** Undanúrslit á HM á Spáni fara fram í kvöld. Þá mæta heimamenn liði Slóvena í fyrri leik kvöldsins en síðari leikurinn er viðureign Dana og Króata. Margir eru á því að það sé hreinlega úrslitaleikur mótsins.

„Þetta er úrslitaleikur mótsins að mínu mati. Liðin sem hafa þurft að fara þennan legg upp í úrslit voru alltaf að fara að vinna að mínu mati. Mótið hefur verið gert upp þarna megin. Þetta verður gríðarlega jafn leikur hjá Dönum og Króötum,“ segir Aron og bætir við.

„Danir voru í smá vandræðum með varnarleikinn þar til þeir fengu Kasper Nielsen inn. Línuspil andstæðinganna hefur gengið verr eftir það. Ég get alveg viðurkennt að ég held aðeins með Dönum eftir að hafa búið í Danmörku lengi en ég spái þeim engu að síður sigri.“

Króatíska liðið hefur komið mörgum á óvart í mótinu. Það mætti án Ivano Balic, sem hefur verið einn besti handboltamaður heims undanfarin ár, og svo missti liðið stórskyttuna Blazenko Lackovic af mótinu er hann meiddist. Engu að síður völtuðu þeir yfir Frakka.

**Öðruvísi Króatar án Balic**

„Það er miklu betri andi og liðsheild í króatíska hópnum núna en oft áður. Það virtist oft vera stríð á milli Balic, þjálfarans og fjölmiðla á sínum tíma. Núna er meiri samstaða í liðinu og menn að vinna saman og í sömu átt. Meðan vel gengur eru Króatarnir stórhættulegir. Liðin af Balkanskaganum eflast þegar líður á svona mót,“ segir Aron en það virðist litlu breyta hjá Króötum þó svo þeir séu með fjóra nýliða. Þeir eru samt frábærir.

„Þeir eiga mikinn hóp af leikmönnum sem hafa verið á toppnum í alþjóðabolta í mörg ár. Þeir eiga aragrúa af leikmönnum og nýir menn eru fljótir að aðlagast því sem verið að gera í landsliðinu. Allir koma þeir úr góðum handboltaskóla í sínu heimalandi.“

Danir völtuðu yfir Ungverja í fyrri hálfleik í leik liðanna í átta liða úrslitum. Þeir gáfu svo mikið eftir í síðari hálfleik og voru ekki fjarri því að kasta leiknum frá sér. Þurfa þeir ekkert að hafa áhyggjur af því? „Ég held að þeir hafi verið værukærir. Það má ekki gefa þumlung eftir í þessu sporti, þá er hægt að fá það í bakið. Það gerðist hjá Dönum. Þetta virtist vera of létt hjá þeim í fyrri hálfleik og spurning hvort þeir hafi ekki sofnað á verðinum í þeim seinni. Ég held að það gerist ekki aftur og Danir vinna þennan hörkuleik á meiri breidd og betri markvörslu.“




**MAGNAÐUR** Henrik Möllgaard hefur komið mjög sterkur inn í danska liðið á HM og tryggði þeim sæti í undanúrslitum.
NORDICPHOTOS/AFP

### HIN FJÖGUR FRÆKNU

**16-LIÐA ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| Danmörk - Túnis | 30-23 |
| Króatía - Hvíta-Rússland | 33-24 |
| Spánn - Serbía | 31-20 |
| Slóvenía - Egyptaland | 31-26 |

**8-LIÐA ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| Danmörk - Ungverjaland | 28-26 |
| Króatía - Frakkland | 30-23 |
| Spánn - Þýskaland | 28-24 |
| Slóvenía - Rússland | 28-27 |

Slóvenar hafa komið allra liða mest á óvart og þetta skemmtilega lið fær nú að glíma við ógnarsterkt lið heimamanna í undanúrslitum.

**Skemmtilegir Slóvenar**

„Slóvenar eru með mjög gott lið. Þarna er kominn hópur af ungum og góðum handboltamönnum sem hafa mikinn leikskilning. Þeir eru vel spilandi. Svo er það Uros Zorman sem stýrir sóknarleiknum en hann er afar klókur leikmaður, reyndur og í algjöru lykilhlutverki hjá þeim. Þegar markvarslan er í lagi hjá þeim eru þeir virkilega hættulegir,“ sagði Aron en hann heldur engu að síður að Spánn sé of stór biti fyrir slóvenska liðið.

„Spánverjar hafa spilað sterka vörn, eru með frábæran markmann og stórhættuleg hraðaupphlaup. Ég held að þessir styrkleikar og heimavöllurinn muni skila þeim inn í úrslitaleikinn,“ sagði Aron sem hefur smá áhyggjur af sóknarleik heimamanna.

„Þeir eru ekki eins sterkir og oft áður. Þeir eru auðvitað með línuspil á heimsmælikvarða en eru ekki eins hættulegir fyrir utan og oft áður.“ Samkvæmt spá landsliðsþjálfarans verður úrslitaleikurinn því á milli Dana og Spánverja. Hvernig fer sá leikur?

„Danmörk vinnur. Ég efast ekkert um það.“

henry@frettabladid.is

# Hún er miklu betri en ég

Mæðgurnar Gunnur Sveinsdóttir og Þórey Anna Ásgeirsdóttir spiluðu saman með FH í bikarsigri á Fylki í fyrrakvöld

**HANDBOLTI** Gunnur Sveinsdóttir er 32 ára gömul, sem þykir ekki mikið í boltanum í dag, en hún náði því samt að spila við hlið dóttur sinnar, Þóreyjar Önnu Ásgeirsdóttur, í bikarsigri FH á Fylki á miðvikudagskvöld. Slíkt gerist ekki á hverjum degi og hvað þá að þær skyldu báðar skora mark í leiknum. Þórey Anna er bara fimmtán ára og strax komin í stórt hlutverk hjá FH þar sem móðir hennar hefur spilað, með smá hléum, í meira en áratug.

„Þetta var rosa stuð. Þetta er eitthvað sem ég hélt að myndi aldrei gerast. Þetta var mjög skrítið en gaman að geta gert þetta,“ segir Gunnur. Þórey Anna hefur skorað 23 mörk í 9 fyrstu leikjum tímabilsins. „Hún er mjög efnileg,“ segir Gunnur. Eru þær ólíkir leikmenn? „Já, það erum við. Hún er örvhent og ég er rétthent. Hún er miklu betri en ég,“ segir Gunnur sem segist aðallega vera varnarmaður. „Hún er með allt til að verða rosa góð. Hún fær líka góð ráð því hún er í mikilli handboltaætt,“ segir Gunnur létt. Þær spiluðu nær allan leikinn, Gunnur í vörn og Þórey í hægra horni.

„Ég hugsaði með mér að ef ég gerði þetta ekki núna þá gerðist þetta ekki. Þá sér maður örugglega eftir því eftir tíu ár og hugsar: „Af hverju dreif ég mig ekki?“,“ segir Gunnur en hún er nýbúin að eignast sitt þriðja barn.

„Þórey fór með liðinu í æfingaferð til Þýskalands og kom þjálfurunum svolítið á óvart. Hún stóð sig vel og komst í meistaraflokk. Ég átti náttúrulega ekkert von á henni í meistaraflokk strax og hvað þá að hún fengi að spila svona mikið,“ segir Gunnur.

„Ég var bara í einhverri mömmuleikfimi að reyna að koma mér í gang. Þess vegna dreif ég mig af stað núna og ætla bara að klára þetta með þeim svo lengi sem skrokkurinn leyfir,“ segir Gunnur. En á hún ekki bara mörg ár eftir?

„Þetta er bara tímaspursmál þegar maður er komin með þrjú börn og karlinn alltaf að kenna golf,“ skýtur Gunnur létt á eiginmanninn. „Ég á góða mömmu og hún hjálpar þvílíkt til,“ segir Gunnur. Hvernig tekur táningurinn því að vera með mömmu sinni á æfingum?

„Henni finnst þetta svolítið skrýtið. Hún er á svolítið viðkvæmum aldri og finnst mamma sín mjög hallærisleg. Þegar hún verður eldri þá hugsar hún kannski til baka og að þetta hafi verið gaman,“ segir Gunnur sem passar sig að vera ekki með „mömmustæla“ á æfingum. „Ég tel það vera best að við séum ekki að skipta okkur hvor af annarri á æfingum. Ég kem bara fram við hana eins og leikmann og samherja,“ segir Gunnur létt að lokum. - óój




**MÆÐGURNAR FYRIR LEIKINN** Gunnur Sveinsdóttir og Þórey Anna Ásgeirsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vandaðir
og þægilegir
vinnustólar
sóma sér vel
þar sem mest
á reynir





SCORE



SCAN MODUL



Gott skipulag
skilar árangri

**Scan Modul birgðastýring**
- Heildstæðar lausnir fyrir heilbrigðisstofnanir
- Sparar tíma, pláss og fjármuni
- Aukin hagræðing og betri nýting á vörubirgðum

**Scan Modul vagnar**
- Birgðastýring á hjólum einfaldar vinnuferlið
- Hreyfanleiki auðveldar aðgengi

# HJÚKRUNARHEIMILI – LÆKNASTOFUR – SJÚKRAHÚS

Eirberg

*Eirberg ehf. er innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að hagræði og vinnuvernd.*





## Clean
fyrir sturtu og salerni

- Léttur og aðgengilegur stóll
- Úrval aukahluta
- Endingargóður og traustur



## Guldmann
endingargóði lyftarinn

- Ný og falleg hönnun
- Rafglenna á hjólastelli
- Seglupphengi (herðatré) auðvelt í notkun



## Taurus
göngugrindin

- Hæðarstilling með gaspumpu
- Hægt að nota í sturtu
- Fyrir heimili og stofnanir

Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg@eirberg.is • Sími 569 3100 • eirberg.is

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.10
### MasterChef Ísland

Nú er keppnin farin að harðna í MasterChef-eldhúsinu. Fimm keppendur standa eftir; þau Gunnar Helgi, Hjalti Þór, Jenný, Sigfús og Skarphéðinn. Keppendurnir fara á kostum í eldhúsinu í fyrstu þraut þáttarins og keppnin nær hámarki í seinni þrautinni. Í lok þáttarins dettur einn kokkur úr leik þegar dómnefndin kveður upp dóm sinn.



## Í KVÖLD

### Söngvakeppnin 2013

**RÚV KL. 20.00** Komið er að fyrri undanúrslitaþætti Söngvakeppninnar 2013 sem er sýnd í beinni útsendingu úr sjónvarpssal. Sex lög af tólf keppa um atkvæði þjóðarinnar og komast þau þrjú stigahæstu áfram í úrslitakeppnina sem haldin verður í Hörpu laugardaginn 2. febrúar. Seinni undanúrslitin fara fram annað kvöld.

### Lög kvöldsins:

**ÞÚ** (Jóhanna Guðrún Jónsdóttir), s: 900 9901

**EKKI LÍTA UNDAN** (Magni Ásgeirsson) s. 900 9902

**LÍFIÐ SNÝST** (Svavar Knútur Kristinsson og Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm) s. 900 9903

**SÁ SEM LÆTUR HJARTAÐ RÁÐA FÖR** (Edda Viðarsdóttir) s. 900 9904

**ÉG Á LÍF** (Eyþór Ingi Gunnlaugsson) s. 900 9905

**MEÐAL ANDANNA** (Birgitta Haukdal) s. 900 9906




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Við frostmark **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Arabískar sönggyðjur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

**17.20 Babar**

**17.44 Bombubyrgið**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Framandi og freistandi 3** *(5:9) (e)*

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Hraðfréttarúta Söngvakeppninnar** Hitað upp fyrir Söngvakeppnina. Umsjónarmenn eru Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson hraðfréttamenn.

**20.00 Söngvakeppnin 2013** Fyrri undanúrslitaþáttur Söngvakeppninnar í beinni útsendingu úr Sjónvarpssal. Kynnar eru Guðrún Dís Emilsdóttir og Þórhallur Gunnarsson.

**21.40 Án skilyrða** *(No Strings Attached)* Ungur maður og kona ætla að halda sambandi sínu einungis líkamlegu en svo flækjast málin. Natalie Portman, Ashton Kutcher og Kevin Kline fara með aðalhlutverkin. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.30 Lewis – Vetrarmegn** *(2:4) (Lewis: The Dead of Winter)* Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi í Oxford glímir við dularfullt sakamál.

**01.00 Næturflugið** *(Red Eye)* Konu er rænt í flugvél og hún þvinguð til að hjálpa til við að koma stjórnmálamanni fyrir kattarnef. Meðal leikenda eru Rachel McAdams og Brian Cox. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**12.15 Post Grad**

**13.45 The Muppets**

**15.25 Johnny English Reborn**

**17.05 Post Grad**

**18.35 The Muppets**

**20.15 Johnny English Reborn**

**22.00 The Sunset Limited**

**23.30 Season Of The Witch**

**02.50 The Sunset Limited**

**04.20 Season Of The Witch**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Malcolm In the Middle** *(15:22)*

**08.30 Ellen** *(82:170)*

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** *(69:175)*

**10.15 Til Death** *(10:18)*

**10.40 Masterchef USA** *(13:20)*

**11.25 Two and a Half Men** *(7:16)*

**11.50 The Kennedys** *(7:8)*

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Frasier** *(12:24)*

**13.25 Run Fatboy Run**

**15.05 Sorry I've Got No Head**

**15.35 Barnatími Stöðvar 2**

**16.50 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen** *(83:170)*

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(21:22)*

**19.45 Týnda kynslóðin** *(19:24)* T

**20.10 MasterChef Ísland** *(6:9)* Frábærir þættir þar sem íslenskir áhugakokkar fá að reyna fyrir sér í matargerð og einn stendur uppi sem sigurvegari, einni milljón króna ríkari og með nafnbótina fyrsti meistarakokkur Íslands. Í dómnefnd eru Friðrika Hjördís Geirsdóttir, Ólafur Örn Ólafsson og Eyþór Rúnarsson.

**21.00 American Idol** *(3:40)*

**22.25 Two Lovers** Dramatísk og rómantísk mynd um Leonard Kraditor sem er lánlaus ungur maður. Hann hittir svo tvær heillandi en ólíkar konur og þarf að finna út hvað hann vill. Með aðalhlutverk fara Joaquin Phoenix, Gwyneth Paltrow og Vinessa Shaw.

**00.15 Rendition**

**02.15 Angel and the Bad Man**

**03.45 Hero Wanted**

**05.15 Simpson-fjölskyldan** *(21:22)*

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.00 Spænsku mörkin**

**17.35 FA bikarinn - upphitun**

**18.05 HM í handbolta: Spánn - Slóvenía** BEINT frá leik í undanúrslitum.

**19.45 La Liga Report**

**20.20 HM í handbolta: Danmörk - Króatía** BEINT frá leik í undanúrslitum.

**22.00 Þorsteinn J. og gestir**

**22.45 HM í handbolta: Spánn - Slóvenía**

**00.05 HM í handbolta: Danmörk - Króatía**

**01.25 Þorsteinn J. og gestir**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.55 Sunnudagsmessan**

**17.10 Liverpool - Norwich**

**18.50 Man. City - Fulham**

**20.30 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar.

**21.00 PL Classic Matches: Chelsea - Man Utd, 1999**

**21.30 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.

**22.00 Newcastle - Reading**

**23.40 Tottenham - Man. Utd.**

## 2 krakkar

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**

**07.20 Áfram Diego, áfram!**

**07.45 Waybuloo**

**08.30 Svampur Sveinsson**

**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.10 Elías**

**09.20 Strumparnir**

**09.45 Ofurhundurinn Krypto**

**10.10 Lukku-Láki**

**10.35 Histeria!**

**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

**17.05 Maularinn**

**17.25 Ofurhetjusérsveitin**

**17.50 M.I. High**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(9:22)* Eftir að Marge er rænd í verslunarferð þjáist hún af mikilli víðáttufælni og flytur loks í kjallarann. Þannig er ástandið þar til hún ákveður að snúa vörn í sókn.

**17.25 Íslenski listinn**

**17.50 Sjáðu**

**18.15 Gossip Girl** *(8:22)*

**19.00 Friends** Monica og Chandler eru á nálum við að undirbúa heimsókn frá ættleiðingaskrifstofunni.

**19.20 How I Met Your Mother** *(22:24)*

**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(23:23)* Simpson-fjölskyldan er á faraldsfæti í þætti kvöldsins eftir að hafa lært að spara peninga á námskeiði. Fjölskyldan skellir sér til Tókýó fyrir peningana sem spöruðust en að venju koma upp ýmis vandamál.

**20.10 The Glee Project** *(1:12)* Hæfileikaríkt ungt fólk keppir um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.

**20.55 Hellcats** *(1:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra.

**21.40 Pretty Little Liars** *(24:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir leyndarmáli.

**22.25 Sons of Anarchy** *(10:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjóklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur.

**23.20 The Glee Project** *(1:12)*

**00.05 Hellcats** *(1:22)*

**00.50 Pretty Little Liars** *(24:25)*

**01.35 Sons of Anarchy** *(10:13)*

**02.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.20 Doctors** *(121:175)*

**19.05 Ellen** *(83:170)*

**19.50 Það var lagið**

**20.50 Poirot - Cards on the Table**

**22.25 American Idol** *(4:40)*

**23.40 Það var lagið**

**00.40 Poirot - Cards on the Table**

**02.45 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray**

**08.45 Dr. Phil**

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.50 Top Chef** *(7:15)*

**16.35 Rachael Ray**

**17.20 Dr. Phil**

**18.00 Survivor** *(12:15) (e)*

**18.50 Running Wilde** *(10:13)*

**19.15 Solsidan** *(10:10)*

**19.40 Family Guy** *(4:16)*

**20.05 America's Funniest Home Videos** *(45:48)*

**20.30 The Biggest Loser** *(4:14)*

**22.00 HA?** *(3:12)* Spurninga- og skemmtiþáttur þar sem Jói G. er gestgjafi, Sóli Hólm og Gunnar Sigurðsson á Völlum sjá um svörin og Stefán Pálsson semur hinar sérkennilegu spurningar.

**22.50 Down River** Fjörug heimildarmynd um flottustu spennusenurnar í Bond-myndunum með sérstaka áherslu á lokaatriðið í The World is Not Enough.

**23.15 Boyz n' the Hood** Það er ekki tekið út með sældinni að alast upp í Compton í Los Angeles. Myndin fjallar um strákana í hverfinu sem flestir eiga eftir að komast í kast við lögin. Aðalhlutverk eru í höndum Ice Cube og Cuba Gooding Jr.

**01.10 Excused**

**01.35 House** *(19:23) (e)*

**02.25 Last Resort** *(9:13) (e)*

**03.15 Combat Hospital** *(5:13) (e)*

**04.05 CSI** *(13:23) (e)*

**04.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.30** Farmers Insurance Open **2013** *(1:4)* **09.30** Qatar Masters *(1:2)* **13.30** Farmers Insurance Open **2013** *(1:4)* **16.30** Qatar Masters *(1:2)* **19.30** Inside the PGA Tour *(4:47)* **20.00** Farmers Insurance Open **2013** *(2:4)* **00.00** Qatar Masters *(1:2)* **02.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Gestagangur hjá Eandver **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# Útsala í Betra Baki!

25% afsláttur af Chiro Collection heilsudýnum



**Chiro Deluxe dýna** (aukahlutir á mynd botn og lappir)
Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.205 • 180x200 cm. Verð nú kr. 162.000,-

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl

## Vandaðir hægindastólar

20% afsláttur



**Verðdæmi**
**LEVANTO**
hægindastóll
með skemli
**Kr. 111.840**
Verð kr. 139.800

Til í svörtu, hvítu
og rauðu leðri.

## Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-45% afsláttur



HOLLANDIA
**stillanlegt að þínum þörfum!**

## Sængurver í sérflokki !

20% afsláttur



JOOP! elegante bruno banani

30%
afsláttur



McGREGOR
ESTABLISHED NEW YORK 1921
**Úrval af baðsloppum – allar stærðir – fyrir dömur og herra**

## Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur
Útsöluverð **kr. 8.950**
Verð kr. 17.900

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar **25% afsláttur**

## Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200
**kr. 33.162**
Verð kr. 47.375



TEMPRAKON

## Vandaðar C&J heilsudýnur!

25% afsláttur

**Verðdæmi**

**C&J** Platinum heilsurúm

| Dýna botn og lappir | TILBOÐ | |
|---|---|---|
| 160x200 – kr. 173.900 | 129.900 | |
| 160x200 – kr. 112.773 | 84.500 | (Bara dýna) |
| 180x200 – kr. 189.900 | 139.900 | |
| 180x200 – kr. 124.170 | 93.100 | (Bara dýna) |

**C&J** Gold heilsudýna

| Dýna botn og lappir | TILBOÐ | |
|---|---|---|
| 160x200 – kr. 199.900 | 149.925 | |
| 160x200 – kr. 139.679 | 104.760 | (Bara dýna) |
| 180x200 – kr. 219.900 | 164.800 | |
| 180x200 – kr 154.371 | 115.770 | (Bara dýna) |



Charlotte SJulien
Dream your world™

**Frábært verð!**

## Edward svefnsófi

50% afsláttur



**EDWARD** svefnsófi
Afsláttarverð **kr. 104.500**
Verð kr. 209.000

www.betrabak.is

**Betra BAK**
**Leggur grunn að góðum degi**

**betrabak@betrabak.is**
**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Laugardaga frá kl. 11-16**

## Helgin



**„Ég ætla að bjóða nokkrum vinum og fjölskyldumeðlimum heim í kvöld og skála fyrir áfanganum. Svo kíkir maður jafnvel á hverfisbarinn.“**

Gestur Valur Svansson kvikmyndagerðamaður, sem nýverið seldi handrit sitt til Adams Sandler.

# Kjartan Sveinsson er hættur í Sigur Rós

Hljómsveitin Sigur Rós breytist í tríó. Verið er að leggja lokahönd á nýja plötu sem kemur út á þessu ári.

Hljómborðsleikarinn Kjartan Sveinsson er hættur í hljómsveitinni Sigur Rós eftir að hafa verið meðlimur hennar í fimmtán ár. Fréttablaðið fékk þetta staðfest úr herbúðum sveitarinnar í gær.

Sigur Rós verður framvegis þriggja manna hljómsveit, skipuð stofnmeðlimunum Jóni Þóri Birgissyni og Georg Holm, og Orra Páli Dýrasyni. Enginn liðsmaður verður fenginn í stað Kjartans, nema á tónleikaferðum. Sigur Rós er á síðustu metrunum að klára nýja plötu sem er væntanleg síðar á þessu ári. Upptökur hófust hér á landi í fyrra en hafa staðið yfir í Los Angeles að undanförnu, án aðkomu Kjartans.

Brotthvarf hans hefur legið í loftinu í nokkurn tíma. Þrátt fyrir að hafa spilað inn á síðustu plötu Sigur Rósar, Valtari, tók Kjartan ekki þátt í tónleikaferð um heiminn til að fylgja henni eftir.

Samningur Sigur Rósar við stórfyrirtækið EMI, sem hefur gefið út síðustu plötur sveitarinnar í Evrópu og í Asíu, rann út eftir útgáfu Valtara. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vildi Kjartan virða samninginn við EMI áður en hann hyrfi á braut.

Kjartan vildi ekki ræða við Fréttablaðið um brotthvarf sitt. Hann ætlar að halda áfram að semja kvikmyndatónlist og starfa sem upptökustjóri, auk þess sem hann er eigandi hljóðversins Sundlaugarinnar ásamt Birgi Jóni Birgissyni.

- fb



**HÆTTUR** Kjartan Sveinsson (lengst til vinstri) ásamt fyrrum félögum sínum í Sigur Rós. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# John Grant heldur útgáfutónleika í Hörpu

Sena gefur út plötuna Pale Green Ghosts 11. mars.

Sena gefur út aðra sólóplötu Johns Grant, Pale Green Ghosts, þann 11. mars. Blásið verður til útgáfutónleika á vegum Senu í Silfurbergi í Hörpu laugardaginn 16. mars.

Fyrsta plata Grants, Queen of Denmark, vakti mikla athygli víða um heim og var meðal annars valin plata ársins 2010 af tónlistartímaritinu MOJO. Grant lék á Airwaves-hátíðinni árið 2011 og féll svo fyrir landi og þjóð í kjölfarið að hann hefur verið búsettur hérlendis síðustu misseri og er nýja platan tekin upp hér. Til þess fékk hann til liðs við sig íslenska tónlistarmenn, meðal annarra Birgi Þórarinsson (Bigga veiru), Óskar Guðjónsson saxófónleikara, Guðmund Pétursson, Smára Tarf og Pétur Hallgrímsson gítarleikara, Jakob Smára Magnússon bassaleikara og fleiri.

Að auki leggur Sinead O'Connor til bakraddasöng.



**JOHN GRANT** Er búsettur hér á landi.



**TIL ÍSLANDS** Ben Bridwell og félagar í Band of Horses spila í Eldborg í Hörpu í sumar. Daniel Johnston spilar í Fríkirkjunni átta dögum fyrr. NORDICPHOTOS/GETTY




# Band of Horses og Johnston til Íslands

Bandaríska hljómsveitin Band of Horses spilar í Eldborg í Hörpu 11. júní. Tónlistarmaðurinn sérstæði Daniel Johnston kemur fram 3. júní í Fríkirkjunni.

„Þetta verða frábærir tónleikar, ég hef enga trú á öðru,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson. Bandaríska hljómsveitin Band of Horses spilar í Eldborgarsalnum í Hörpu 11. júní. Þetta verða fyrstu tónleikar sveitarinnar á Íslandi en hún nýtur mikilla vinsælda víða um heim. Band of Horses kemur frá Seattle og spilar þjóðlagaskotið indírokk. Hún hefur gefið út fjórar plötur og kom sú síðasta út í fyrra, Mirage Rock. Vinsælasta plata sveitarinnar er Infinite Arms frá 2010. Hún var tilnefnd til Grammy-verðlaunanna, auk þess sem hún komst á lista margra gagnrýnenda yfir bestu plötur ársins. Þekktustu lög hljómsveitarinnar eru No One´s Gonna Love You, Is There A Ghost og The Funeral. Hljómsveitin var stofnuð 2004 og hefur verið dugleg við tónleikahald síðan þá. Tónleikarnir á Íslandi verða þeir fyrstu í Evróputúr þar sem þeir félagar spila á hinum ýmsu tónlistarhátíðum. „Í upphafi vildu þeir fá mun hærri upphæð en ég gat boðið þeim. Svo fékk ég tölvupóst um að þeir væru til í að koma til Íslands ef þeir fengju að koma deginum áður og vera í tvær nætur í staðinn fyrir þrjár, þannig að þeir fá einn frídag á Íslandi,“ segir Guðbjartur. Miðasala á tónleikana hefst 7. febrúar á Midi.is, Harpa.is og í síma 528-5050.

Daniel Johnston frá Texas í Bandaríkjunum er einnig á leiðinni til Íslands í sumar. Hann spilar í Fríkirkjunni 3. júní. Hann spilar huggulega indítónlist með ljúfsárum textum og á marga aðdáendur hér á landi. Johnston hefur glímt við geðræn vandamál og er hálfgerður utangarðsmaður í tónlistarbransanum. Heimildarmyndin The Devil and Daniel Johnston, sem var gerð um hann árið 2005, vakti mikla athygli og vann til verðlauna á kvikmyndahátíðum.

Í Fríkirkjunni stígur hann fyrst einn á svið með gítar eða píanó og eftir það spilar hann með hljómsveit. Svavar Knútur hitar upp. Tónleikahaldarinn Ágúst Már Garðarsson hefur unnið að því í tvö ár að fá Johnston til Íslands, eða síðan tveir vinir hans, tónlistarmennirnir Bjössi Biogen og Siggi Ármann, sem voru með geðsjúkdóma, létust með stuttu millibili. „Í jarðarför Bjössa í Fríkirkjunni ákvað ég að gera allt sem ég gæti til að fá þennan listamann til landsins til að heiðra minningu þeirra,“ segir Ágúst Már. „Mig langaði að flytja þennan mikla meistara inn og auka þar með enn á umtal um geðsjúkdóma og fræðslu til að útrýma fordómum og hræðslu.“

Ágúst Már kynntist tónlist Johnstons fyrir fimm árum, sá heimildarmyndina, og eftir það varð ekki aftur snúið. „Þessi mynd er einstök og ég heillaðist af þessari sögu um þennan utangarðsmann. Hann er ekki venjulegur maður og er þess vegna goðsagnakenndari fyrir vikið.“



freyr@frettabladid.is

## Cobain vakti athygli á Daniel Johnston

Áhugi á Daniel Johnston jókst mikið í byrjun tíunda áratugarins þegar Kurt Cobain úr Nirvana klæddist ítrekað bol með mynd af fyrstu plötu Johnstons, „Hi. How Are You?“. Það var tónlistarblaðamaðurinn Everett True sem gaf honum bolinn. Johnston dvaldi á geðsjúkrahúsi á þessum tíma en þrátt fyrir það fór hvert plötufyrirtækið á fætur öðru að bjóða honum samning. Hann neitaði margra platna samningi við Elektra Records vegna þess að Metallica var á mála hjá fyrirtækinu og taldi Johnston að rokksveitin væri haldin illum anda og myndi meiða hann.



CHEVROLET

# CRUZE 2013

Chevrolet Cruze 1.7 dísel ▪ Eyðsla 4,5 l / 100 km



Chevrolet Cruze 5 dyra




Chevrolet Cruze 4 dyra

## Glæsilegur Cruze með staðalbúnaði sem setur ný viðmið

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar.

### Hluti af staðalbúnaði í Chevrolet Cruze 4 dyra:

- My Link upplýsingakerfi NÝTT
- Bakkmyndavél NÝTT
- Lyklalaust aðgengi og ræsihnappur NÝTT
- Útvarpsstillingar í stýri
- Tengi fyrir MP3 spilara
- Hiti í framsætum
- Bluetooth tenging við farsíma NÝTT
- Hiti í afturrúðu og speglum
- Hraðastillir (Cruse Control)
- Aksturstölva
- Regnskynjari í rúðuþurrkum
- 7" snertiskjár NÝTT
- Rafmagn í speglum
- Heimreiðarljós
- Start/stop búnaður (1.7 dísel) NÝTT
- ESP skriðvörn
- ISO-fix barnabílstólafestingar
- Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu

### Verðdæmi:

| | |
|---|---|
| Chevrolet Cruze LTZ 1.8 ▪ bensín ▪ bsk | **Verð: 3.490 þús. kr.** |
| Chevrolet Cruze LTZ 1.7 ▪ dísel ▪ bsk | **Verð: 4.190 þús. kr.** FRÍTT Í STÆÐI |
| Chevrolet Cruze LTZ 2.0 ▪ dísel ▪ ssk | **Verð: 4.490 þús. kr.** |









**Kynntu þér meira af Cruze**
**Komdu í kaffi og reynsluakstur**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 ▪ 590 2000 | Njarðarbraut 9 ▪ Reykjanesbæ ▪ 420 3330 | Bílaríki ▪ Glerárgötu 36 Akureyri ▪ 461 3636 | www.benni.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Músíktilraunir í Hörpu

Músíktilraunir 2013 verða haldnar í Silfurbergi í Hörpu þetta árið. Þetta verður í fyrsta sinn sem tilraunirnar verða haldnar í Hörpu en í fyrra fóru þær fram í Austurbæ. Undankeppnin verður frá 17. til 20. mars og úrslitakvöldið verður 23. mars. Einnig hefur heimasíða keppninnar verið sett í gang. Opnað verður fyrir skráningu á Musiktilraunir.is 18. febrúar og lýkur henni 3. mars. **Gunnlaugur Bjarnason** og félagar í Retrobot unnu Músíktilraunir í fyrra. Þar áður bar Samaris sigur úr býtum og árið 2010 var það Of Monsters and Men sem fagnaði sigri.



### Svavar Örn vill stofna nýja hárgreiðslustofu

Hárgreiðslu- og útvarpsmaðurinn **Svavar Örn Svavarsson** hefur löngum verið meðal vinsælli hárgreiðslumanna landsins en hefur einnig haft í nógu öðru að snúast. Nú hefur Svavar sent inn fyrirspurn til borgarinnar um hvort borgin myndi veita leyfi fyrir innréttingu á nýrri hárgreiðslustofu í viðbyggingu við einbýlishús á Sóleyjargötu 5 í miðborginni. Byggingarfulltrúi borgarinnar er jákvæður fyrir framtakinu. Húsið að Sóleyjargötu 5 er í eigu góðrar vinkonu Svavars, Ingibjargar Pálmadóttur, en það hefur verið í útleigu undanfarin ár.

- fb, þeb



## Mest lesið vísir

1 Stúlkubarn slapp naumlega
2 Buðu pólfaranum í mat í Síle
3 Netníðingarnir sem þykjast betri en konur frá Húsavík
4 Karlmenn prófa að „fæða barn"
5 Norðlensku netníðingarnir opna nýja síðu til þess að niðurlægja konur
6 78 ára skólabílstjóri fór í ökuhæfnispróf að eigin frumkvæði





